

20

## Heildstæð á hliðarlínunni

**KRISTÍN SOFFÍA ÞORSTEINSDÓTTIR ER KONAN VIÐ HLIÐ EINS ÁSTSÆLASTA ÍÞRÓTTAMANNA ÞJÓÐARINNAR.**



24

## LÚKASARGUÐSPJALL

Hlín Agnarsdóttir leikstjóri og Haraldur Ólafsson veðurfræðingur ræða peningaplokk og kókdrykkju.


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. júlí 2007 — 196. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Söngur hvala nýttur til stofnstærðarmats

**Sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar telur ástand hvalastofna gott. Umfangsmestu hvalatalningu allra tíma er að ljúka. Verkefnið er fjölþjóðlegt og nær yfir 1.600 þúsund fermílur. Hljóðupptökur eru nýttar við talninguna.**

**UMHVERFISMÁL** Umfangsmestu hvalatalningu sögunnar er að ljúka. Hafrannsóknastofnun annast talningu á víðáttumiklu svæði í kringum Ísland sem 29 manns af átta þjóðernum taka beinan þátt í á sjó og úr lofti. Sú nýjung er tekin upp í íslensku talningunni að hvalahljóð eru hljóðrituð til að meta stærð stofna af aukinni nákvæmni. Sérfræðingur stofnunarinnar telur líklegt að langreyðarstofninn sé nálægt sögulegu hámarki.

Verkefni Hafrannsóknastofnunar er hið fimmta á tuttugu ára tímabili og er í náinni samvinnu við Færeyinga og Norðmenn. Að þessu sinni taka Grænlendingar, Kanadamenn og Rússar einnig þátt. Talningin nú er samræmd talningu við austurströnd Bandaríkjanna og vesturströnd meginlands Evrópu og er því um að ræða langstærsta átak í talningu á hval sem nokkurn tíma hefur verið tekist á við.

Gísli A. Víkingsson, hvalasérfræðingur á Hafrannsóknastofnun, er um borð í rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni sem er statt á Grænlandshafi, djúpt suðvestur af Íslandi. „Við leggjum áherslu á að telja langreyði og okkar tilfinning er sú að stofninn sé nálægt sögulegu hámarki.“

Í talningunni að þessu sinni er tekin upp sú nýjung að hvalahljóð eru hljóðrituð samhliða. Þess er vænst að hljóðupptökurnar gefi betri upplýsingar um þéttleika ýmissa hvalategunda sem illa sjást með berum augum. Þetta á sérstaklega við um smáhveli og stærri hvali sem kafa djúpt og lengi, til dæmis búrhval og ýmsar tegundir svínhvala. Bundnar eru vonir við að þessi nýja tækni leiði til fyrsta raunhæfa mats á fjölda búrhvala á svæðinu. **- shá / sjá síðu 4**



NORDIC PHOTOS/GETTY

**ANDSPYRNUHETJU FAGNAÐ** Margir Pakistanar fögnuðu í gær eftir að hæstiréttur landsins skipaði dómarann Iftikhar Chaudry aftur í embætti hæstaréttardómara. Chaudry er orðinn tákn andspyrnu við Musharraf forseta landsins, sem rak hann úr embættinu.

### Atferlisráðgjafi telur nauðsynlegt að fanga hundinn sem fyrst:

# Lúkas lifir ekki veturinn af

**DÝR** „Svona hundur lifir ekki veturinn af nema hann sé innandyra,“ segir Björn Styrmir Árnason hundaatferlisráðgjafi.

„Tegundin er hárlaus og hefur enga vörn gegn kulda og bleytu. Svo hefur hún verið ræktuð þannig gegnum árin að hún hefur misst náttúrulega hæfni sína til að bjarga sér,“ segir hann.

Lúkas leggi sér því líklega til munns hvað eina sem að kjafti kemur, jafnvel rusl og skít. Þá sé ekki lengi að bíða ormasýkinga.

Hundsins hefur verið saknað síðan við maílok. Hann var sagður hafa verið drepinn á Akureyri um miðjan júní. Eigandi hans sá síðan til hans um síðustu helgi í Hlíðarfjalli, en hundurinn forðast mennina sem heitan eldinn.

Björn telur hundinn hafa orðið fyrir miklu sálrænu áfalli, fyrst hann haldi sig svo langt frá mannfólki. „Þegar hungrið sverfur að hjá þeim þá er það yfirleitt það fyrsta sem þeir gera að sækja til manna eftir öryggi og mat og hlýju,“ segir hann.

Þessi mikla fælni Lúkasar bendir til þess að eina úrræðið sé að fanga hann. „Fyrst hann er svona fráhverfur er ekki hægt að hefja endurhæfingu nema maður viti hvar hann er og geti gefið sér góðan tíma til að komast í námunda við hann. Þetta er nánast eins og að eiga við villt dýr, það þarf að yfirbuga óttann.“ **- kóþ**


NÝTT 2007

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Af hverju að borga meira?



Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega *sett saman.*

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

ORMSSON ÁRVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160

ORMSSON RADIONAUST, AKUREYRI · SÍMI 461 5003


## LAUGARDAGUR

### Hark að vera ljóðskáld



Þórdís Björnsdóttir var að gefa út sína þriðju ljóðabók. Fyrsta skáldsagan er í smíðum.

**MENNING 31**

### Aftur í guðfræðina



Davíð Þór Jónsson ætlar að setjast á skólabekk í haust og verður því ekki dómari í Gettu betur.

**FÓLK 42**

### Með félagana á snekkju

Eiður Smári Guðjohnsen bauð Sveppa og Audda í lúxussiglingu á snekkju Romans Abramovich.

**FÓLK 42**

### Naumt tap gegn Dönum



Íslenska 19 ára landslið kvenna í fótbolta tapaði 1-2 fyrir Dönum í öðrum leik sínum á Evrópumótinu sem fram fer hér á landi.

**ÍÞRÓTTIR 38**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hægviðri eða hafgola. Skýjað með köflum austan til annars fremur skýjað og stöku skúrir á stangli, einkum síðdegis. Hiti 12-20 stig, hlýjast fyrir austan og til landsins.

**VEÐUR 4**






**RADDBÖNDIN ÞANIN** Bjarni Ármannsson sló í gegn í eigin kveðjuhófi þegar hann söng fjögur lög með Stuðmönnum.

### Kveðjuhóf hjá Glitni:

# Bjarni Ármanns söng sitt síðasta

**FÓLK** Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, gerði sér lítið fyrir, fór upp á svið og söng fjögur lög með Stuðmönnum í eigin kveðjuhófi sem fram fór á Kjarvalsstöðum í fyrradag. „Ég vildi syngja mitt síðasta með Glitni,“ segir Bjarni sem fékk óvenjulega kveðjugjöf frá samstarfsmönnum sínum. „Ég fékk kerru, vinnugalla, skóflu og tré. Þetta fer ég með í sumarbústaðinn í Skorradal á næstunni,“ segir hann og bætir við: „Það fór aldrei svo að maður yrði ekki skilinn eftir með verkefni og verkfæri. Þetta var akkúrat það sem mig vantaði.“

**- sók / sjá síðu 34**

### Utanríkisráðherra í Palestínu:

# Flóttamenn fá tvöfalt meira

**PALESTÍNA, FRÉTTABLAÐIÐ** Framlag Íslendinga til flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Palestínu (UNRWA) verður tvöfaldað á næsta ári.

Þetta þýðir að íslenska ríkið greiðir 28 milljónir til hennar.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tilkynnti þetta á hádegisverðarfundi sem framkvæmdastjóri UNRWA, Karen Koning AbuZayd, bauð henni til í gær. Jafnframt sagði Ingibjörg að íslenska ríkið myndi leggja fram fé til kvennamiðstöðvar palestínsku flóttamannabúðanna í Shufak.

Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, tvöfaldaði einnig framlag ríkisins til flóttamannahjálparinnar þegar AbuZaid kom í heimsókn til Íslands í mars síðastliðnum.

Ferðinni til Palestínu og Ísraels er nú lokið og liggur leið ráðherrans þá til Jórdaníu. **- aa**

## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, er komin álbræðsla í Fossvoginn?*

„Nei, en við fengum ókeypis álsoðningu frá Orkuveitunni.“

Tugir heilsoðinna ála fundust í Fossvogslæk á dögunum eftir að heitavatnslögn Orkuveitu Reykjavíkur gaf sig og sjóðheitt vatn streymdi út. Gunnar I. Birgisson er bæjarstjóri í Kópavogi.

Ráðgjafar Rannsóknarnefndar flugslysa í Frakklandi komnir til landsins:

# Rannsaka flotið og hreyflana

**SLYS** Ráðgjafar á vegum Rannsóknarnefndar flugslysa í Frakklandi komu til landsins í gær til að liðsinna við rannsókn á flaki þyrlunnar TF-SIF, sem er franskrar gerðar. Um er að ræða sérfræðing frá framleiðenda flotholtanna sem þyrlan var útbúin og frá hreyflaframleiðandanum TurboMeca.

Bragi Baldursson, aðstoðarforstöðumaður RNF, segir að rannsóknin beinist að hreyflum og kerfum vélarinnar. Ekki er búið að einangra ástæðu þess að vélin missti afl, með þeim afleiðingum að hún þurfti að nauðlenda. Rannsókn á hljóðrita vélarinnar stendur yfir en niðurstöðu er að vænta í næstu viku.



**TF-SIF HÍFÐ** Rannsókn á ástæðum þess að þyrlan missti afl beinist að hreyflum vélarinnar. Sérfræðingar frá framleiðanda eru komnir til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landhelgisgæslan bauð björgunarmönnunum á Einari Sigurjónssyni, björgunarskipi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, til grillveislu á fimmtudagskvöld, í þakklætisskyni fyrir björgun áhafnar TF-SIF og gott samstarf í gegnum tíðina. Mikil eftirsjá er að þyrlunni, sem hefur frá árinu 2000 farið í 365 útköll, flutt og bjargað 225 manns og flogið samtals 440 klukkustundir við leitar-, björgunar- og sjúkraflug. Áhöfnin á TF-SIF fór sína fyrstu flugferð eftir slysið í gær á TF-EIR, en þyrlurnar eru sömu tegundar. **- shá**

Fyrsti fundur eftir breytingar:

# Ný stjórn Hitaveitu Suðurnesja

**ORKUMÁL Ný stjórn Hitaveitu Suðurnesja var skipuð á fyrsta stjórnarfundi fyrirtækisins eftir eignarhaldsbreytingu í gær.**

**Fjórar breytingar urðu á stjórninni; Ásgeir Margeirsson og Jón Sigurðsson eru fulltrúar Geysis Green Energy, Guðbrandur Einarsson kemur inn fyrir Björn H. Guðbjörnsson sem fulltrúi Reykjanesbæjar og Harpa Gunnarsdóttir fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Auk þeirra sitja áfram Björk Guðjónsdóttir og Árni Sigfússon, stjórnarformaður, fyrir Reykjanesbæ og Gunnar Svavarsson sem fulltrúi Hafnarfjarðar. - sþs**

Ungir skemmdarvargar:

# Brutu ljós og köstuðu grjóti

**LÖGREGLUMÁL** Þrír ungir drengir unnu skemmdarverk á byggingasvæði á höfuðborgarsvæðinu á fimmtudag. Höfðu þeir brotið ljós í vinnutæki og við kaffiskúr og kastað grjóti í rúður svo að sprungur mynduðust. Þá höfðu drengirnir skvett málningu á íbúðarhús í nágrenninu auk þess sem krotað hafði verið á veggi.

Að sögn lögreglu vaknaði fljótt grunur um hvaða drengi var að ræða, en þeir eru allir á barnaskólaaldri. Mál drengjanna þriggja verður sent barnaverndarnefnd. **- þeb**



**GEORGE W. BUSH** Undirritaði nýjar reglur um yfirheyrslur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush Bandaríkjaforseti:

# Nýjar reglur um yfirheyrslur

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti undirritaði í gær nýjar reglur um yfirheyrslur grunaðra hryðjuverkamanna. Samkvæmt nýju reglunum er bannað að beita grimmilegum eða ómannúðlegum yfirheyrsluaðferðum, niðurlægja fanga eða misbjóða trú þeirra.

Bandaríkjamenn hafa sætt harðri gagnrýni fyrir að beita harkalegum yfirheyrsluaðferðum á fanga sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum. Bush hefur hins vegar þráfaldlega neitað því að þessar umdeildu yfirheyrsluaðferðir geti talist pyntingar.

Hann vildi þó ekki útskýra nákvæmlega hvaða aðferðir væru nú bannaðar, né heldur hvað væri leyfilegt. **- gb**

# Grunnvatnsmarflær frumbyggjar Íslands

**Íslenskir vísindamenn fundu tvær nýjar tegundir marflóa sem virðast hafa verið hér á landi lengst allra lífvera. Eru einu dýrin stærri en bakteríur sem lifðu af undir íshellu síðustu ísaldar. Jarðhiti í grunnvatninu varð marflónum til lífs.**

**NÁTTÚRA** Tvær tegundir marflóa sem lifa í grunnvatni hafa lifað hér á landi lengst allra dýrategunda sem vitað er um. Þetta eru jafnframt einu lífverurnar sem finnast hérlendis en hvergi annars staðar í heiminum, en þær virðast aðallega lifa í uppsprettum og neðanjarðarlindum.

Þeir Bjarni K. Kristjánsson, dósent í þróunarvistfræði við Hólaskóla, og Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands, skrifuðu grein um þessa elstu frumbyggja landsis sem mun birtast í ágústhefti hins virta vísindarits American Naturalist.

Bjarni fann fyrri tegundina í Þingvallavatni árið 1998. Hún fékk latneska heitið Crymostygius thingvallensis, og er því nefnd eftir fundarstaðnum. Síðari tegundin fannst nokkru síðar, árið 2001, einnig í Þingvallavatni.

„Ég rannsaka aðallega fiska og var að leita að hornsílum, en fann þessi kvikindi fyrir tilviljun,“ segir Bjarni. Tilviljunin hefur svo heldur betur undið upp á sig.

„Þarna erum við að sjá lífverur sem eru að kalla má innlendar, sem finnast bara hér á landi, en á Íslandi eru engar aðrar innlendar lífverur,“ segir Bjarni.

Það sem þykir þó merkilegra en það er að þarna er um nýja ætt marflóa að ræða, sem hefur líklega tekið milljónir ára til að þróast frá næsta ættingja. Bjarni segir þar skjóta skökku við þar sem áður hafi verið talið að síðasta ísöld hefði útrýmt öllum lífverum stærri en bakteríum hér á landi fyrir tíu þúsund árum.



**Á VEIÐUM** Bjarni K. Kristjánsson fann tvær tegundir marflóa í Þingvallavatni sem finnast hvergi utan Íslands.



**MARFLÓ** Vísindamenn fundu grunnvatnsmarfló sem fékk latneska heitið Crymostygius thingvallensis árið 1998, en nú er ljóst að hún og önnur marfló sömu ættar eru þær lífverur sem lengst hafa búið hér á landi. MYND/ÞORKELL HEIÐARSSON

Nú hafa Bjarni og Jörundur sett fram þá kenningu að skýringar á þessu séu þær að marflærnar hafi lifað ísöldina af. Tegundin gæti mögulega verið um 40 milljón ára gömul, frá þeim jarðsögulega tíma þegar grunnvatn frá Grænlandi blandaðist síðast grunnvatni sem svo barst til Íslands.

Sé kenning íslensku vísindamannanna rétt hafa þeir fyrstir manna sýnt fram á að lífverur stærri en bakteríur hafi lifað af undir jökulhellu ísaldarinnar. Bjarni segir það líklega tengjast jarðhitanum, þessir íslensku frumbyggjar hafi væntanlega lifað af í grunnvatninu vegna hitainnstreymis neðanjarðar.

Bjarni telur nær útilokað að marflærnar hafi borist hingað eftir ísöldina. Tegundin hafi hvergi annars staðar fundist, lifi aðeins í ferskvatni, dreifi afar hægt úr sér, og geti ekki borist lifandi með fuglum. Tíminn sem liðinn sé frá ísöldinni sé einnig of skammur til þess að ný ætt lífvera þróist. brjann@frettabladid.is



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Ráðherrann býr sig undir átökin.

Skákmót á Litla-Hrauni:

# Fangarnir betri en ráðherra

**SKÁK** Skákmót var haldið á Litla-Hrauni í gær þar sem gestir öttu kappi við heimamenn. Sautján keppendur voru á mótinu og meðal gesta var Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. „Þetta var stórskemmtilegt mót þar sem voru margir mjög sterkir skákmenn. Flestir þeirra voru mun færari en ég,“ sagði Björgvin. „Þetta var annað skákmótið mitt á Litla-Hrauni og ég hlakka til að koma næst.“ Mótin á Litla-Hrauni hófu göngu sína árið 2004. Þau eru haldin hálfsmánaðarlega og hafa tugir heimamanna tekið þátt auk fjölda gesta. Heimamenn hafa stofnað taflfélag á Litla-Hrauni og ber það nafnið Frelsinginn. **- pal**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Óheppinn þjófur

Þó nokkrum farsímum var stolið úr fyrirtæki við ofanverðan Laugaveg aðfaranótt föstudags. Vildi þó ekki betur til en svo að farsímarnir voru óvirkar eftirlíkingar. Myndir af þjófnum náðust á eftirlitsmyndavélar.

## SUÐURLAND

### Hlaupandi hross

Nokkrir ökumenn voru nálægt því að keyra á stóran hóp hrossa á Suðurlandsvegi á Hellisheiði aðfaranótt föstudags. Hrossin voru um 50 til 60 talsins. Ekki er vitað hvaðan þau komu né hver á þau.





*MS drykkjarvörur í ferðalagið*

*MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.*


Utanvegaakstur hefur verið viðvarandi vandamál í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli:

# Spóla í hringi utan vega

**NÁTTÚRA** Utanvegaakstur er viðvarandi vandamál í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, og dæmi um spjöll sem unnin eru af ásetningi. Þjóðgarðsvörður biðlar til ökumanna að aka ekki utan vega.

Fram kemur í tilkynningu frá þjóðgarðinum að mörg sár hafi myndast eftir utanvegaakstur í sumar, og þau grói seint. Í sumum tilvikum sé ef til vill hugsunarleysi eða ónógum merkingum um að kenna. Fyrirhugað sé að bæta merkingar í tengslum við vegagerð fyrir Snæfellsjökul, en lagning slitlags standi nú yfir. Framkvæmdum eigi að ljúka árið 2009.

Merkingum hefur verið bætt við í sumar til að loka slóðum sem ekki má aka vegna gróðurverndar, segir í tilkynningunni. Dæmi séu um að þessir staurar séu sparkaðir niður og spjöll unnin í nágrenninu með hringspóli, og verði ekki annað séð en að um ásetning til að vinna spjöll sé að ræða.

Það eru einkum ökumenn bifreiða sem valdið hafa spjöllum í sumar, en það heyrir til undantekninga að skemmdir séu vegna aksturs bifhjóla og fjórhjóla. **- bj**



**HJÓLFÖR** Gróður er víða illa farinn eftir utanvegaakstur í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. MYND/GUÐRÚN LÁRA PÁLMADÓTTIR

Developed with

Shell

# V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Made to move

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

## GENGIÐ 20.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,29 | 59,57 |
| Sterlingspund | 121,63 | 122,23 |
| Evra | 81,73 | 82,19 |
| Dönsk króna | 10,982 | 11,046 |
| Norsk króna | 10,343 | 10,403 |
| Sænsk króna | 8,911 | 8,963 |
| Japanskt jen | 0,4843 | 0,4871 |
| SDR | 90,84 | 91,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

110,7191

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gordon Brown heimsótti Nicolas Sarkozy:

# Ætla að vinna náið saman

**FRAKKLAND, AP** Þeir Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti stefna að nánni samvinnu á næstu árum. Þeir ætla meðal annars að stilla saman strengi sína gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Sömuleiðis ætla þeir að vinna saman að lausn á hörmungum íbúanna í hinu stríðshrjáða Darfúrhéraði í Súdan.

„Við Gordon Brown höfum báðir vilja til þess að vinna saman að öllum þeim málefnum sem við ræddum um, styrkja tengsl Bretlands og Frakklands og taka sameiginlega frumkvæði í málum," sagði Sarkozy að loknum fundi þeirra í París í gær.



**SARKOZY OG BROWN** Höfðu ýmislegt að segja hvor öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy segir að þeir ræðist við í síma næstum vikulega, og þeir hafa ákveðið að hittast reglulega til þess að bera saman bækur sínar, meðal annars áður en leiðtogafundir Evrópusambandsins eru haldnir.

Á fundi sínum í gær beindu þeir athygli sinni sérstaklega að Darfúrhéraði og hyggjast báðir ferðast þangað í þeirri von að geta hjálpað til við að koma á friði.

Báðir eru þeir Brown og Sarkozy nýteknir við embætti, hvor í sínu landi, en samskipti forvera þeirra, þeirra Tonys Blair og Chacques Chirac, einkenndust oft af misjafnlega djúpstæðum ágreiningi, meðal annars ágreiningi um Íraksstríðið og Evrópusambandið. - gb

Ingvar Helgason ehf.:

# Íhuga að flytja inn etanólbíla

**SAMGÖNGUR Innflutningur á Saab Bio-Power bifreiðum er til athugunar hjá Ingvari Helgasyni ehf. Bílarnir ganga fyrir etanóli og rafmagni og er útblástur koltvíoxíðs 90 prósentum minni en í hefðbundnum bensínvélum. Auk þess bindur hráefnið sem notað er í etanólið koltvíoxíð við ræktun.**

**Saab 9-3 og 9-5 Bio-Power bifreiðarnar hafa náð 38 prósenta markaðshlutdeild í sölu sparsamari bíla í Svíþjóð. Að sögn Lofts Ágústssonar, markaðsstjóra Ingvars Helgasonar, kemur til greina að flytja þá inn, fáist olíufélögin til að selja etanól.** - sgj

Slagsmál í miðbænum:

# Sló, sparkaði og hljóp í burtu

**LÖGREGLUMÁL Maður um tvítugt varð fyrir líkamsárás fyrir ofan veitingastaðinn Sólon í Bankastræti aðfaranótt föstudags.**

**Maðurinn hafði átt í rifrildi við annan inni á veitingastaðnum en svo farið út. Hljóp árásarmaðurinn þá á eftir honum og sló hann í hnakkann svo hann féll í götuna. Lét árásarmaðurinn það ekki nægja heldur sparkaði af afli í höfuð hans og forðaði sér svo á hlaupum.**

**Vitni gátu gefið greinargóða lýsingu á árásarmanninum og náðist hann skömmu síðar. Hann var handtekinn og gisti fangageymslur en var látinn laus síðdegis í gær að loknum yfirheyrslum.** - þeb

Borgarfulltrúi Vinstri grænna:

# Fylgjandi hlutafélagsvæðingu

**VIÐSKIPTI** Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segist ekki andvígur því að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) verði gerður að hlutafélagi. Hann segir aðstæður hafa breyst síðan hann lagðist gegn áformum um að gera SPRON að hlutafélagi fyrir fjórum árum.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

„Ég er sammála því sem Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri hefur sagt um að heilmiklar breytingar hafi orðið í umhverfinu síðan fyrir fjórum árum," segir Árni. „Miðað við þessar aðstæður þá er ég ekki andvígur þessum breytingum." - sþs

# Hvalastofnar taldir í góðu ásigkomulagi

**Tilfinning sérfræðings Hafrannsóknastofnunar er að hvalastofnar séu í góðu ástandi. Stærsta samfellda átaki í hvalatalningu í heiminum er að ljúka. Ný tækni er nýtt til að mæla stofna sem áður var erfitt að telja af nákvæmni.**

**UMHVERFISMÁL** Langstærsta samfellda átaki í hvalatalningu sem nokkurn tíma hefur verið tekist á við í heiminum lýkur í næstu viku. Hafrannsóknastofnun annast talningu á hafsvæðinu í kringum Ísland. Þrjú skip sjá um talningu á djúpmiðum en talningar á landgrunni Íslands eru úr lofti. 29 manns af átta þjóðernum taka beinan þátt í íslensku talningunni. Tilfinning talningamanna er sú að hvalastofnarnir séu í góðu ástandi, eins og fyrri talningar hafa sýnt.

Gísli A. Víkingsson, hvalasérfræðingur á Hafrannsóknastofnun, hefur umsjón með hvalatalningunni um borð í rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni sem er statt á Grænlandshafi, djúpt suðvestur af Íslandi. „Við leggjum áherslu á talningu langreyðar og okkar tilfinning er sú að stofninn sé nálægt sögulegu hámarki." Gísli segir talninguna ekki hafa gengið sem skyldi vegna þoku sem hefur verið þaulsetin á svæðinu. „Við erum þó bjartsýn á að við náum að fara yfir allt talningarsvæðið."




**TALNINGASVÆÐIÐ** Eins og myndin ber með sér er talningasvæðið gríðarlega umfangsmikið. Íslenska svæðið er merkt með bókstafnum I.

Gísli segir að við talninguna að þessu sinni sé tekin upp sú nýjung að hvalahljóð eru hljóðrituð samhliða hefðbundinni talningu. Þess er vænst að hljóðupptökurnar gefi betri upplýsingar um þéttleika ýmissa hvala sem illa sjást með berum augum. Þetta á sérstaklega við um smáhveli og stærri hvali sem kafa djúpt og lengi. Spurður hvort eitthvað hafi komið á óvart í talningunni í ár segir Gísli að nefna megi að tvær höfrungategundir, stökkull og rákahöfrungur, hafi sést mun norðar en menn eiga að venjast.

Hvalatalningin er sú fimmta sem stofnunin stendur að á tuttugu árum en áður voru hvalir taldir árin 1987, 1989, 1995 og 2001. Eins og í fyrri hvalatalningum er unnið í nánni samvinnu við Færeyinga og Norðmenn. Nú eru Grænlendingar, Kanadamenn og Rússar einnig þátttakendur í talningunni, auk þess sem hún er samræmd talningu við austurströnd Bandaríkjanna, og vesturströnd meginlands Evrópu. Talningasvæði Hafrannsóknastofnunar nær frá Jan Mayen í norðri og frá Grænlandi í vestri að landhelgismörkum Noregs í austri.

svavar@frettabladid.is

## MARKMIÐ HVALATALNINGANNA

Markmiðið er að meta stofnstærðir hvala í Norður-Atlantshafi og breytingar á fjölda frá fyrri talningum.

Að kortleggja útbreiðslu mismunandi hvalategunda í norðanverðu N-Atlantshafi að sumarlagi.

Talningin er samræmd talningu við austurströnd Bandaríkjanna (verkefnið SNESSA), og vesturströnd meginlands Evrópu (verkefnið CODA).

Hvalatalningin ná yfir svæði sem nær frá austurströnd Bandaríkjanna, Kanada, Grænlandi, Íslandi, Færeyjum, Noregi, Bretlandseyjum og Biscayaflóa.

Þetta samræmda átak nær yfir samtals 1.600 þúsund fermílna svæði og er langstærsta samfellda átak í hvalatalningu sem nokkurn tíma hefur verið tekist á við.

Við talninguna er siglt og flogið eftir fyrirfram ákveðnum leitarlínum og upplýsingar um tegundir, fjölda og afstöðu allra hvala sem sjást frá skipi eða flugvél skráðar á staðlaðan hátt.

Samkvæmt talningu árið 2001 voru um 43.600 hrefnur og 25.000 langreyðar á íslenska talningasvæðinu.

Fyrri niðurstöður benda til mikillar fjölgunar hnúfubaks hér við land.

Gögnin eru meginundirstaða ráðgjafar um verndun og nýtingu hvalastofna á svæðinu.



**GRÆNMETISMARKAÐUR** Markaðurinn í Mosskógi er árviss viðburður í Mosfellsbæ.

Grænmetismarkaður í Mosó:

# Fyrsta uppskeran komin

**VERSLUN** Fyrsti grænmetismarkaður sumarsins verður haldinn í Mosskógum í Mosfellsbæ í dag. „Við erum nokkrir bændur úr Þingvallasveit og Mosfellsdal sem erum með markaðinn," segir Jón Jóhannsson í Mosskógi.

Markaðurinn hefur skipað sér sess í hugum Mosfellinga og fleira fólks sem kemur reglulega til að kaupa nýtt grænmeti. „Hingað kemur mikið af fólki, sumir fá sér sæti og spjalla saman. Við stefnum að því að hafa grænmetismarkað á hverjum laugardegi þangað til uppskeran klárast." - þeb

Síbrotamaður í varðhald:

# Losnaði út og var tekinn strax

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness yfir Ívari Aroni Hill Ævarssyni, einum tímenninganna sem dæmdir voru í óskilorðsbundið fangelsi 12. júlí fyrir ótal afbrot undanfarið hálft ár.**

**Ívari var sleppt úr varðhaldi 2. júlí og hóf þá strax að brjóta af sér að nýju. Hann stal, reyndi að brjótast inn og ók undir áhrifum lyfja. Héraðsdómur úrskurðaði hann aftur í varðhald til 13. ágúst. Ívar hlaut þyngstan dóm allra í hópnum sem dæmdur var 12. júlí, eða þrjátíu mánaða fangelsi.** - sh





Unglingabók ársins 2006

Aðeins 1.290 kr.

Komin í kilju!

Edda

edda.is


## VEÐURSPÁ




**FLOTT FERÐAVEÐUR**

**Þó ekki sé hægt að segja að þessi helgi verði almennt sólrík verður helgin að öllu öðru leyti veðursæl. Hægviðri og hlýindi eru í kortunum alla helgina. Á hinn bóginn gætu örskúrir potað sér niður hér og hvar síst þó á austanverðu landinu. Þar sem úrkoman verður bæði lítil og handahófskennd hvar hún potar sér niður getur fólk raunar ferðast hvert sem er.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Hægviðri. Skýjað og hætt við einhverri lítilsháttar vætu. Hiti 11-15 stig.**

um hádegi »




» á morgun




Hæg, breytileg átt.

» mánudagur




Hæg, breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skýjað | London | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 26°C léttskýjað |
| Billund | 20°C skýjað | París | 24°C skúrir | Basel | 24°C skýjað |
| Osló | 21°C skýjað | Eindhoven | 22°C léttskýjað | Alicante | 29°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C léttskýjað | Frankfurt | 21°C hálfskýjað | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Gautaborg | 21°C hálfskýjað | Berlín | 24°C skýjað | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


SPJARAÐU
ÞIG
Í ÞESSUM AÐSTÆÐUM MÆLUM VIÐ MEÐ *STEINARI*,
VINDHELDUM ÞRIGGJA LAGA JAKKA. CINTAMANI
ÚTISVISTARFATNAÐUR ER HANNAÐUR OG REYNDUR
Á ÍSLANDI. VÆNSTU ÞÆGINDA.
CINTAMANI
CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11 // 101 REYKJAVIK

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú lesið einhverja af bókunum um Harry Potter?*

| | |
|---|---|
| Já | 25,5% |
| Nei | 74,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Langar þig að smakka færeyskar mjólkurafurðir?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Byrjað verður að byggja vatnsverksmiðju Icelandic Water Holdings á næstunni:

# Álver gæti risið við vatnsverksmiðju

**IÐNAÐUR** Engin ákvæði í samningi sem sveitarfélagið Ölfus hefur gert við Icelandic Water Holdings ehf. útiloka að áltæknigarður eða álver verði byggt í námunda við vatnsverksmiðju sem fyrirtækið mun byggja að Hlíðarenda í Ölfusi. Þetta segja Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Ölfuss, og Jón Ólafsson, stjórnarformaður Icelandic Water Holdings.

Ólafur Áki segir að í samningum við fyrirtækið sé aðeins kveðið á um að engin atvinnustarfsemi sem fer í bága við íslensk lög megi vera nálægt vatnsverksmiðjunni. Hann segir að ef ákveðið verði að byggja álver eða áltæknigarð í sveitarfélaginu muni sú framkvæmd fara í umhverfismat lögum samkvæmt. „Þá mun koma í ljós hvort ein atvinnustarfsemi geti verið nálægt annarri í sveitarfélaginu," segir Ólafur.



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON** Segir að vatnsverksmiðjan sé kærkomin eftir að aflaheimildir í þorskveiði voru skornar niður um þriðjung.

Jón segir að hann sé ekki á móti því að byggður verði áltæknigarður í Ölfusi en að það sé hans draumur að Ölfus verði fyrsta græna sveitarfélagið á Íslandi.

Byrjað verður að byggja vatnsverksmiðjuna á næstu vikum og er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin eftir eitt ár, segir Jón. Á milli 30 til 40 störf munu skapast í sveitarfélaginu þegar verksmiðjan verður tilbúin.

- ifv

Vinnuhópur skipaður:

# Skipulag sjúkraflutninga skoðað

**HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur ákveðið að skipa vinnuhóp til að gera tillögur um skipulag sjúkraflutninga á grundvelli úttekta sem fyrir liggja. Tillögurnar skulu miðast við landið allt.**

**Vinnuhópurinn mun skoða mönnun og rekstur sjúkraflutninganna sérstaklega. Þá hefur ráðherra einnig falið vinnuhópnum að kalla eftir tillögum um menntun sjúkraflutningamanna og leita í því sambandi til Sjúkraflutningaráðs landlæknis, samtaka sjúkraflutningamanna og annarra fagaðila.**

- shá








**SKATTFRAMTÖLUM SKILAÐ** Þúsundir Íslendinga sleppa því að skila skattframtali sínu.

# Bannað að refsa þeim sem skila ekki framtali

**Umboðsmaður Alþingis segir að Ríkisskattstjóri megi ekki leggja tuttugu prósenta álag á þá sem ekki skila inn skattframtali, ef upplýsingar um tekjur þeirra liggja fyrir. Ríkisskattstjóri segir tæplega 15 þúsund manns ekki skila framtali.**

**SKATTAR** Umboðsmaður Alþingis segir að ekki séu nægilega skýrar forsendur fyrir því að tuttugu prósenta tekjuálag sé lagt á þá sem skila ekki skattframtali. Þetta kemur fram í áliti frá 13. júlí síðastliðnum. „Við tökum þetta auðvitað mjög alvarlega og munum fara yfir þetta," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Ef skattgreiðandi skilar ekki inn skattframtali tímanlega er skattur á hann áætlaður, samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir hjá Ríkisskattstjóra.

„Þá eru teknar saman allar þær helstu upplýsingar sem menn hafa um viðkomandi, launamiðar, upplýsingar um staðgreiðslu á hugsanlegum virðisaukaskatti og aðrar upplýsingar sem kynnu að vera fyrir hendi," segir Skúli. „Af varfærnissjónarmiðum er áætlunin hækkuð um tuttugu prósent."

Tæplega fimmtán þúsund skattgreiðendur skiluðu ekki inn framtali í vor, tæplega sex prósent af framteljendum.



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON**

„Verkefni skattstjóra er að ná til þessa hóps," segir Skúli. „Það er hægt að gera með ýmsum hætti. Þegar ekki var komið framtal frá stórum hópi í vor var sendur tölvupóstur til þeirra sem höfðu opnað framtalið sitt á netinu en ekki lokið við það. Það eru miklir hagsmunir fyrir fólk að telja fram á réttum tíma."

Skúli segir hugmyndir uppi um að skrifa þeim bréf sem ekki hafa skilað framtali eða hafa samband við þá á annan hátt. „Við þurfum að kanna hvort hægt sé að veita betri þjónustu, það kunna að vera einstaklingsbundnar aðstæður sem valda þessu," segir Skúli.

Skúli telur ekki að tekjumissir yrði af því ef hætt yrði að innheimta tuttugu prósenta álag. „Margir þeirra sem lenda í áætlun koma sér í skil eftir að álagningu lýkur. Það er tiltölulega lítill hópur sem borgar áætlunina." Umboðsmaður hvetur einnig til þess að Ríkisskattstjóri minni skattstjóra landsins á að þeim beri að fara sjálfir yfir hverja einustu tillögu að áætlun með það fyrir augum að meta hana eftir aðstæðum hvers landshluta.

„Það er auðvitað þeirra að áætla og þeir þurfa að fara yfir þetta betur," segir Skúli. „Þessum tilmælum hefur alltaf verið beint til skattstjóra og ég veit ekki annað en að þeir geri þetta." Í einhverjum tilvikum valdi þó tímaskortur því að treyst sé of mikið á vélrænar áætlanir, að sögn Skúla.

steindor@frettabladid.is

Saving Iceland mótmælti í Orkuveitunni og við sendiráð Íslands í Edinborg:

# Strengdu fána í Orkuveitunni

**MÓTMÆLI** Hópur mótmælenda frá samtökunum Saving Iceland heimsótti Orkuveitu Reykjavíkur í gær og strengdi fána í anddyri hússins sem á stóð „Vopnaveita Reykjavíkur?".

Með þessu vildi hópurinn benda á að tæpur þriðjungur álframleiðslu Century Aluminium og Alcan, sem kaupa orku til íslenskrar álframleiðslu frá OR, fari í hergagna- og vopnaframleiðslu. Mótmælin fóru friðsamlega fram.

Mótmælendur frá hópnum skvettu einnig gulri málningu á sendiráð Íslands í Edinborg í Skotlandi í gærmorgun. Jafnframt límdu þeir lása sendiráðsins og hengdu upp skilti með slagorðum.

Vildu þeir með þessu mótmæla fjölgun álvera og virkjanaframkvæmdum á Íslandi. Jafnframt býður Saving Iceland Orkuveitunni til opinberra viðræðna um siðgæði fyrirtækisins.

- sgj




**VOPNAVEITA REYKJAVÍKUR?** Mótmælendurnir strengdu borða í anddyri Orkuveitu Reykjavíkur. MYND/GABRIEL BENGTSSON MANRIQUE

# Ótrúlegt verð á flötum skjám

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



69.990kr
GOTT VERÐ

**DIBOSS 32" LCD skjár**
LT32A2HM
- 32" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Birta 500cd/m2
- 2x7w Nicam stereó hljóðkerfi



149.990kr
Verð áður 164.990,-

**Philips 37" LCD skjár** 37PF5321
- 37" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Digital Crystal Clear og Progressive Scan
- HD Ready • Skerpa: 1.200:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 500 cd/m2
- Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • PC tenging í gegnum HDMI • Textavarp með 500 síðna minni
- Borðstandur fylgir • Passar á Vogels EFW6305 veggfestinguna (fylgir ekki)

49.990kr
GOTT VERÐ



**Dantax 19" LCD með innbyggðum DVD spilara**
19LCDDVDP2
- Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og MPEG4 Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Stereó hljóðkerfi
- SD/MS/MMC kortalesari
- USB tengi, scart , SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp
- Svefnrofi og fjarstýring

99.990kr
GOTT VERÐ



**DIBOSS 37" LCD skjár**
LT37JHM
- 37" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms
- Birtustig: 500 cd/m2
- 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi



179.990kr
GOTT VERÐ

**Philips HD 42" LCD skjár** 42PFL5322
- Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus 2 HD myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° • Birtustig: 500 cd/m2 • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring



89.990kr
GOTT VERÐ

**United HD 32" LCD skjár** LTV32W63
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready
- Progressive Scan • Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

Gildir til 27. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvernig vörur hafa lækkað í verði um tæp tíu prósent frá árinu 2002?*

*2. Hvað heitir síðasta Harry Potter bókin, sem kom í sölu í íslenskum verslunum í gærkvöldi?*

*3. Við hvaða knattspyrnufélag samdi Heiðar Helguson á fimmtudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Ísraelar létu lausa 250 af alls 9.200 palestínskum föngum:

# Fyrsta skrefið í að fá fleiri fanga lausa

**RAMALLAH, AP** Fjölskyldur meira en 250 palestínskra fanga tóku fagnandi á móti þeim eftir að Ísraelar höfðu sleppt þeim úr haldi í gær. Þessir 250 fangar eru þó aðeins lítið brot af þeim 9.200 Palestínumönnum sem sitja í ísraelskum fangelsum.

Ísraelsstjórn segist vilja með þessu sýna Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, og Fatah-hreyfingu hans, stuðning í þeirri von að koma megi raunverulegum friðarviðræðum af stað á ný.

Abbas sagði þetta aðeins fyrsta skrefið í því að fá fleiri fanga leysta úr haldi. „Starf okkar verður að halda áfram þangað til hver einasti fangi snýr aftur til síns heima,“ sagði Abbas í gær.

Salad Fayyad forsætisráðherra sagði sömuleiðis að Ísraelar yrðu að gera meira til að bæta andrúmsloftið: „Stefna ykkar er stefna smárra breytinga. Þið gerið smávegis hér, smávegis þar,“ sagði hann. „Ísrael er stórt og sterkt land. Ísrael getur leyft sér meiri dirfsku.“

Sumir fanganna gáfu í skyn að nú væri vopnuðum átökum við Ísrael lokið: „Við viljum senda þau skilaboð til heimsins að við viljum frið fyrir þjóðina okkar,“ sagði Majdi Abdullah, fyrrverandi meðlimur í al-Aksa skæruliðasveitunum, sem hefur setið í fimm ár í fangelsi Ísraela.

Aðrir fanganna voru hins vegar vígreifir og vildu ólmir leggja til atlögu við Hamas í hefndarskyni fyrir yfirtöku Gaza-svæðisins. **- gb**



**FAGNAÐARFUNDIR** Varla er til sú palestínska fjölskylda sem ekki hefur átt einhvern ættingja í ísraelsku fangelsi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP






Stjórn flugstöðvarinnar:

# Jón Gunnarsson nýr formaður

**STJÓRNMÁL** Ný stjórn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. var kjörin á hluthafafundi í gær. Jón Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, var kjörinn formaður, en í fyrsta skipti skipa konur meirihluta stjórnarinnar.



**JÓN GUNNARSSON**

Rannveig Guðmundsdóttir og Sigrún Jónsdóttir voru einnig kjörnar fyrir hönd Samfylkingarinnar, en fyrir voru Ellert Eiríksson og Magnea Guðmundsdóttir fyrir Sjálfstæðisflokk.

Flugstöðin er í eigu ríkisins og fer utanríkisráðherra með hlut þess í henni. **- sgj**



**18 ÞÚSUND BÍLAR Á DAG** Samtökin Betri byggð á Kársnesi hafa áhyggjur af þungri umferð ef af nýju skipulagi verður.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tugir mótmælaborða á húsum á Kársnesi

**Samtökin Betri byggð á Kársnesi mótmæla fyrirhuguðu skipulagi í vesturbæ Kópavogs. Segja að umferð muni þyngjast sem og svifryk og hljóðmengun. Bæjarstjóri segir samtökin ekki hafa talað beint við sig.**

**SKIPULAGSMÁL** Íbúar á Kársnesi í Kópavogi eru margir ósáttir vegna framtíðarskipulags svæðisins. Tugir þeirra hafa hengt upp mótmælaborða á hús sín.

„Við sjáum fram á gríðarlega umferðaraukningu,“ segir Arna Harðardóttir, formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi. „Við erum með eina aðalæð, Kársnesbrautina, einbreiða íbúagötu, sem er í dag að flytja um átta þúsund bíla og fólki finnst nóg um.“

Arna segir að umferðinni fylgi trukkar, hávaði og mengun. Svifryksmengun hafi mælst yfir mörkum. Auk þess hafi mörg hús mælst yfir hljóðvistarmörkum vegna hávaða frá Kársnesbrautinni.

Að sögn Örnu mun breytt skipulag hafa það í för með sér að bílafjöldinn um brautina eykst um tíu þúsund bíla á sólarhring, svæði atvinnuhúsnæðis þrefaldast og umfang hafnarinnar aukast til muna. „Börnin þurfa að fara yfir brautina í og úr skóla og þessi íbúagata er engan veginn byggð fyrir þetta álag,“ segir Arna.

„Það eru hverfandi áhrif af svifrykinu og það má minnka það með því að banna nagladekk og auka notkun á strætisvögnum,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi. „Við erum að þétta byggðina og nýta landið betur.“

Gunnar segir jafnframt að höfnin sé aðeins 125 metrar og því verði hún ekki „stórskipahöfn“.

„Þarna myndast fleiri störf fyrir Kópavogsbúa sem búa í vesturbænum og annars staðar,“ segir Gunnar. „Það er stutt fyrir fólk að fara í vinnuna og það er umhverfismál. Það vantar ekki störf núna en það gæti breyst.“



**GUNNAR I. BIRGISSON**



**ARNA HARÐARDÓTTIR**

Arna segir áform um stækkun hafnarinnar vera tímaskekkju og vonar að bærinn falli frá þeim. Auk þess hafi svæði atvinnuhúsnæðis stækkað. „Þarna er komin stærðarinnar málmvinnsla, steypustöð sem hefur ekki starfsleyfi og holræsaþjónusta, alls konar starfsemi sem á engan veginn heima í bland við íbúabyggð.“

„Það er heilbrigðiseftirlitið sem gefur starfsleyfi,“ segir Gunnar. „Það er við litla hrifningu yfirvalda að steypustöðin er þarna.“

Arna segir bæinn hafa hunsað nær allar tillögur íbúanna. „Í stað íbúalýðræðis er nokkurs konar verktakaeinræði,“ segir Arna.

„Ég er eitt af þessum fórnarlömbum, ég bý á Kársnesinu og þessi ágætu samtök hafa hvorki haft samband við mig sem íbúa né sem bæjarstjóra,“ segir Gunnar.

steindor@frettabladid.is




Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur landsmót fyrir unglinga:

# Björgunarsveitafólk framtíðar

**FÓLK** Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur um helgina landsmót fyrir unglinga. Mótið fer fram á Gufuskálum á Snæfellsnesi og eru þar samankomnir um 170 unglingar ásamt um 50 umsjónaraðilum. Þátttakendurnir eru á aldrinum 14 til 18 ára og eru allir virkir í unglíðastarfi björgunarsveita Landsbjargar.

„Þau eru að æfa leitartækni, sig og klifur. Svo æfa þau sig í skyndihjálp og að vinna með vogarafl, fara í siglingar og læra að velta við bátum sem fara á hvolf. Þetta er björgunarsveitafólk framtíðarinnar,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Landsbjargar.

„Á Gufuskálum er mjög góð aðstaða sem Slysavarnafélagið Landsbjörg á. Þar gista krakkarnir í tjöldum og hamast svo allan daginn. Þau eru ótrúlega dugleg.“

Ólöf segir björgunarsveitastarfið vera gott fyrir unglinga. Sú þekking sem þeir fái í unglingastarfinu og á landsmótinu muni nýtast þeim alla ævi, hvort sem þeir haldi áfram í björgunarsveitum eða ekki.

Mótið hófst á fimmtudag og því lýkur í dag. - þeb



**FRÁ SLYSAVARNARÆFINGU** Landsmót Landsbjargar verður haldið um helgina. Um 170 unglingar taka þátt í mótinu og um 50 leiðbeinendur.

Heilalaus maður:

## Með vökva í stað heila

**FRAKKLAND** Manni, með óvenju lítinn heila, hefur tekist að lifa eðlilegu lífi í fjörutíu ár. Rannsóknir franskra vísindamanna á höfði hans sýna að hauskúpa hans inniheldur að mestu leyti vökva.

Vísindamennirnir segja að einungis sé lítil arða af heilavef í höfði mannsins. „Hann var giftur starfsmaður hjá hinu opinbera og tveggja barna faðir,“ sagði læknir mannsins. Þetta kom fram á fréttavef Ananova.

Maðurinn mældist með greindarvísitöluna 75, sem er töluvert lægra en gengur og gerist hjá meðalmanni. - sgj

Ævintýrakeppni á Grænlandi:

## Sex Íslendingar taka þátt

**ÚTIVIST** Sex Íslendingar eru staddir á Grænlandi til að taka þátt í fimm daga ævintýrakeppni sem hefst í dag. Keppt er í fjallamennsku, þar sem hlaupið er yfir fjöll og jökla, fjallahjólreiðum og kanóróðri. Um er að ræða sveitakeppni þar sem fjórir eru í liði.

Íslendingarnir tefla fram einni karlasveit, the Intersport Iceland, og einni blandaðri íslensk-danskri sveit, The Happy People.

Danska sjónvarpið hefur verið þarna árlega við upptökur og gert þætti um keppnina.

Hægt er að fylgjast með keppninni á http://www.atc.gl/home.html. - pal



**DÓMARAR FAGNA SIGRI** Baráttunni við forsetann lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Forseti hæstaréttar Pakistans:

## Fær að halda embættinu

**PAKISTAN, AP** Hæstiréttur Pakistans kvað í gær upp þann úrskurð að Pervez Musharraf forseti hefði ekki farið að lögum þegar hann rak Iftikhar Muhammad Chaudhry, forseta hæstaréttar, úr embætti. Jafnframt ógilti dómstóllinn málatilbúnað stjórnarinnar á hendur Chaudhry, sem sakaður hafði verið um að hafa gerst brotlegur í embætti.

Dómarar og stjórnarandstæðingar í Pakistan fögnuðu ákaft og sögðu þennan úrskurð hæstaréttar vera mikinn sigur fyrir lýðræðið í landinu. Dómsvaldið hafi þarna sýnt fram á sjálfstæði sitt gagnvart forsetanum. - gb

Málefni sjúkraflutningamanna:

## Fagna frumkvæði ráðherra

**HEILBRIGÐISMÁL** Forsvarsmenn Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hafa lýst yfir ánægju með ákvörðun Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra að stofna starfshóp til að gera tillögur um skipulag sjúkraflutninga.

LSS hefur gagnrýnt það harðlega að dæmi séu um að aðeins einn sjúkraflutningamaður annist flutning sjúkra og slasaðra. LSS telur það fyrirkomulag algerlega óviðunandi.

Forsvarsmenn LSS funduðu með ráðherra síðastliðinn miðvikudag og fagna því að framtíðarskipulag sjúkraflutninga sé til skoðunar. Sambandið lítur einnig jákvætt á hugmyndir ráðherra um endurskoðun á menntunarmálum sjúkraflutningamanna. - shá



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Galdrastrákurinn Harry Potter hefur fylgt kynslóð frá barnsaldri á unglingsár.

# Strákur sem galdrar börn að bókum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Síðasta bókin um galdrastrákinn Harry Potter kemur út í dag. Þar með er endahnútur bundinn á sögu þessa óvenjulega drengs sem kynntur var í fyrstu bókinni fyrir tíu árum, drengsins sem með töframætti sínum fékk milljónir barna til að hverfa inn í ævintýraheim bókarinnar sem mörg þeirra hefðu líklega ekki kynnst ella.

Joanne K. Rowling kom fram á sjónarsviðið með söguna af Harry einmitt þegar umræðan um að miðlar eins og sjónvarp og tölvur myndu ganga af bókinni dauðri stóð sem hæst. Dregið hafði úr bóklestri barna og unglinga og gerir enn. Ljóst er að bækurnar um Harry Potter hafa í það minnsta tafið þessa þróun.

Engum hefur tekist að skilgreina nákvæmlega hvað veldur aðdráttarafli sagnanna um Harry Potter en leiða má að því líkur að galdraformúlan felist í því hvernig venjulegum börnum er plantað inn í heillandi og verulega framandi galdraheim, börnum með venjulegar tilfinningar og langanir barna, börnum sem lesendurnir eiga auðvelt með að samsama sig við. Einhver galdur virðist verða til við þessa skörun raunveruleika og ævintýraheims.

Óumdeilt er að áhrif höfundarins eru mikil. Fjöldi barna um allan heim sem aldrei hafði sýnt bóklestri áhuga hefur látið hrífast með í Harry Potter-æðinu og tekið sér bækurnar í hönd. Þegar sá ís er brotinn er að minnsta kosti líklegra en áður að viðkomandi barn láti sér aftur detta í hug að opna bók og lesa.

Annar galdur við Harry Potter-bækurnar er að frá upphafi hafa sögurnar höfðað til breiðs aldurshóps. Þannig voru fyrstu bækurnar á mörgum heimilum lesnar fyrir börn sem annars hefðu varla treyst sér sjálf í svo þykka bók. Iðulega mátti þá ekki á milli sjá hvort börn eða foreldrar voru spenntari í sögunni. Þegar fram í sótti fóru svo sömu börn að lesa bækurnar sjálf og áður en yfir lauk átti Harry eftir að leika viðamikið hlutverk í enskunámi barnanna, sem þjófstörtuðu og lásu Harry Potter á ensku.

Einnig má nefna þá snilldarhugmynd höfundarins Joanne K. Rowling að láta drenginn eldast í hverri bók þannig að lesendur vaxi ekki upp úr sögunni.

Ekki má heldur gera lítið úr markaðssetningu bókaflokksins sem vissulega hefur verið öflug. Tekist hefur að kynda undir spennu fyrir útgáfu hverrar bókar með miðnæturopnunum í bókabúðum á útgáfudegi og ýmsum vangaveltum um örlög sögupersónanna. Aldrei hefði markaðsmönnunum þó tekist að viðhalda þessari spennu ef ekki hefði verið innistæða í sögunum sjálfum.

Sögu Harry Potter er lokið en Harry er fráleitt allur, hvort heldur hann lifir eða deyr í sögulok sjöundu bókar. Bækurnar um Harry Potter eru kannski ekki ódauðleg bókmenntaverk en þær munu lifa áfram um hríð meðal barna og halda áfram að lokka þau til lestrar.

Framtíðin ein leiðir í ljós hvort rithöfundi tekst að endurtaka leik Rowling og hrinda af stað lestraræði á borð við það sem hefur staðið í tíu ár í kringum Harry Potter-bækurnar. Meðan tekst að koma slíkum ævintýrum af stað lifir bókin góðu lífi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN

Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300

www.minjasafnreykjavikur.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þarf þá að hætta að blaðra?

Fáum hefur dulist að Blaðið hefur færst æ meira undir væng Morgunblaðsins eftir að Ólafur Þ. Stephensen tók við ritstjórn þess. Það má best sjá á því að nýverið tóku að birtast valdar greinar úr Blaðinu á vef Morgunblaðsins, mbl.is. Nú stendur til að stíga annað risastórt skref í þessa átt, því ritstjórn Blaðsins mun á næstu misserum færast yfir í sama rými og ritstjórn Moggans, með einungis spennuþrungið loftið og mögulega skilrúm eða tvö til að dempa köll blaðamanna sín á milli. Sagan segir að ritstjórnirnar muni meira að segja deila svokölluðu háborði, þar sem smiðshöggin eru jafnan rekin á blöðin áður en þau eru send til prentunar.



### Persónudýrkun

Aukakosningar fóru fram í tveimur kjördæmum Bretlands á fimmtudag. Athygli vakti að í öðru kjördæminu hafði David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, sett nafn sitt í stað nafns flokksins á kjörseðlana. Þar stóð einfaldlega „David Cameron's Conservatives". Ekki gekk persónudýrkunin sem skyldi og tapaði flokkurinn í báðum kjördæmum.

Bæði Verkamannaflokkurinn og Frjálslyndir demókratar fengu meira fylgi. Íslenskir stjórnmálamenn munu væntanlega ekki herma eftir tilraun Cameron's. Þess verður víst langt að bíða að við sjáum „Geirsíhaldið", „Sollukratar" eða „Bændur Guðna" á kjörseðlunum okkar.



### Hlýr faðmur Össurar

Athafnamaðurinn Jón Ólafsson sagði í Kastljósi í fyrrakvöld að stjórnmálaumhverfi á Íslandi hefði batnað mjög undanfarið, og þurfti ekki mjög glögga menn til að átta sig á því hvern hann var feginn að losna við. Hann er nú snúinn aftur heim í faðm ljúfari ráðamanna og virðist una sér vel. Hún ætti því kannski ekki að koma mjög á óvart, lofgjörðin sem nýr iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, birti um Jón á vef sínum í gær, undir yfirskriftinni The Comeback Kid.

stigur@frettabladid.is
steindor@frettabladid.is

# Þegar Einar Oddur er allur

Við heilsuðumst kurteislega og kankvíslega í vor, þegar sumarþingið tók til starfa. Það var alltaf blik í augunum á honum Einari Oddi, prakkaraskapur, glettni. Bros.

Við höfum sosum vitað hvor af öðrum í gegnum tíðina og mér fannst alltaf nokkuð til þess, að hann gaf mér auga, var vinsamlegur og skrafhreyfinn þegar við hittumst, ekki síst vegna þess að þessi maður hafði skráð nafn sitt í söguna fyrir löngu. Var sjálfur bjargvætturinn, nafngift sem fór honum vel og verðskulduð. Það var ekkert annað en afrek, sem þeir unnu Guðmundur Joð og Ásmundur og fleiri góðir menn með Einar Oddi, þegar þeir sömdu um þjóðarsáttina forðum. Auðvitað með aðstoð ríkisstjórnarinnar og annarra skynsamra manna. En þetta var hans verk og fyrir það eigum við þessum manni mikla skuld að gjalda.

Unga kynslóðin man ekki lengur þá tíð þegar verðbólgan flæddi yfir laun, verðlag, útgjöld og skuldir í einum samhangandi vítahring. Það var svo sannarlega kominn tími til að kveða hann niður, þennan draug, óðaverðbólguna, sem þjóðin hafði slegist við svo lengi og sligað allt þjóðarbúið, atvinnufyrirtækin og launþega þessa lands. Þetta gengur barasta ekki lengur, eins og Einar Oddur var vanur að segja. Og þeim tókst það, Einari og öllum hinum bjargvættunum að ná sátt um atlögu, sem var upphafið að þeirri gósentíð, sem við höfum lifað síðan.

### Fulltrúi grasrótarinnar

Af hverju skyldi Einari Oddi hafa tekist þetta, nema vegna þess að hann var niðri á jörðinni, hann átti rætur í atvinnulífinu og sá lífsbaráttuna með öðruvísi gleraugum en mennirnir sem



ELLERT B. SCHRAM

Í DAG | Einar Oddur Kristjánsson

*„...hann var niðri á jörðinni, hann átti rætur í atvinnulífinu og sá lífsbaráttuna með öðru vísi gleraugum en mennirnir sem voru klossfastir í pólitískum skylmingum."*

voru klossfastir í pólitískum skylmingum. Hann kom úr annarri átt. Að vestan. Þar sem lífið er saltfiskur. Ég held að gæfa Einars Odds hafi verið sú að komast ekki til áhrifa og valda, fyrr en hann var fullþroskaður maður. Ekki eins og svo margir aðrir sem alast upp í pólitískum heimi og setjast óharðnaðir á þing, án nokkurrar lífsreynslu.

Hann bar lífsreynsluna utan á sér, hann Einar Oddur.

Já, þegar við hittumst og heilsuðumst í vor, var hann kumpánlegur, karlinn. Kannski líka af því að við vorum allt í einu orðnir samherjar í ríkisstjórn. Hann var ekki maður sem gerði upp á milli fólks, eftir því hvar það sat í flokki. Hann talaði eins við alla, lét þá heyra hvað hann vildi og meinti og lá aldrei á skoðunum sínum. Jafnvel þótt þær væru stundum á skjön við allt og alla. Mér þykir vænt um svona tegund af mönnum. Einar var fulltrúi þeirra, fulltrúi grasrótarinnar í þjóðfélaginu og þótt hann færi ekki alfaraleið og léti ekki alltaf að stjórn, þá var gaman að hlusta á hann af því að hann talaði mannamál og alltaf viss í sinni sök. Rembingslaust. Með allt sitt á hreinu.

### Góður drengur

Nú er hann farinn, þessi maður. Upp úr þurru. Á miðju sumri. Á sínum heimaslóðum. Einn tveir og þrír. Þetta er flottur dauðdagi hugsar maður. Á fjöllum uppi, í fallegu veðri. Án þess að gera boð á undan sér. Kannski var það honum líkt.

En Einar var yngri maður en ég og átti mikið eftir og fráfall hans er áminning um að lífið er ekki eilíft og ekki eitthvað sem maður getur gengið að. Hvenær kemur röðin að manni sjálfum? Það styttist að minnsta kosti í það.

Þetta er ekki minningargrein, þetta er ekki grátstafur yfir manni sem ég þekkti náið. En Einar Oddur var maður sem við öll þekktum, þjóðfrægur og annálaður fyrir það sem hann var. Við áttum hann öll í þjóðarvitundinni og þegar slíkur maður fellur frá þá er það þjóðarbrestur. Það er mikill sjónarsviptir að honum á Alþingi og í þjóðfélaginu öllu. Við áttum hann öll, líka við hin sem erum í öðrum flokkum vegna þess að sameiginlega erum við að gera það sem í okkar valdi stendur til að létta undir með fólki, með landi og lýð og skila betra búi en við tókum við. Í þeirri baráttu, í þeirri viðleitni, lét Einar Oddur aldrei deigan síga. Hann stóð keikur fyrir stafni. En kynni mín af þessum þjóðfræga manni voru þau, að hann var ekki einasta skörungur í sjón og raun, heldur einlæg og tilfinningarík manneskja. Góður drengur. Betri lýsingu kann ég ekki.

# Kæri Hannes!

UMRÆÐAN

Frjálshyggja

Bestu þakkir fyrir bréfið sem gladdi mig ósegjanlega. Þar færir þú mér þau merku tíðindi, og sennilega ýmsum lesendum Bréfs til Maríu líka, að Henri Lepage sé góðvinur þinn.

Það gætir að vísu nokkurs misskilnings hjá þér, þegar þú segir að ég hneykslist á bók Henri Lepage, Á morgun, kapítalisminn, eða samkvæmt þinni túlkun á titlinum, Morgundagurinn er kapítalismans. Það er í rauninni þvert á móti. Mér fannst hún hin athyglisverðasta, því þar fékk ég á einum stað nákvæmt, greinargott og yfirgripsmikið yfirlit yfir kenningar frjálshyggjumanna. Þess vegna taldi ég ómaksins vert að verja tíma og rúmi í að fjalla um þessa bók.

Nú mun sá orðrómur vera kominn á kreik og hefur borist til mín í vindinum, að ég hafi dregið þarna fram einhvern þriðja flokks höfund, með öllu óþekktan, sem ekki sé eyðandi miklu púðri á; ég ráðist sem sé á garð frjálshyggjumanna þar sem hann sé lægstur, eða jafnvel skarð í honum. Þetta er alvarleg gagnrýni, ef hún skyldi hafa við



EINAR MÁR JÓNSSON

rök að styðjast, og erfitt fyrir mig að svara henni, því óvíst að ég teldist trúverðugur ef ég ætlaði að taka upp hanskann fyrir Henri Lepage meira en orðið er.

En nú hefur þú tekið ómakið af mér og kippt öllum grundvelli undan þessum andmælum. Eins og almenningur veit átt þú það nefnilega sameiginlegt með ýmsum þeim höfuðspekingum sem láta ljós sitt skína á Signubökkum, að þú umgengst einungis stórmenni þessa heims. Ef Henri Lepage er góðvinur þinn, getur hann þess vegna ekki verið neinn hálfdrættingur í hugmyndafræðum frjálshyggjunnar, það hlýtur að vera fullt mark takandi á manni sem er í svo góðum félagsskap.

Þess vegna er það líka dálítið óréttlátt hjá þér, þegar þú segir í nokkrum alösunartón að ég safni saman undir heitinu „frjálshyggja" alls kyns hagstjórnarhugmyndum og þá væntanlega ólíkum. Þær hugmyndir sem ég fjalla um eru allar til staðar í riti Henri Lepage, hann hefur safnað þeim saman á undan mér.

Megir þú svo ávallt vaxa að manviti.

*Höfundur er sagnfræðingur og doktor í miðaldafræðum.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.995 **+0,07%**

**Fjöldi viðskipta:** 547
**Velta:** 5.487 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATORKA** | +1,75% | **CENTURY ALUMINUM** | -2,11% |
| **TEYMI** | +1,63% | **365** | -0,60% |
| **MAREL** | +1,36% | **ICELANDAIR** | -0,49% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 86,20 +0,00% ... Atorka 9,90 +1,75% ... Bakkavör 71,80 -0,42% ... Eimskipafélagið 40,10 +0,25% ... Exista 40,10 -0,13% ... FL Group 30,00 -0,33% ... Glitnir 30,90 +0,65% ... Icelandair 30,50 -0,49% ... Kaupþing 1.280 +0,00% ... Landsbankinn 41,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 23,05 +0,00% ... Össur 110,50 +0,46% ... Teymi 5,62 +1,63%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hluthafar fá umhugsunarfrest

Tilboð bræðranna frá Rifi, Hjálmars og Guðmundar Kristjánssona, í allt hlutafé Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum hefur verið framlengt um fjórar vikur. Gildir það nú til klukkan fjögur, mánudaginn 20. ágúst 2007.

Í tilkynningu frá Stillu segir að samkvæmt nýlegu samanburðarmati Saga Capital fjárfestingarbanka hf., á annars vegar yfirtökutilboði Eyjamanna ehf. og hins vegar samkeppnistilboði Stillu eignarhaldsfélags ehf., geti tilboð Eyjamanna ehf. ekki talist sanngjarnt. Það sé hins vegar tilboð Stillu og í samræmi við verðlagningu hlutafjár sem hluthafar í sambærilegum félögum hafa notið á undanförnum árum.

Í tilkynningunni segir að ákvörðun um framlengingu tilboðsfrestsins sé tekin með tilliti til niðurstöðu matsins. Þar sem skammt sé liðið frá því að tilkynnt var um matið, og þar sem sumarfrí stendur nú yfir hjá almenningi, sé talið óvíst að allir hluthafar Vinnslustöðvarinnar hafi vitneskju um niðurstöðu fjárfestingarbankans.

Tilboð Stillu í Vinnslustöðina kom fram þann 31. maí síðastliðinn og hljóðar upp á 8,5 krónur fyrir hlutinn. Það er 85 prósentum hærra en tilboð Eyjamanna ehf. upp á 4,6 krónur. Stilla og tengdir aðilar fara með ríflega fjórðungshlut í Vinnslustöðinni. Eyjamenn eiga rúmlega helming hlutafjár. **- hhs**



**VINNSLUSTÖÐIN Í VESTMANNAEYJUM**
Tilboð Stillu í Vinnslustöðina hefur verið framlengt um fjórar vikur.

## Verðlækkun á fjölbýliseignum

Verð á fjölbýliseignum lækkaði um 0,6 prósent milli maí og júní. Í Morgunkorni Glitnis er það sögð athyglisverð þróun í ljósi þess að júní hefur verið einn mesti veltumánuður með íbúðarhúsnæði undanfarin ár á höfuðborgarsvæðinu, sé miðað við fjölda þinglýstra kaupsamninga.

Í heildina hækkaði íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu um 0,5 prósent milli maí og júní. Hækkunina má að öllu leyti rekja til verðhækkana á sérbýliseignum. Þær hækkuðu um 3,7 prósent á milli mánaða.

Það sem af er ári hefur verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkað um ríflega tíu prósent samanborið við fimm prósenta hækkun allt árið í fyrra. **- hhs**

## Taka alþjóðlegt sambankalán

Alfesca hefur lokið endurfjármögnun félagsins með alþjóðlegu sambankaláni upp á 280 milljónir evra. Í tilkynningu frá félaginu segir að árlegur sparnaður vegna lægri fjármagnskostnaðar sé áætlaður um 1,5 milljón evra eða um 125 milljónir íslenskra króna. Lánið styrki fjárhagsstöðu Alfesca, myndi sveigjanleika og skapi betri aðstöðu til þess að efla og stækka félagið.

Kaupþing og franski bankinn Natixis voru umsjónaraðilar lánsins og sáu einnig um að selja það til alþjóðlegra bankastofnana.

Alls tóku tíu bankastofnanir þátt í endurfjármögnuninni. Nýja lánið kom til á fjórða ársfjórðungi nýliðins reikningsárs. **- hhs**

## Tekjur Nýherja aukast um 24%

Nýherji skilaði 102,5 milljóna króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi samanborið við 29,4 milljónir króna á sama fjórðungi í fyrra. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) nam 156,4 milljónum króna en var 154,2 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Tekjur tímabilsins voru 2.637,3 milljónir króna en námu 2.123 milljónum á sama tíma í fyrra. Þær voru nokkuð umfram áætlanir stjórnenda Nýherja, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Er nú gert ráð fyrir að heildartekjur félagsins á árinu verði yfir tíu milljarðar og að áætlanir um afkomu á síðari árshelmingi gangi eftir. **- hhs**

**LEIÐRÉTTING**

### Mat Moody's á Norvik Banka

Nýtt mat matsfyrirtækisins Moody's á Norvik Banka er hærra en fyrra mat Fitch frá því í byrjun mánaðarins. Nýja matið var í blaði gærdagsins ranglega tengt við eldri fregnir af sambankaláni Norvik Banka. Moody's hefur ekki metið bankann áður.


Fíton/SÍA




**Við lækkum félagsgjöldin um 30%**

Frá og með 1. júlí lækka félagsgjöld VR úr 1% í 0,7% af heildarlaunum. Með því viljum við leyfa félagsmönnum okkar að njóta góðrar afkomu á undanförnum árum.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti




GRÍSAHNAKKI ÚRB. BROWN SUGAR
998 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg




UNGNAUTA PRIME RIBS
1.998 kr. kg
33% afsláttur




LAMBAFILLET M/KRYDDOSTASÓSU
2.998 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg

# Fiskur á grillið mitt!



STÓRLÚÐA Í SNEIÐUM
1.498 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg




STEINBÍTSSPJÓT MEÐ MEXÍKÓMARINERINGU
298 kr. stk.
Þú sparar 100 kr. stk.




SKÖTUSELSFIÐRILDI Í TÓMAT OG HVÍTLAUK
1.798 kr. kg
Þú sparar 600 kr. kg

## Pastrami álegg ljúffengt frá SS!



30% afsláttur

## Coke 1 lítri!




3 fyrir 2

## Mr. Krispers nachos og Enricos salsa!




20% afsláttur



NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á fylltum grísalundum!
NÝTT
Lambalærissteik
með aðalbláberjum
1.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
24% afsláttur
GRÍSALUNDIR MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg.
Mikið úrval af grillkjöti, grillsósum og grillspjótum!
Nóatúns grillsósur góðar með grillmatnum!
SS UNGNAUTA RIB EYE ARGENTÍNA
1.998 kr. kg
23% afsláttur
LÚXUS HAMBORGARAR MEÐ ÖLLU - 2 STK.
447 kr. pk.
20% afsláttur
Native heilsudrykkur!
25% afsláttur
Ferskir og ljúffengir ávextir á grænmetistorginu!
5 á dag
...í allt sumar!
Verði ykkur að góðu!

# 2 fyrir 1 til Parísar

**í júlí og ágúst frá kr. 19.990**

París er ótrúlega spennandi borg, hvort sem þú vilt þræða listasöfnin, spranga um í Latínuhverfinu eða njóta lífsins lystisemda sem þessi einstaka borg býður í ríkum mæli. Gríptu tækifærið og bjóddu elskunni þinni til Parísar á frábærum kjörum.
Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Úrval hótela í boði frá kr. 3.300 nóttin á mann í tvíbýli.

**Kr. 19.990**
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð
22., eða 29. júlí og 5. eða 12. ágúst í 1 eða 2 vikur. Netverð á mann.



Terra Nova PRIMERA GROUP
Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500



Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is







## MAÐUR VIKUNNAR

# Stundar skógrækt og smíðar af kappi

Ljúfur, traustur, heiðarlegur og duglegur eru meðal orða sem koma oft fyrir þegar vinir og vandamenn Sigurðar Kristjáns Oddssonar þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum eru beðnir að lýsa honum.

Sigurður hefur staðið í eldlínunni í deilum um barrtré sem stendur til að fella í þinghelgi þjóðgarðsins. Sigurður verður seint sakaður um að bera ekki virðingu fyrir náttúrunni því hann er mikill náttúruunnandi sem hefur gaman af útivist. Ræktar skóg í frítíma og hefur jafnframt mikinn áhuga á sögu. Því hentar starfið sem þjóðgarðsvörður honum einstaklega vel sem og hann starfinu.

Sigurður fæddist á Hafursá í Vallahreppi en ólst upp á Akureyri þar sem fjölskyldan bjó í Helgamagrastræti. Tilheyrði hann, ásamt bróður sínum Guðmundi, því brekkusniglum þegar kom að kappleikjum og stríði.

Að loknum grunnskóla lærði Sigurður skipa- og trésmíði á Akureyri og starfaði sem smiður fram yfir tvítugt er hann hélt til Stokkhólms og lærði tæknifræði. Að námi loknu hóf Sigurður störf sem tæknifræðingur hjá Vegagerðinni. Því næst tók hann við starfi byggingafulltrúa Hafnarfjarðar. Hann var einn af stofnendum og eigendum Tækniþjónustunnar verkfræðistofu þar sem hann starfaði í 25 ár eða til ársins 1995 er hann tók við starfi þjóðgarðsvarðar og hefur gegnt því starfi síðan. „Hann fór fyrst og fremst í þetta starf á Þingvöllum því náttúran þar heillaði hann,“ segir nákominn ættingi.

Sigurður er kvæntur Herdísi Tómasdóttur og eiga þau þrjú börn. Tómas Már, verkfræðingur og forstjóri Fjarðaáls, er elstur. Kristín Vilborg, leirlistakona og kennari, er í miðjunni og yngst er Sigríður Björg listmálari sem starfar að mestu í Glasgow.

Þau hjónin hafa í 25 ár verið í gönguklúbbi og fara árlega í göngu um hálendið. „Þau hafa gengið um þvert og endilangt Ísland,“ sagði einn viðmælandinn. Á veturna þykir þeim gaman að skíða og fara gjarnan norður til Akureyrar á heimaslóðir Sigurðar og renna sér í Hlíðarfjalli. Önnur áhugamál Sigurðar eru meðal annars tónlist en hann hlustar mest á klassíska tónlist og stundum djass. Einnig hefur hann gaman af sænskri þjóðlagatónlist sem hann kynntist á námsárum sínum í Svíþjóð.

Á uppvaxtarárunum á Akureyri var Sigurður ötull í skátastarfi ásamt því að vera félagi í Flugbjörgunarsveitinni. Það var einmitt í gegnum vinkonu úr skátunum sem hann kynntist Herdísi fyrir rúmum fjörutíu árum síðan.

Sigurður og Herdís eiga sumarbústað og stunda þar skógrækt af kappi. Þar er Sigurður einnig með smíðahús og ver hann miklum tíma í að byggja og bæta bústaðinn. „Hann er hættuleg fyrirmynd að því leyti að hann stoppar aldrei. Hann hefur alltaf eitthvað fyrir stafni. Er alltaf að smíða eitthvað og bæta og breyta,“ segir einn viðmælandinn kíminn.

Til margra ára hefur Sigurður verið félagi í Rótarýklúbbi Seltjarnarness þar sem hann er mjög vel liðinn að sögn félaga hans úr klúbbnum. Fyrir hönd klúbbsins hefur hann meðal annars tekið þátt í viðhaldi Albertsbúðar í Gróttu, síðustu minjum útgerðar á Seltjarnarnesi. Fyrr á þessu ári fór Rótarýklúbburinn í skemmtiferð til Færeyja þar sem Sigurður hlaut Paul Harris-viðurkenningu klúbbsins.

Hann þykir einstaklega barngóður maður. „Barnabörnin dýrka hann,“ segir fjölskyldumeðlimur. Sem uppalandi var hann hreinn og beinn og vissi hvernig hann vildi hafa hlutina. Jafnvel örlítið strangur en þó ávallt sanngjarn. „Ef hann var búinn að ákveða hlutina þá gilti það.“

### SIGURÐUR K. ODDSSON




### ÆVIÁGRIP

Sigurður Kristján Oddsson fæddist 22. janúar árið 1940 á Hafursá í Vallahreppi í S-Múlasýslu. Hann lærði tré- og skipasmíði á Akureyri eftir grunnskóla og starfaði sem smiður þar um tíma. Rúmlega tvítugur fór Sigurður til Stokkhólms og lærði tæknifræði.

Að náminu loknu kom Sigurður heim og hóf störf hjá Vegagerðinni. Síðar var hann byggingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar. Hann vann því næst hjá sænsku verktakafyrirtæki við byggingu álversins í Straumsvík. Hann var einn af stofnendum og eigendum Tækniþjónustunnar, verkfræðistofu þar sem hann starfaði í 25 ár þar til hann tók við starfi þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum árið 1995.

Sigurður er kvæntur Herdísi Tómasdóttur og eiga þau þrjú börn Tómas Má, Kristínu Vilborgu og Sigríði Björgu.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Sigurður stendur í eldlínu umræðna um að fella barrtré í þinghelgi þjóðgarðsins að Þingvöllum.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Ekki verða öll barrtré í þinghelginni felld. Furulundinum sem plantað var 1899, sem markaði upphaf skipulegrar skógræktar á Íslandi, verður leyft að standa, enda er hann friðaður með öllu.“

Sigurður tjáir sig um fyrirhugað skógarhögg á Þingvöllum sem hefur verið fjallað um í fréttum. Fréttablaðið 17. júlí 2007.


Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# SÉRÐU MUNINN?

Snúum við blaðinu í geðheilbrigðismálum barna og unglinga á Íslandi




auglýsingastofan grænn

**Blása þarf til átaks í geðheilbrigðismálum barna og unglinga á Íslandi**

- Það þarf að útrýma biðlistum með markvissum aðgerðum því innantóm orð eru einskis nýt
- Auka ætti svigrúm skólasálfræðinga til að meðhöndla börn og unglinga í umhverfi þeirra
- Stofna ætti prófessorsstöðu við Háskóla Íslands í barnageðlækningum til að tryggja nýliðun í stéttinni og efla rannsóknir
- Bæta þarf þjónustu við fjölskyldur og börn sem búa utan Reykjavíkursvæðisins
- Starfsfólk í grunnskólum þarf að hafa greiðan aðgang að upplýsingum og sérfræðiaðstoð svo það geti betur sinnt þörfum nemenda með geðraskanir

barnageð

Félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga

# Dómstólar í lokuðu rými?

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um hungur sem staðsetningartæki. Ennfremur er rætt um fjöldamorðingja og glæpamenn, sagt frá skyrtu sem braut gegn valdstjórninni og einkadansi dómstóla í lokuðu rými.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

SUNNUDAGUR, 15. JÚLÍ.

### Minnimáttarkennd gagnvart nágrönnum

Eftir hlýindin í Tyrklandi er hitastigið á Íslandi afskaplega notalegt.

Hér hefur verið gott næði til vinnu því að heimilisfólkið eyddi helginni austur í Bolholti við að mála og sparsla og gera húsinu til góða. Össur og Birta komu við hjá mér í dag og svo eldaði ég kvöldmat handa fólkinu sem var á heimleið.

Í kvöld horfði ég á Brasilíu og Argentínu spila úrslitaleik um Ameríkubikarinn í knattspyrnu. Brassarnir unnu 3:0. Fyrri hálfleiknum lýsti kínverskur sjónvarpsþulur, seinni hálfleikinn horfði ég á undir handleiðslu arabísks íþróttafréttamanns.

Fyrir 500-kall getur maður keypt sér aðgang að tölvuútsendingum á öllum heimsins knattspyrnuleikjum. Það var merkilegt að sjá að Argentínumenn virðast hafa sams konar minnimáttarkennd gagnvart þessum nágrönnum sínum og við höfum fyrir Dönum og Svíum. Það var greinilegt frá fyrstu byrjun að Argentínumenn höfðu enga trú á því að þeir gætu sigrað granna sína og því fór sem fór.

Slóðin á vefsíðuna sem býður upp á alla þessa knattspyrnu er www.free-football.tv. – og ég vona að viðskiptasiðferðið sé í lagi hjá því fyrirtæki. Ef þetta er ræningjakompaní er það þó alla vega ekki að ræna viðskiptavini með himinháum afnotagjöldum.



MÁNUDAGUR, 16. JÚLÍ.

### Hungur sem staðsetningartæki

Frú Sólveig er haldin flökkueðli. Nú er hún komin í sumarbústað austur við Laugarvatn með litlu Sól með sér. Reyndar er það ekki bara flökkueðlið sem rekur hana að heiman heldur líka tillitssemi. Henni er annt um að ég hafi sem best næði til að klára bókina mína. Andri minn er hins vegar í bænum. Hann fer út um borg og bý með vinum sínum, Elí og litla Villa og stóra Villa. Þeir koma svo við og láta vita af sér þegar þeir eru svangir svo að óþarfi er að kaupa á þá staðsetningartæki en það mun vera nýjasta nýtt í uppeldismálum að festa staðsetningartæki á afkvæmin til að vita hvar þau eru stödd hverju sinni.

ÞRIÐJUDAGUR, 17. JÚLÍ.

### Keisarinn rauði

Í sumarfríinu mínu las ég merkilega bók eftir breskan höfund sem heitir Simon Sebag Montefiore. Hún var um æsku og uppvöxt Jósefs Stalíns, heilmikill doðrantur, en mér fannst bókin svo athyglisverð að ég pantaði mér á amazon.co.uk aðra bók eftir sama höfund. Sú ber titilinn „Stalin – The Court of the Red Tsar“ eða „Stalín – hirð rauða keisarans“. Þetta er svakaleg lesning. Í venjulegum reyfara þykir gott ef höfundur lætur myrða þrjár eða fjórar persónur og í bíó fer mannfallið sjaldan yfir hundrað. Stalín drap milljónir.

Hin háa dánartíðni í afþreyingariðnaðinum hefur leitt til þess að margir spyrja hvort blóðsúthellingar geri ekki neytendur blóðþyrsta.

Hvað þá um raunveruleikann?

Engin glæpamynd eða -saga kemst í hálfkvisti við það sem raunverulega hefur gerst. Illmennin Blofeld, Iago og Voldemort eru eins og fermingardrengir við hliðina á alvöru glæpamönnum eins og Hitler, Stalín og Maó.

Við þennan lestur um blóðugan feril Stalíns fer ekki hjá því að maður velti því fyrir sér hvort illskan eigi sér engin takmörk. Fyrir utan að fyllast viðbjóði yfir vonsku og morðfýsn þessa einstaklings hlýtur maður einnig að spyrja: Hvernig komast fjöldamorðingjar upp með ógnarverk sín? Það drepur enginn milljón manns með eigin hendi. Það þarf fleiri til aðstoðar. Það þarf samþykki margra. Og hvar endar illskan? Getur einn vitstola harðstjóri smitað heilar þjóðir af geðveiki sinni? Og aðrar þjóðir, sbr. Bush og fylgisveina hans og innrásina í Írak?





Tuttugasta öldin er án vafa mesta framfaraskeið í sögu Evrópu og jafnframt blóðugasta tímabil í sögu Vesturlanda. Af því má til dæmis þá ályktun draga að lýðræðið sem við búum við sé óendanlega dýrmætt og brothætt. Nútímafólki hættir til að líta á lýðræði og borgaraleg réttindi sem sjálfsagðan hlut en því fer fjarri. Lýðræðið er nýfengið og kostaði miklar fórnir. Á eftir lífinu sjálfu er það dýrmætasta eign okkar og við eigum að virða það og gæta þess í samræmi við það.

MIÐVIKUDAGUR, 18. JÚLÍ.

### Skyrta ógnar valdstjórninni

Á visir.is er að finna alveg dásamlega frétt:

„Karlmaður var í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær dæmdur til að greiða 20.000 króna sekt í ríkissjóð fyrir brot gegn valdstjórninni.“

Í gúrkutíðinni les maður spenntur áfram og vill komast að því hvers konar uppreisnarstarfsemi þessi Norðlendingur hafði í frammi andspænis valdstjórninni. Enda kemur á daginn að það er ekkert smáræði sem maðurinn hefur á samviskunni. Fréttin heldur áfram:

„Aðfaranótt sunnudagsins 29. apríl síðastliðinn klæddist maðurinn einkennisskyrtu lögreglu á veitingastaðnum Kaffi Akureyri og taldi dómurinn að hann hafi með því brotið gegn valdstjórninni.

Maðurinn var einnig ákærður fyrir ranga skýrslugjöf með því að hafa skýrt rangt frá nafni sínu og kennitölu er lögreglan hafði afskipti af honum í skyrtunni. Hann var þó sýknaður af þeirri ákæru þar sem ekkert kom fram í gögnum málsins um að búið hafi verið að greina honum frá réttindum sakbornings. Eins var litið til þess að maðurinn hefur ekki sætt refsingu áður.“

Þetta er óborganlegt:

Þegar löggan var búin að handsama manninn í skyrtunni sem ógnaði valdstjórninni var maðurinn spurður að heiti og maðurinn laug að löggunni.

Svo er hann sýknaður af lyginni vegna þess að löggan gleymdi að skýra honum frá réttindum sakbornings áður en hún spurði hann að heiti.

Hins vegar er hann sakfelldur fyrir að vera í einkennisskyrtu lögreglu á veitingastað.

Það er ekki mikið að gera hjá þeim dómstólum sem standa í svona gríni.



FIMMTUDAGUR, 19. JÚLÍ.

### Að loka eða víggirða?

Dómstólar landsins halda áfram að stytta manni stundir. Í dag var Geiri í Goldfinger sýknaður í Héraðsdómi Reykjaness af ákæru um að hafa staðið fyrir nektardanssýningu „í lokuðu rými“.

„Að mati dómsins þótti ekki sýnt að dansinn hafi farið fram „í lokuðu rými“ líkt og bannað er samkvæmt lögreglusamþykkt.

Fyrir dómi lá fyrir viðurkenning sakborninga að dansinn hafi farið fram í rými með fasta veggi á þrjár hliðar og tjald fyrir þeirri fjórðu. Hins vegar taldi Ásgeir ekki um lokað rými að ræða þar sem auðvelt væri að hafa eftirlit með því hvað fram færi inni í einkadansklefanum með því að svipta tjaldinu frá.“

Á mínu heimili og flestum öðrum heitir það að loka sér ef einhver lokar herbergisdyrum til marks um að vilja vera í næði. Auðvitað getur hver sem er opnað dyrnar því að engin þörf er á að læsa með lykli þótt maður vilji loka að sér. Enda merkir „að loka“ ekki „að víggirða“. Að vera í lokuðu rými er einfaldlega andstæðan við að vera á almannafæri.

Nú held ég að dómstólar í landinu séu orðnir viðskila við þjóðina og farnir að stíga sinn einkadans í lokuðu rými.

Getur hvaða glæpamaður sem er haft þá að fíflum með útúrsnúningum ef hann er með nógu harðan lögfræðing?


Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið



allt
bílar
Alla laugardaga


SKINKA
RÆKJUR
TÚNFISKUR
Bónus samloka tilboðsverð:
95 KR.
Verð áður 139kr.
Sjáðu verðið!
BC KLETTASALAT 100g
Klettasalat
198 KR.
100g
Herragarðs svínalundir
KJARNAFÆÐI
Svínalundir -kílóverð nú:
1698 KR.
Merkt verð 1998kr.
GOÐI
Soðin lambasvið kílóverð nú:
459 KR.
Merkt verð 655kr.
Soðin og klár
30% afsláttur við kassann
Coca-Cola light
2L
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
Feti
Íslands nautakótelettur -kílóverð nú:
1798 KR.
Merkt verð 1998kr.
ÍSLANDS NAUT
Kartöflu salat
Hrá salat
KF SALAT
95 KR.
350g
2 lítrar
88 KR.
Bónusfeti framleiddur af Mjólku- Finndu bragðið!
KRYDDAÐAR NAUTAKÓTELETTUR
1200g pitsutilboð
598 KR.
2+1 FRESCHETTUR
Limited Edition
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS
FOR FREE
FRESCHETTA
PIZZA
3x 400g
199 KR. 400g
pitsan
Grísa lærisvöðvi -kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898kr.
GRÍS
Gæði á grillið
Minna en 5% fita
30% afsláttur við kassann
Villibráðarkryddað kinda innralæri - beinlaus steik
KJARNAFÆÐI
Kinda innralæri -kílóverð nú:
1998 KR.
BEINLAUS STEIK
Holtaleggir kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605kr.
BBQ kjúklingabringur -kílóverð nú:
1557 KR.
Merkt verð 2595kr.
40% afsláttur við kassann
40% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
Ferskar íslenskar BBQ kryddaðar kjúklingabringur
bonus.is
ERAN/Landlist

**ERNEST MILLER HEMINGWAY RITHÖFUNDUR FÆDDIST ÁRIÐ 1899**



*„Tryggasti vinur mannsins er bókin.“*

***Ernest Miller Hemingway var bandarískur rithöfundur sem hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1954 ári á undan Halldóri Laxness. Frægustu verk Hemingways eru meðal annars, Vopnin kvödd, Hverjum klukkan glymur og Gamli maðurinn og hafið.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 21. JÚLÍ 1963

## *Skálholtskirkja vígð*



SKÁLHOLTSKIRKJA

Skálholt í Bláskógabyggð í Árnessýslu á sér langa sögu og er eitt elsta höfuðból kristninnar á Norðurlöndum. Þar hafa staðið tíu kirkjur og reis sú fyrsta árið 1.000 og var nefnd Gissurarkirkja hvíta.

Flestar kirkjurnar sem hafa staðið í Skálholti hafa verið úr timbri, tjaldaðar innan og með myndskreyttum glerrúðugluggum og góðum gripum. Stærsta kirkjan sem hefur verið reist á Íslandi stóð í Skálholti og var hún miklu stærri en núverandi kirkja.

Á Skálholtshátíð árið 1956 var lagður hornsteinn núverandi kirkju og var það þáverandi húsameistari ríkisins, Hörður Bjarnason, sem teiknaði hana.

Kirkjan var síðan vígð árið 1963 af þáverandi biskupi, dr. Sigurbirni Einarssyni. Sama dag afhenti þáverandi kirkjumálaráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, þjóðkirkjunni Skálholt til varðveislu og eflingar kristninni í landinu.

Kirkjan hefur fengið margar verðmætar gjafir og má þar nefna gluggana sem Gerður Helgadóttir teiknaði, orgelið, ljósatækin, stólana, eina kirkjuklukku og hluta af altaristöfluna sem Nína Tryggvadóttir hannaði úr mósaík. Norðmenn gáfu byggingarefni, meðal annars flísar á þak og gólf og hurðir ásamt kirkjuklukku. Svíar gáfu tvær kirkjuklukkur og Finnar eina en í kirkjunni eru nú átta klukkur. Færeyingar gáfu kirkjunni skírnarsá.

## MERKISATBURÐIR

**1456** Umsátrið um Belgrad.

**1808** Sveitalögreglu Íslands komið á og hreppstjórar gerðir að lögregluþjónum.

**1846** Sigurður Breiðfjörð, rímnaskáld, lést 48 ára að aldri. Hann hafði sætt mikilli gagnrýni en var mjög vinsæll meðal alþýðunnar.

**1914** Sigurður Eggerz varð Íslandsráðherra og sat í tíu mánuði.

**1936** Á Breiðdalsvík rak á land sverðfisk, en slíkar skepnur eru fáséðar norðar en við England.

**1987** Héðinn Steingrímsson vann heimsmeistaramót barna 12 ára og yngri í skák.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

### Jóna Friðfinnsdóttir

Kristnibraut 6, Reykjavík,

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 18. júlí síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhannes B. Long**
**Berglind Long**
**Íris Long** — **Guðmundur Guðjónsson**
**Helen Long** — **Jón Ingi Hilmarsson**



*Maðurinn minn*

### Gunnar Jónsson

mjólkurfræðingur, Grenigrund 40, 800 Selfoss,

lést á Kumbaravogi 17. júlí 2007.

**Helga Þórðardóttir og börn.**



*Elsku dóttir mín, systir, mágkona og frænka,*

### Guðlaug Þórarinsdóttir

lést á Skálatúnsheimilinu í Mosfellsbæ þriðjudaginn 17 júlí. Kveðjuathöfn verður í Lágafellskirkju mánudaginn 23. júlí kl 12.00. Útförin fer fram í Norðfjarðarkirkju föstudaginn 27. júlí kl 14.00.

**Hulda S. Bjarnadóttir og fjölskylda.**



*Okkar ástkæri,*

### Aðalsteinn Davíð Jóhannsson

Háholti 12, Akranesi,

sem lést af slysförum 16. júlí sl. verður jarðsunginn frá Akraneskirkju miðvikudaginn 25. júlí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Stofnaður hefur verið reikningur í Landsbankanum á Akranesi til styrktar börnum hans, tæpra 2 ára og 7 mánaða. Reikningsnúmerið er 0186-15-380076, kt. 020775-3009.

**Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir**
**Íris Rakel Aðalsteinsdóttir**
**Ragnar Páll Aðalsteinsson**
**Guðlaug Aðalsteinsdóttir** — **Jóhann Jensson**
**Bjarni Borgar Jóhannsson** — **Valgerður Guðbjörnsdóttir**
**Benedikt Heiðar Jóhannsson**
**Guðrún Sveinbjörnsdóttir**
**Halldór Júlíusson** — **Gíslný Bára Þórðardóttir**
**Sigurrós Júlíusdóttir** — **Ólafur Borgarsson**
**Sigurlína Júlíusdóttir** — **Guðmundur Páll Jónsson**
**Ólöf Ingibergsdóttir**
**Birna Júlíusdóttir** — **Bjarni Axelsson**

SUMARHÁTÍÐ KRAFTLYFTINGAFÉLAGS ÍSLANDS: KLÓSETTHLAUP OG BÍLADRÁTTUR.

# Stærðin skiptir máli

Kraftlyftingafélag Íslands, KRAFT, heldur sumarhátíð í dag sem hefst kl.14.00 á lóð Sjálfsbjargar við Hátún 12 í Reykjavík.

Að sögn Jóhönnu Eiríksdóttur, formanns félagsins, er hátíðin opin öllum og markmiðið að kynna starfsemi félagsins fyrir almenningi.

Meðlimir félagsins eru um hundrað og eru að sögn Jóhönnu bæði þeir sem stundar kraftlyftingar og áhugasamir. Hún er sjálf hætt keppni en rekur líkamsræktarstöðina Silfursport þar sem hún æfir af fullum krafti og leiðbeinir keppendum í kraftlyftingum, vaxtarrækt og fitness.

Jóhanna segir karla í meirihluta í íþróttinni en konur séu hægt og rólega að bætast í hópinn.

„Konur eru svolítið hræddar við kraftlyftingar og sumar halda að þær þurfi að líta út eins og rússneskir kúluvarparar. Það er mikill misskilningur,“ segir Jóhanna hlæjandi og bætir við: „Ímynd kraftlyftinga er að breytast.Margar konur eru þrælsterkar og þessvegna gaman að láta reyna á það.“

Dagskrá sumarhátíðarinnar er með fjölbreyttu sniði og keppt verður í óhefðbundnum greinum.

„Við ætlum að keppa í Gustavsberggöngunni þar sem þátttakendur ganga með klósett í fanginu,“ segir Jóhanna. Einnig verður útkastarakeppni, bíladráttur, langstökk án atrennu, kurl og hjólbörukeppni.

Einnig mun stærsti Patroljeppi í heimi láta ljós sitt skína.

„Hátíðin er ætluð sem skemmtun fyrst og fremst þar sem grín og gaman verður í fyrirrúmi,“ segir Jóhanna sem ætlar að skarta bol með nýju slagorði félagsins sem er „Stærð skiptir máli“.

rh@frettabladid.is




**KRAFT FAGNAR SUMRI** Jóhanna Eiríksdóttir, formaður Kraftlyftingafélags Íslands, býður til sumarhátíðar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

### Garðars P. Þormar

Guð blessi ykkur öll.

**Ingunn Þormar**
**Sigfús Þormar**
**Sigríður Þormar**
**Páll Þormar** — **Angela Ragnarsdóttir**
**Sigfríð Þormar** — **Jón Pétursson**
**Kristinn Þormar** — **Jónína Samúelsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

### Jón Sveinsson

rafmagnstæknifræðingur frá Stöðvarfirði, Arahólum 2, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 12. júlí á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. júlí kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök sykursjúkra eða Félag nýrnasjúkra.

**Helga Haraldsdóttir**
**Sveinn Vilberg Jónsson** — **Guðný Lilja Guðmundsdóttir**
**Haraldur Þór Jónsson** — **Helga Jóhanna Úlfarsdóttir**
**Jóhann Helgi Sveinsson** — **Helga María Sveinsdóttir**
**Sunneva Björg Davíðsdóttir** — **Jón Ágúst Haraldsson**



*Kveðjuathöfn um*

### Einar Odd Kristjánsson

alþingismann,

sem lést þann 14. júlí sl., verður í Hallgrímskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 25. júlí kl. 15.00. Útför hans verður gerð frá Flateyrarkirkju laugardaginn 28. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast Einars Odds er góðfúslega bent á Maríusjóðinn á Flateyri, sími 450 2560.

**Sigrún Gerða Gísladóttir**
**Brynhildur Einarsdóttir** — **Illugi Gunnarsson**
**Kristján Torfi Einarsson** — **Dagný Arnalds**
**Einar Arnalds Kristjánsson**
**Teitur Björn Einarsson**
**Jóhanna G. Kristjánsdóttir**
**Kristján Erlingsson**
**Vigdís Erlingsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

### Margrét (Maddý) Karlsdóttir

Urðarbraut 7, Garði,

er lést sunnudaginn 8. júlí, verður jarðsungin frá Útskálakirkju, Garði, þriðjudaginn 24. júlí kl. 14.00.

**Kristján Daníelsson**
**Ingibjörg R. Mohammed** — **Kash O. Mohammed**
**Sigurbjörg Ragnarsdóttir** — **Einar Emil Einarsson**
**Þorkell Ragnarsson**
**Haraldur Rúnar Ragnarsson**
**Helgi Már Ragnarsson** — **Jennifer L. Ragnarsson**
**Arnar Ragnarsson**
**Sesselja K. Karlsdóttir**
**Eggert Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

# Heilsteypt á hliðarlínunni




**Kristín Soffía Þorsteinsdóttir** er sú eiginkona sem hvað lengst hefur fylgt landsliðinu í handbolta. Í tólf ár hefur hún staðið á hliðarlínunni og stutt við bakið á einum ástsælasta íþróttamanni þjóðarinnar, Ólafi Stefánssyni. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við Kristínu Soffíu um 11 ára dvöl í útlöndum, fjölskylduást og nýjan erfingja.

Mér líður ákaflega ófrískri allt í einu, orðin andstutt og stirð. Ég er komin 25 vikur á leið, ég fletti því upp í gær, annars hef ég aldrei spáð mikið í að telja þetta, veit bara að ég er sett í október,“ segir Kristín Soffía og jánkar því að þetta sé erfiðara nú í þriðja skiptið en hin fyrri tvö. „Jú, ég er eiginlega farin að halda það. Nema það sé þessi mekanismi, sem lætur mann gleyma erfiðleikunum strax og stuðlar að frekari fjölgun í heiminum, sem sé að virka svona vel á mig. Maður man bara ekki eftir neinu slíku.“

Kristín Soffía er í þeim töluðu orðum farin að horfa girndaraugum á upptökutæki blaðamanns og viðurkennir að hana langi svolítið í slíkt tæki. Væri hreint fyrirtak að geta tekið upp allt það sem þarf að stússast daginn eftir, jafnóðum og maður man það. „Óli notar svona tæki mikið og tekur jafnvel upp það sem hann dreymir,“ segir hún og bætir við að hún myndi að vísu nota tækið til allt annarra og mun praktískari hluta – enda segir hún þau hjón ekkert sérstaklega lík. „Já, hvernig þá? Ja, ætli ég sé ekki bara mjög þægileg manneskja að búa með,“ segir hún kankvís. „Ég get heldur ekki ímyndað mér hvernig á að vera pláss fyrir tvo mjög sérvitra einstaklinga í einni og sömu fjölskyldunni.“

### Sá hamingjuna í bifreiðum með barnadót

Kristín Soffía var líka þægilegt barn. Og hagaði sér fljótt eins og skynsöm fullorðin ráðskona, 9 ára gömul. Enda elst í fjögurra systkinahópi og átti þrjá yngri bræður sem hún gætti meðan foreldrarnir unnu úti. Fyrst í Vesturbæ Reykjavíkur en svo í Kópavogi, með stuttri viðkomu í Breiðholti. „Ég varð mjög fljótt fullorðin, ef svo má segja, þetta var mikil ábyrgð. Manni var treyst og rætt við mann sem væri maður fullorðinn.“

Þrátt fyrir barnapössun sem hefði dugað mörgum fyrir lífstíð hafði það ekki slík áhrif á Kristínu. „Ég var held ég líka bara eitthvað pínu klikkuð þegar ég var yngri. Ég lék mér mikið með dúkkur og stalst í fata- og bleiupokana hennar mömmu, tók vagninn og skundaði með það hafurtask úti um allan bæ. Ég sló þvílíkt um mig, þóttist eiga þetta allt saman og mín heitasta ósk var að í vagninum væri alvörubarn, sem ég ætti. Ef ég sá einhvers staðar bíl keyra framhjá sem var fullur af barnabílstólum, barnadóti, vögnum og slíku hugsaði ég með mér að þetta hlyti bara að vera hamingjan. Ég skil ekki hvaðan þetta kemur. Ég ætti að hafa fengið algert ógeð eftir að hafa passað þrjá yngri bræður.“

Þegar fullorðinárin komu breyttist draumurinn um dúkkur í drauminn um fjölskyldu og barnamergð. „Jú, það var minn draumur. Óli hefur ekki á sama hátt kannski haft það sem fantasíu að eignast mörg börn, já nema nú í seinni tíð – þegar mér sjálfri finnst nú bara komið gott. En ég veit það af eigin raun að það er ómetanlega skemmtilegt og fjörugt að eiga stóra fjölskyldu.“

> Hann var þarna með vini sínum sem ég þekkti og það er kannski undarlegt að segja það en ég vissi bara einhvern veginn að hann yrði minn. Horði á hann og hugsaði: Já, ókei, svo þetta er maðurinn sem ég á að giftast.

### Hún verður að kynnast Óla frænda!

Úr Kópavoginum lá leiðin í Versló en Kristín kláraði þar verslunarprófið og útskrifaðist svo af málabraut í Ármúla. Einhvers staðar á milli Versló og Ármúla hitti hún Óla. Á sumarnóttu fyrir utan Gauk á Stöng. Hún var þó búin að vita af honum síðan á fermingaraldri og hafði meira að segja lent í því að fólk henni kunnugt sagði henni að hún „yrði nú að kynnast honum Óla“. „Rétt eftir fermingu var ég stödd í stórri veislu heima hjá ömmu og afa sem haldin var fyrir starfsmenn forsætisráðuneytisins, en afi var þar ráðuneytisstjóri. Í veislunni var þar staddur forsetaritarinn og eiginkona hans. Hún átti þennan frænda – Ólaf Stefánsson – og hún pikkaði í manninn sinn og sagði svo ég heyrði: Sérðu þessa stúlku hérna, hún verður að kynnast honum Óla frænda. Þá vissi ég ekkert hver hann var en hún sagði mér að hann byggi í Kópavogi hjá ömmu sinni og afa og ég varð strax mjög forvitin. Upp úr þessu fór ég að fara í göngutúra á öllum tímum sólarhings, framhjá húsinu hans Óla, en aldrei sá ég þessum strák bregða fyrir.“

Nokkrum árum síðar var Kristín Soffía stödd á leik milli Vals og HK en hún er af mikilli handboltafjölskyldu og æfði sjálf handbolta í ein níu ár (þótt Óli hafi að vísu aldrei séð hana spila enda bannaði hún honum að koma á leiki). Þennan dag var Kristín í Valsheimilinu með föður sínum, sem þá var formaður HK, og allt í einu hnippir faðir hennar í hana. „Pabbi bendir á Óla og segir: „Sjáðu þennan þarna, litla og mjóa, er hann ekkert málið fyrir þig?“ Þá var ég að byrja í Versló, á leiðinni á skólaball og var auðvitað bara skotin í allt öðrum. En svo bara hittumst við þarna, tveimur árum síðar, og þá hafði ég einhvern veginn alltaf vitað hver hann var. Hann var þarna með vini sínum sem ég þekkti og það er kannski undarlegt að segja það en ég vissi bara einhvern veginn að hann yrði minn. Horði á hann og hugsaði: Já, ókei, svo þetta er maðurinn sem ég á að giftast. Enda virðast fleiri hafa vitað það en ég. Og síðan þá höfum við bara alltaf verið saman,“ segir Kristín og telur með blaðamanni að árin séu þá orðin 15 sem þau hafa deilt saman.

### Frábær ár í ljótustu borg heims

Við tók ævintýrið sem Kristín lifir enn. „Við hófum búskap á Hofteigi tveimur árum síðar, Óli reyndi við læknisfræðina og ég tók einn og hálfan vetur í uppeldis- og menntunarfræði. Þá lá leiðin til Þýskalands. Og ég hlakkaði strax mikið til að flytja, upplifa frelsið og kynnast heiminum. Þótt gleðin hafi að vísu verið tregablandin því ég kveið því svolítið að fara frá fjölskyldu og vinum. En það liðu auðvitað ekki nema tveir mánuðir þar til mamma og pabbi og bræður mínir voru komin í heimsókn og nú erum við búin að vera úti í 11 ár og enn líður okkur vel úti.“

Kristín segir þá tilfinningu að fara út þar sem enginn þekkir mann og hvorki í bankanum né annars staðar séu kunnugleg andlit til að heilsa hafa í raun verið afar góða og mikið frelsi í henni fólgið. Vinskapur myndaðist þó fljótt og Kristínu þykir afar vænt um árin fimm í Austur-Þýskalandi, þar sem börnin hennar tvö, Helga Soffía og Einar Þorsteinn, fæddust. „Þótt þessum árum, milli tvítugs og þrítugs, þegar maður var að eignast börnin sín og koma undir sig fótunum, hafi verið eytt í ljótustu borg heims, þá gerðust allir þessir skemmtilegu hlutir engu að síður þar. Staðurinn á stóran part í hjarta manns. Og lífsreynslan af þessum stað var á heildina litið mjög jákvæð. Þótt ég hafi verið mjög glöð að flytjast svo til Spánar og kynnast menningunni þar, enda kom á daginn að þar beið okkar mjög fjölskylduvænt, fjörugt og ótrúlega skemmtilegt líf.“

### Langaði aftur til Austur-þýskalands

Fyrsta árið á Spáni var enginn sunnudagsbíltúr, meðfram því að hjálpa börnunum að aðlagast nýju umhverfi, skóla og leikskóla, tók Kristín lestina til Madríd til að sækja tíma í innanhússhönnun og eyddi þremur klukkustundum á dag í ferðalagið. „Flutningurinn og allt sem honum fylgdi tók á. Óli var óánægður með þjálfarann sinn, Einar svaf ekki, ég svaf ekki, brjálað að gera í skólanum, enginn í fjölskyldunni talaði tungumálið og öðru hverju leiddi ég hugann að því að við ættum bara að flytja

## HVAÐ SEGJA ÞEIR NÁNUSTU?

**ÆSKUVINKONAN**
**Sigrún Sandra**
Kristín er afar hugrökk og víðsýn. Hún hefur sérstaka aðlögunarhæfileika sem sýnir sig best í því hversu vel henni hefur gengið að flytjast milli landa og hjálpa börnunum með að aðlagast nýrri menningu og tungumáli. Kristín er afar hlý og umhyggjusöm og er mjög áhugasöm um fólk og dæmir það ekki heldur tekur því eins og það er. Hún er alltaf til í að ræða við allt og alla og um allt. Svo er hún mjög skapandi manneskja og ég er viss um að næsti kafli í lífi hennar muni tengjast einhvers konar sköpun en hún hefur mjög næmt auga fyrir því sem er fallegt og öðruvísi.



**BRÓÐIRINN**
**Einar Þorsteinsson**
Kristín varð mjög snemma ábyrga systirin, og fullorðin fyrir aldur fram. Hún gætti okkar bræðranna og ég held að það hafi verið full vinna enda talsverður galsi í þremur ærslabelgjum. Hún vandist því snemma að þurfa að hlusta á okkur bræðurna og ég held að við hringjum yfirleitt allir beint í hana ef við þurfum góð ráð. Hún er líka svo fyndin og skemmtileg og það er alltaf gaman í kringum hana. Hún hlustar vel, setur hlutina í samhengi og segir manni sínar skoðanir umbúðalaust. Þegar ég fer að hugsa það – þá held ég að það sé vandfundin betri manneskja en hún. Hún er höfðingi heim að sækja – það veit ég vel – enda er maður alltaf annaðhvort á leiðinni til hennar eða nýkominn frá henni. En umfram allt er hún fyndin, góð, falleg og skörp.



**FRÆNKAN**
**Birna Anna Björnsdóttir**
Við, systir mín, Lára, og Kristín Soffía vorum hálfgert tríó þegar við vorum að alast upp og alltaf að vesenast eitthvað saman. Kristín er einstaklega glaðlynd og ein ljúfasta manneskja sem ég þekki, en um leið getur hún verið mjög beitt og er með hrikalega svartan og lúmskan húmor. Kristín hefur líka, með sínu opna fasi, einstakt lag á að heilla alla í kringum sig og þegar ég hef verið með henni í hinum og þessum löndum hef ég séð að það er ekki menningarbundið – það hrífast einfaldlega allir með, hvar sem er. Hún er líka með mjúkustu húð í heimi – án gríns – það er fáránlegt.



**EIGINMAÐURINN**
**Ólafur Stefánsson**
Kristín er margslungin manneskja og leynir mjög á sér. Ég verð alltaf glaður að hafa hitt hana. Hún er mjög „spont-


**SAMBANDIÐ EKKI FLÚIÐ Í ÚTLÖNDUM** Kristín Soffía segir að hún hafi oft grínast með það að hún og Ólafur Stefánsson væru eflaust hætt saman byggju þau á Íslandi. Að dvelja erlendis, fjarri vinum og fjölskyldu, hafi fljótt sýnt þeim að þau ættu skap saman og auðveldara að týna sér í stressinu hér heima og komast í raun aldrei að því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þessa þróun á lífinu sem fórn – að hún sé að fórna sínum tækifærum fyrir feril Óla? „Nei, ég hef aldrei gert það og hef alltaf notið þessa alls í botn. En oft heldur fólk það – að ég sé að fórna mér á altari Óla og ég hljóti nú bráðum að fara að drífa í því að gera eitthvað fyrir sjálfa mig. En það er svo misjafnt hvað fólk þarf og á hvaða tíma. Þetta eru árin sem börnin eru lítil, við höfum tækifæri til að búa á Spáni og njóta þess lífs í botn, sinna börnunum og höfum tíma hvort fyrir annað. Síðar kemur svo tíminn þar sem það sama verður ekki upp á teningnum og ég get til dæmis ekki hugsað mér þegar við flytjum heim að vera heimavinnandi.“

**Veit ekki hvort ég kunni á Ísland**

Að flytja heim. Hljómar slíkt undarlega í eyrum Kristínar? Sér í lagi að flytjast frá Spáni – landinu þar sem börnin koma heim í hádeginu og taka síestu til þrjú og fjölskylduvænt umhverfið leyfir foreldrunum að taka börnin með á veitingastaði og dvelja til miðnættis án þess að nokkur fetti fingur út í það. „Hingað til hef ég verið kvíðin fyrir því að koma heim. Að ég hreinlega kunni ekki að búa hérna. Ég var svo mikið barn þegar ég fór út og finnst ég búin að missa af svo miklu, þótt við dveljum að vísu á landinu hvert sumar. Það er mun meiri hraði í þjóðfélaginu og miklir peningar og lífsgæðakapphlaupið er strembnara. Óli er að minnsta kosti með endalausar hugmyndir og pælingar um hvað hann ætli að gera þegar heim er komið. Mér þætti betra að vera búin að setja það niður fyrir mér hvað ég mun gera en Óla finnst hann vera að missa af einhverju skemmtilegu hér á Íslandi. Það kemur þá bara í ljós og það má alltaf flytja út aftur – það er það stórkostlega við frelsið.“

**Ólík systkini hvort frá sínu landinu**

Helga Soffía, sem setið hefur þolinmóð og hlustað á móður sína síðasta klukkutímann, er orðin þrítyngd. Þýskuna skilur hún vel og hún er altalandi á spænsku og íslenku. Kristín Soffía segir að þau systkini séu mjög ólík. Helga Soffía var í austur-þýskum leikskóla þar sem allt var í röð og reglu og pínulítil voru þau látin hátta sjálf ofan í lítil rúm sem lágu í röð og brjóta fötin saman. Einar var ekki nema eins og hálfs árs þegar þau fluttu til Spánar og er því mun mótaðri af spænska umhverfinu. Helga Soffía læðir því að að bróðir hennar nenni sko engu – leggist bara og bíði eftir því að hún og móðir hennar klæði hann úr sokkunum. Í dag ganga þau bæði í kaþólskan skóla í bænum Ciudad Real á Spáni. Morgnar byrja á maríubænum og nunnur vappa í kring og Kristín Soffía segist vera afar glöð að krakkarnir fái að kynnast þessari menningu og bara sem flestu í lífinu.

En hver er galdurinn – að geta búið svo fjarri fjölskyldu sinni, með eiginmanni og börnum í yfir 10 ár og ekkert farið í hund og kött? „Ég hef oft sagt í hálfkæringi að við værum örugglega löngu skilin værum við á Íslandi. Hér er svo mikill hraði og áreiti að mér finnst það stundum hreinlega hræðandi. Það er líka svo auðvelt að búa í samfélagi þar sem allt er á þönum og komast í raun aldrei að því hvort þú og maki þinn eigið skap saman. Alltaf hægt að dreifa athyglinni annars staðar. En úti, þar sem hvergi er hægt að flýja neitt og þú situr uppi með þennan eina félagsskap – þar kemstu fljótt að því hvort þetta gangi eður ei.“

aftur til Austur-Þýskalands. Það hefði verið auðvelda leiðin en aldrei sú rétta. Sem betur fer varði heimþráin til Þýskalands ekki nema í nokkrar vikur. En það má svo sem segja að við höfðum verið vöruð við. Okkur hafði verið sagt að taka því rólega fyrst og vera ekki að flýta okkur neitt, þannig að ég tók þá ákvörðun að láta námið bíða um sinn. Ég hafði bara ekki þrjá tíma í sólarhringnum til að eyða í lestarferðir. Seinna fór ég að vísu í leikmyndahönnun og þar fann ég nám sem mér fannst virkilega forvitnilegt og á örugglega eftir að klára það. Mér fannst sá heimur mjög spennandi og allar þessar pælingar á bak við leikmyndirnar.“

En Kristín hefur aldrei litið á



ant“, getur framkallað ýmiss konar hughrif og kemur manni sífellt á óvart – maður veit aldrei alveg hvar maður hefur hana. Hún er litrík og afar skilningsrík á vitleysing eins og mig. Allt hitt er svo á milli okkar.





Íslensk orkumál og virkjanir – alþjóðleg fyrirmynd í umhverfismálum

Landsvirkjun býður landsmönnum að heimsækja sex stöðvar í sumar þar sem bæði er hægt að kynna sér staðreyndir um umhverfisvæna íslenska orku og skoða fjölbreyttar sýningar um menningu, list og sögu.


„Hvað er með Ásum?“
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings.
**Laxárstöðvar í Aðaldal**


Orka í iðrum jarðar!
Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáið myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.
**Kröflustöð í Mývatnssveit**


Kraftverk
Listaverk sem sjaldan hafa komið fyrir almenningssjónir – mörg hver með áhugaverða sögu sem tengist Landsvirkjun og orkumálum. Kjarval, Ásgrímur, Gunnlaugur Blöndal og fleiri.
**Ljósafossstöð við Sog**


Kynnist Kárahnjúkavirkjun!
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.
**Végarður í Fljótsdal**. *Opið 9–17 alla daga.*


Líf í Þjórsárdal
Ómissandi viðkomustaður á leiðinni inn á Sprengisand og í Veiðivötn.
**Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**


Heimsókn í Húnaþing
Kynnið ykkur orkumál og starfsemi Blöndustöðvar í starfsmannahúsi stöðvarinnar.
**Blöndustöð, Húnaþingi**

Kynnist okkur af eigin raun
Heimsækið Landsvirkjun í sumar.
Stöðvarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000

Landsvirkjun

PIPAR • SÍA • 71210

# Brýnt að grípa strax í taumana

Mál tveggja harðsvíraðra brotamanna á barnsaldri hafa vakið talsverða athygli í fjölmiðlum að undanförnu. En hvernig leiðast börn út á slíka glapstigu? Hverju er um að kenna? Hvað má gera til að koma í veg fyrir að börn og unglingar velji þessa leið og hvernig er hægt að bjarga þeim af henni? Eru þau dæmd til að verja ævinni í fangaklefa? *Stígur Helgason* leitaði svara hjá fagfólki.

Tveir unglingar og ófyrirleitin hegðun þeirra hafa ratað í fjölmiðla á undanförnum vikum. Annar er fimmtán ára drengur sem nýverið hlaut tuttugu mánaða fangelsisdóm fyrir ýmis afbrot, sum mjög alvarleg. Það er þyngsti dómur sem svo ungt barn hefur hlotið hérlendis svo vitað sé. Hann situr nú í gæsluvarðhaldi fyrir að hafa höfuðkúpubrotið leigubílstjóra með hamri í lok apríl og gæti átt von á ákæru fyrir tilraun til manndráps.

Hitt ungmennið er fjórtán ára gömul stúlka sem lögregla hafði fyrst afskipti af átta ára gamalli. Hún réðst hrottalega á tvær jafnöldrur sínar við Smáralind á þriðjudag fyrir hálfri annarri viku og veittist harkalega að lögreglu við handtöku. Hún stærði sig af árásunum á bloggsíðu sinni og virðist algerlega laus við eftirsjá.

### Fjórtán ára þungavigtarboltar

Guðmundur Týr Þórarinsson, betur þekktur sem Mummi í Mótorsmiðjunni, kippir sér ekki sérstaklega upp við að heyra sögurnar af ungmennunum tveimur. „Þetta er ekkert nýtt fyrir okkur. Það er fjöldinn allur af svona guttum á götum Reykjavíkur, það er staðreynd. Hópurinn fer svo ört stækkandi eftir fjórtán ára aldur.“ Mummi hefur unnið með vandræðaunglingum í fjórtán ár og þekkir heiminn því betur en margur. „Ég man eftir svona þungavigtarboltum fjórtán ára sem svifust einskis. Fólk var limlest og lamið og þeir bara komust upp með þetta lengi.“

### Skortir siðferðiskennd

Þegar fregnir berast af svo alvarlegum brotum af hendi barna vaknar sú spurning hverju sé um að kenna þegar barn leiðist út á slíka braut. Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðingur, segir uppeldisþáttinn vega þar þyngst. „Þegar börn eru tilfinningasnauð, gagnvart umhverfinu og lífi, hvort heldur sem um ræðir dýr eða menn, þá skortir þau ákveðna siðferðiskennd sem við fáum bara í uppeldi.“ Hún segir mörg börn búa við aðstæður sem eru þeim ekki bjóðandi. „Þar af leiðandi, þegar þú hefur ekki aga og aðhald gagnvart börnunum, og þau eru svona afskiptalaus í umhverfinu, þá er voðinn auðvitað vís.“

Ólöf segir að mikil áföll sem börn verða fyrir í æsku einnig geta orsakað persónuleikaröskun. „Það eitt og sér getur vissulega hrundið af stað röð tilfinningaatvika hjá barni. Þá er mikilvægt að grípa fljótt inn í.“

Hugo Þórisson barnasálfræðingur, er sammála því að allt eigi þetta rætur í uppeldinu. Hann segir þó afþreyingariðnaðinn einnig eiga sök á vandanum. „Það eru svo margir sem vilja hafa áhrif á börnin í þessu þjóðfélagi. Maður sér kvikmyndir verða sífellt hryllilegri og í afþreyingarbransanum, sjónvarpi, kvikmyndum og tölvuleikjum, virðist vera samkeppni í gangi um að ganga fram af fólki. Ef foreldrar eru ekki á vaktinni og leiðbeina börnunum og sýna þeim umhyggju þá verða þeir undir í baráttunni um athygli þeirra.“

### Ábyrgð samfélagsins er rík

Að mati Mumma og Ólafar þarf að grípa mun fyrr inn í þegar börn sýna af sér andfélagslega hegðun. „Átta ára stelpa sem rústar skóla – af hverju stoppaði málið hennar ekki þar?“ spyr Mummi. „Hvar er öryggisnetið? Það á ekki að bíða þótt börnin lofi því að vera til friðs. Bara það að barn hnupli úr búð á að hafa afleiðingar. Þá á strax að grípa inn í.“

Ólöf segir að almenningur þurfi að vera duglegri við að tilkynna til Barnaverndarnefndar allar grunsemdir um að barn eigi við vandamál að stríða. „Samkvæmt 16. grein Barnaverndarlaganna höfum við tilkynningaskyldu sem almenningur. Okkur ber að láta vita ef við teljum að eitthvað sé að í lífi barns og það er hugsanlega á leið að eyðileggja líf sitt.“ Hægt sé að gera slíkt án þess að barnið fái að vita hver tilkynnti. Hún segir málin ekki þurfa að vera stór til að gefa tilefni til tilkynningar. „Fólk á frekar að tilkynna heldur en að bera þessa ábyrgð með sér og átta sig síðan á því fimm árum síðar að það hefði átt að gera eitthvað. Nefndin tekur svo ákvörðun um það hvort eitthvað skuli gera.“

### Foreldrum kennt um - ekki kennt

Hugo er ekki í nokkrum vafa um hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir að börn þrói með sér alvarleg hegðunarvandamál. „Ég er búinn að segja það í aldarfjórðung; það þarf að styrkja fjölskylduna, styrkja foreldrana í uppeldi barna sinna og styðja við skólana. Það hefur ítrekað verið bent á þetta og því geta menn ekki verið hissa á því þegar ekkert hefur verið gert að við sitjum nú uppi með ekki minni vanda en áður.“ Hugo bendir á að öflug foreldrafræðsla gæti verið árangursrík forvörn. „Foreldrum er kennt um en ekki kennt, er setning sem ég nota gjarnan. Ég hef



**HUGÓ ÞÓRISSON**
sálfræðingur



**ÓLÖF ÁSTA FARESTVEIT**
uppeldis- og afbrotafræðingur



**GUÐMUNDUR TÝR ÞÓRARINSSON**
eða Mummi í Götusmiðjunni

> Hvernig getur unglingur eða eitt barn farið í gegnum skólakerfið, barnaverndarnefndir, félagsmálastofnanir og lögreglustöðvar ár eftir ár án þess að þeirra mál séu stoppuð. Það er stóra spurningin.

tekið það sem dæmi að ef fólk fær sér hund og fer á námskeið í ala upp hundinn, þá fær það helmingsafslátt af öllum gjöldum. Ég hef stungið upp á því að ef foreldrar barns á leikskóla færu á foreldranámskeið þá fengju þeir til dæmis helmingsafslátt af leikskólagjöldum. Það þarf að gera svona fræðslu eftirsóknarverða.“

Ólöf bendir einnig á að verði barn fyrir alvarlegu áfalli í æsku þurfi tafarlausa hjálp sérfræðinga. „Oft heldur fólk að börn séu of ung fyrir svoleiðis. Skilji það ekki. Raunin er önnur.“ Hún segir að oft liggi rót vandans í fíkniefnaneyslu, og eftir að börn eða unglingar séu komnir á kaf í neyslu geti gengið erfiðlega að ráða við þá. Því sé brýnt að bregðast snemma við. „Barn sem er mjög erfitt í skóla og þess háttar, það eru ýmis úrræði sem hægt er að grípa til áður en þú missir það út í neyslu.“

### Úrræðaleysið pólitískt vandamál

Mummi gagnrýnir yfirvöld mjög fyrir úrræðaleysi í málaflokknum. „Félagsmálayfirvöld eru manna glöðust daginn sem þessir krakkar verða átján ára bara til að vera laus við þá út af borðinu,“ segir hann. „Hvernig getur unglingur eða eitt barn farið í gegnum skólakerfið, barnaverndarnefndir, félagsmálastofnanir og lögreglustöðvar ár eftir ár án þess að þeirra mál séu stoppuð. Það er stóra spurningin.“

Hann segir starfsfólkið þó gera sitt besta. „Það er ekki vont fólk sem starfar í þessum geira, þetta er pólitískum ákvörðunum og úrræðaleysi að kenna.“

### Hegningarheimili og lagabreyting

Mummi segir að breyta þurfi lögum til að eiga við allra harðsvíruðustu afbrotaunglingana. „Það verða að vera til sérhæfðir dómarar eða unglingadómstóll sem tekur þessa krakka fyrir strax.“ Hann vill einnig að þeir séu umsvifalaust teknir af vanhæfum foreldrum. „Svo á líka að dæma foreldra fyrir vanrækslu ef börnin mæta til dæmis ekki í skólann í fleiri vikur.“ Hann segir að koma þurfi upp stað fyrir erfiðustu krakkana. „Það vantar betrunarheimili þar sem kjaftæði er ekki sýnt neitt umburðarlyndi. Ég skoðaði svona heimili í Bandaríkjunum. Þar voru krakkar dæmdir inn og ef eitthvað kom upp á þá beið þeirra fangelsi. Meðferðin var mjög ströng, það þýddi ekkert að kvarta yfir því að það væri kalt úti.“

Hugo er ósammála. „Við höfum þetta úrræði fyrir fullorðna og það heitir fangelsi. Ég held að endurkoma fanga sé það há að það sýni að það úrræði leiðir ekki til bættrar hegðunar. Ég held að það sé ekki það úrræði sem er mikilvægast að fá núna.“

### Munu limlesta fólk eða deyja

„Við erum að smíða manneskjur hægri vinstri sem eiga eftir að vera inn og út úr fangelsum það sem eftir er. Þeir enda bara inni á Litla-Hrauni og fylgir endalaus kostnaður,“ segir Mummi. „Þessir krakkar koma til með að limlesta einhvern einhvern tíma ef þeir deyja ekki áður eða verða orðnir geðveikir.“

„Ég held og trúi því að það sé alltaf von,“ segir Ólöf. „Maður hefur séð fólk sem hefur verið það sem hægt er að kalla óalandi og óferjandi allt sitt líf ná bata á fullorðinsárum. Það er alltaf hægt að hjálpa fólki ef það vill hjálpa sér sjálft.“

Hugo segir að þótt alltaf sé reynt til þrautar að hjálpa öllum, þá verði að horfast í augu við þá staðreynd að einhverjir muni alltaf sleppa í gegn. „Ég held að ekkert okkar vilji búa í þjóðfélagi þar sem við höfum það mikið vald yfir lífi einstaklinga að enginn rati þessa leið.“

## ➜ HÓF AFBROTAFERILINN ÁTTA ÁRA

Stúlkan fjórtán ára varð fyrir miklu áfalli fjögurra ára þegar móðir hennar lést úr fíkniefnaneyslu. Hún segir frá því á bloggsíðu að henni hafi verið mjög illa við kærasta móður sinnar „út af einu sérstöku“. Hún bjó þá hjá föður sínum og sambýliskonu hans.

Hún komst fyrst í kast við lögin í þriðja bekk grunnskóla eftir að hún lagði skólastofu í rúst ásamt vinkonu sinni. Af þessu stærir hún sig á bloggsíðu. Stúlkan lýsir þar fleiri ofbeldisverkum sem hún framdi allt frá unga aldri í félagi við aðra krakka sem hún fullyrðir að hafi litið mjög upp til hennar. Meðal annars segir hún frá nýlegri líkamsárás þar sem fórnarlambið endaði illa rifbeinsbrotið, handleggsbrotið og með sprungið bein í úlnliðnum.

Stúlkunni hefur ítrekað verið kastað á milli skóla í skólakerfinu. Hún gekk fyrst í Fellaskóla í Breiðholti og var rekin þaðan eftir fjórða bekk. Þaðan fór hún í Hólabrekkuskóla og entist þar í tvö ár, áður en henni var vísað frá fyrir slæma hegðun. Hún fór þá í Laugarnesskóla, en fékk aftur inni í Hólabrekkuskóla í sjöunda bekk. Í áttunda bekk var hún rekin í Hagaskóla, en eftir hálft ár, um síðustu jól, var henni vísað úr skóla þar sem aðrir nemendur hræddust hana. Henni var gert að sæta meðferð á Stuðlum eða öðru meðferðarheimili af svipuðum toga áður en hún fengi aftur skólavist. Hún byrjaði að reykja og drekka áður en hún byrjaði í áttunda bekk og fór þá að eigin sögn að vera tekin reglulega af lögreglu fyrir afbrot.

Á þriðjudaginn fyrir hálfri annarri viku gekk hún hrottalega í skrokk á tveimur fjórtán ára stúlkum í tívolíinu við Smáralind og réðst með munnsöfnuði og ofbeldi að lögreglu við handtöku. Varðstjóri lögreglu sagði í samtali við Fréttablaðið að hann hefði sjaldan eða aldrei séð aðrar eins lýsingar á hegðun svo ungrar stúlku.

„Ég ætla ekki að enda eins og mamma mín, mamma mín dó úr neyslu 27 ára,“ skrifaði stúlkan á bloggsíðu í apríl og lofaði bót og betrun.

## ➜ Á KAFI Í NEYSLU TÓLF ÁRA GAMALL

Drengurinn fimmtán ára á mikla brotasögu að baki þrátt fyrir að vera aðeins nýorðinn sakhæfur.

Hann ólst upp hjá einstæðri móður og var um tíma búsettur hjá fósturfjölskyldu á Suðurlandi. Þar gekk hann með hléum í Vallaskóla á Selfossi, en hætti í skólanum að loknum níunda bekk og fluttist til móður sinnar í Reykjavík.

Að sögn heimildarmanna Fréttablaðsins var hann ekki til teljanlegra vandræða fyrr en fyrir einu og hálfu til tveimur árum og komst ekki í kast við lögin fyrr en þá. Sjálfur segist hann hafa verið á kafi í fíkniefnaneyslu frá tólf ára aldri. Hann hefur dvalið í Mótorsmiðjunni en stoppaði þar stutt við.

Drengurinn segir á bloggsíðu sinni frá páskafríi sínu í fyrra, sem hann eyddi meira og minna öllu í Kringlunni ásamt vinum sínum. Þar lýsir hann einnig á hversdagslegan hátt þegar hann varð fyrir líkamsárás og kallaði til sér eldri „handrukkara“ til að jafna sakirnar við viðkomandi.

Afbrotahrinan sem hann var dæmdur fyrir 12. júlí síðastliðinn hófst í lok október í fyrra þegar hann ók um götur borgarinnar, fimmtán ára gamall, með sér eldri síbrotamenn í bílnum, og valdi tvo vegfarendur af handahófi til að ráðast á, hóta lífláti og ræna.

Mánuði síðar reyndi hann ásamt tveimur öðrum að stela hraðbanka úr útibúi Landsbankans. Það var skyndihugdetta sem þeir fengu á leið á Litla-Hraun að sækja annan síbrotamann.

Í janúar stal hann bíl og síma úr sjoppu og í lok mars framdi hann í félagi við tvo aðra rán í 10-11 verslun vopnaður dúkahníf og hótaði starfsfólki lífláti. Svo virðist sem hann hafi átt hugmyndina að flestum afbrotunum.

Hann hafði í júní hlotið skilorðsbundinn dóm fyrir innbrot og þjófnað.

Drengurinn situr nú í gæsluvarðhaldi eftir að hafa í apríl barið leigubílstjóra í höfuðið með hamri með þeim afleiðingum að hann hlaut innkýlt höfuðkúpubrot. Hann gæti átt von á ákæru fyrir tilraun til manndráps. Hann afplánaði varðhaldið á Stuðlum til að byrja með en ekki þótti fært að hafa hann þar til lengdar og var hann því færður í hegningarhúsið á Skólavörðustíg.

# Fyrsti tvinn-sigurinn

*Tvinnbíll hefur sigrað í fyrsta skiptið í kappakstri.*



Í fyrra var Toyota fyrstur framleiðenda að skrá tvinnbíl til keppni í kappakstri. Nú hefur fyrirtækið einnig orðið fyrst til að sigra í kappakstri. Nei, það var ekki Prius heldur Supra HV-R sem vann Tokashi 24 klukkustunda kappaksturinn í Japan um síðustu helgi.

Bíllinn er mjög ólíkur þeim tvinnbílum sem fjöldaframleiddir eru í dag. Hann er rétt 1.080 kg, rúm 700 hestöfl og fjórhjóladrifinn, en tvinnkerfið endurnýjar orku frá öllum fjórum hjólunum.

Ástæðan fyrir góðu gengi tvinnbílsins er að þeirri orku sem fæst úr rafmótornum er hægt að stjórna og stilla nokkur þúsund sinnum á sekúndu. Því er hægt að stjórna orkuflæðinu nákvæmlega til allra dekkja eins og til þarf á mjög skilvirkan hátt. Þetta er mun nákvæmari stjórn er hægt er að ná á hefðbundnum bensínbílum. *- tg*

# Húsvíkingar fagna í viku

*Húsavíkurhátíðin hefst á sunnudaginn og stendur yfir í viku.*



Húsavíkurhátíðin sameinast hinum árlegu Mærudögum og sænsku dögunum sem hafa verið haldnir síðastliðin tvö ár. Hátíðin hefst sunnudaginn 23. júlí og lýkur viku síðar, sunnudaginn 29. júlí.

Markmiðið er dagskrá sem vísar til menningarsögu svæðisins og að auðga menningartengda ferðaþjónustu á Húsavík og nánasta umhverfi.

Hátíðin á að höfða jafnt til húsvískra fjölskyldna nær og fjær sem og innlendra og erlendra ferðamanna. Hátíðin sameinar það besta sem heimamenn hafa upp á að bjóða og afrakstur sambands sem ræktað hefur verið við Svíþjóð.

Á dagskrá er meðal annars loftbelgjaferð yfir Skjálfanda, fjölbreytt námskeið fyrir börn og fullorðna, ásamt útimarkaði, flugeldasýningu og dansleikjum. Nánari upplýsingar: www.nordurthing.is. *- rh*








Rallfélagarnir Borgar Ólafsson og Jón Bjarni Hrólfsson hvetja ökuþóra til að stunda hraðakstur á öruggan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Veltu á tæplega tvö hundruð kílómetra hraða

*Borgar Ólafsson og Jón Bjarni Hrólfsson rallakstursmenn fundu draumabílinn í bílskúr á Írlandi.*

„Okkur langaði í betri bíl og færa okkur upp um flokk í fyrra. Þá fórum við á stúfana og fundum loks þennan inni í bílskúr á Írlandi," segir Borgar Ólafsson, sem er aðstoðarökumaður á N1-rallbílnum þar sem Jón Bjarni Hrólfsson situr við stýrið.

Bíllinn, sem er Subaru Impreza árgerð 2002, kom til Íslands síðastliðinn vetur og var sérsmíðaður á Írlandi. „Fyrrverandi eigandi fékk bílinn í sextugsafmælisgjöf frá syni sínum. Karlinn keyrði í þremur keppnum en fékk síðan kransæðastíflu og var bannað að keppa," segir Borgar.

Bíllinn er sex gíra með þrjú hundruð hestafla vél og að sögn Borgars var búið að setja í hann veltibúr á Írlandi og sjóða hann allan upp.

„Við þurftum mjög lítið að breyta honum og erum búnir að keppa á honum það sem af er sumri," segir Borgar sem segir þó bílinn hafa verið í stanslausri viðgerð síðastliðnar sex vikur.

„Við fórum út af á 170 kílómetra hraða í síðustu keppni en nú er bíllinn kominn í lag. Við erum með þrjá bifvélavirkja með okkur enda fer mesta vinnan í viðgerð og viðhald milli keppna," segir Borgar sem segir þá félaga hafa labbað út úr bílnum eftir veltuna án þess að verða nokkuð meint af. „Ég hef keyrt í tuttugu ár og aldrei velt áður og þetta var svona eins og að lenda í rússíbanaferð. Við erum með svo góðan öryggisbúnað að okkur verður ekki meint af. Við erum með sex punkta öryggisbelti, sæti sem eru pikkföst, veltigrind, hálskraga og hjálma," segir Borgar sem mælir með rallinu fyrir ökuþóra.

„Í rallinu stundum við hraðakstur á öruggan hátt á lokuðum svæðum og fáum útrás þannig. Þar ber maður aðeins ábyrgð á sjálfum sér og stofnar ekki lífi annarra í hættu. Enda þrátt fyrir ofsahraða í rallinu er ég alltaf á löglegum hraða í umferðinni," segir Borgar.

Í ár fara fram sex rallkeppnir og í dag keppa þeir félagarnir í Skagafjarðarrallinu sem er fjórða rall ársins. Sjá nánari upplýsingar á www.bikr.is

*rh@frettabladid.is*


Kurteist og þjónustulundað starfsfólk óskast til að taka á móti áskriftarpöntunum í síma frá 20. júlí til 20. ágúst.

Dag-, kvöld- og helgarvinna í boði fyrir rétta fólkið.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum um nafn, síma og fyrri störf í netfanginu starfsumsokn@365.is

AUKAVINNA FRÁ 20. JÚLÍ - 20. ÁGÚST

Fjölvarp SÝN SÝN2 365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.


**Hraðamörk** eru mismunandi víða um heim og það borgar sig að kynna sér umferðarreglur erlendis áður en lagt er af stað út í umferðina þar.


**Þýskar álkerrur** fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.



N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836



NÝ HJÓLHÝSI MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI..!



Ný Tabbert Vivaldi 450 TD Listav. 3.034 þ.
Tilboð 2.490 þús
100% lán getur fylgt.
Upplýsingar í síma 860 1998



Hreinn bíll er ánægður bíll

CLEAN PLUS AUTOCARE PRO



Þú færð Clean Plus bílahreinsivörurnar á næstu Shellstöð

Made to move


# Öryggi barnshafandi kvenna í umferðinni

***Barnshafandi konur ættu alltaf að nota bílbelti. Meðgöngubílbelti veita ekki aukna vernd. Loftpúðar vernda alla ökumenn og farþega, þar með talið verðandi mæður.***

Volvo er einn fárra framleiðanda, ef ekki sá eini, sem hannað hefur sérstaka óléttudúkku til að nota í öryggisrannsóknum. Dúkkan er kölluð Linda og er hún hönnuð til að gefa sem réttustu mynd af áhrifum áreksturs á konu og fóstur á síðari stigum meðgöngu.

Þær niðurstöður sem fengist hafa með hjálp Lindu sýna svart á hvítu mikilvægi bílbelta og mikilvægi þess að nota þau rétt. Hafa skal sætið þannig stillt að barnshafandi ökumaður sé eins langt frá stýrinu og mælaborðinu og mögulegt er en þó verður hann að eiga auðvelt með að ná í stjórnstigin í gólfi.


Mikilvægt er að koma bílbeltinu rétt fyrir svo það geri sem mest gagn án þess að skaða fóstur. Það á að liggja þétt að líkamanum og neðri hluti þess á að hvíla í kjöltunni á báðum mjaðmabeinum fyrir neðan magann.


Svokölluð meðgöngubílbelti eru ekki öryggisbúnaður. Þau eru einungis til hægðarauka.

Toga skal mjaðmabeltið yfir lærin og skorða það vel allra neðst við mjöðmina þannig að það styðji við bæði mjaðmagrindarbeinin. Svo skal toga beltið þétt upp að líkamanum. Gæta skal þess að mjaðmabeltið haldist kyrrt en dragist ekki upp á magann.

Axlarbeltið á að liggja yfir bringuna milli brjóstanna þétt upp við ökumann. Aldrei má setja axlarbeltið undir handlegginn eða aftur fyrir bak, það getur skaðað bæði ökumann og barn.

Að gefnu tilefni skal það tekið fram að svokölluð beltisstýring, eða meðgöngubílbelti, eru ekki öryggisbúnaður. Hlutverk þeirra er að veita þægindi, ekki vernd. Samkvæmt rannsóknum heldur neðri hluti meðgöngubílbeltis ekki við árekstur. Búnaðurinn er einfaldlega ekki nógu sterkur til þess.

Loftpúðar veita öfluga vernd fyrir óléttar konur. Þess skal þó gæta að hafa sætið alltaf eins aftarlega og mögulegt er, eða sem lengst frá púðanum, til að gæta fyllsta öryggis.

Þeir sem vilja kynna sér öryggi vanfærra kvenna og barna í bílum geta skoðað niðurstöður Volvo á www.volvocars.co.uk/childsafety.

*tryggvi@frettabladid.is*

# *Jepplingurinn Opel Antara kominn*

***Opel Antara er kominn til landsins.***

Opel hefur sent frá sér nýjan jeppling, Opel Antara. Jepplingur er með 2,0 lítra dísilvél sem skilar 150 hestöflum og 320 Nm togi.

Opel Antara er ætlað að vera þægilegur ferðabíll. Hann er frekar hár miðað við jepplinga, farangursgeymslan er 420 lítra en henni er hægt að breyta í 1.420 lítra með því að fella niður aftursætin.

Opel Antara ætti einnig að ráða vel við flestar gerðir hjól- og fellihýsa því dráttargeta bílsins er 1.700 kg.

Fyrstu bílarnir eru komnir í hús hjá Ingvari Helgasyni og eru þeir í cosmo-útfærslu. Bíllinn kostar 3.890.000 krónur.


Opel Antara flokkast undir jepplinga og bætist þar með enn einn bíllinn í þann flokk.


Toyota Prius sem gerð hefur verið upp af George Barris.

## Hér kemur „bling-bíllinn" Toyota Prius

BÍLADELLA TEKUR Á SIG ÝMSAR MYNDIR EINS OG SÉST Á ÞESSARI TOYOTU PRIUS.

Marga dreymir um að gera upp bíl, breyta boddíinu og sprauta það í glansandi litum. Fæstum dettur þó í hug að gera þetta við Toyotu Prius. Fæstum, en þó greinilega einhverjum.

Þessi Toyota Prius var gerð upp af bílasnillingnum George Barris, en hann á meðal annars heiðurinn að upprunalega leðurblökubílnum. Bíllinn varð til er tímaritið Times afhenti Barris hvítan Prius og tíu þúsund dollara og bað hann um að gera eitthvað einstakt.

Útkoman er vissulega einstök. Prius er á 18 tommu felgum, búið er að stækka hjólhafið um tvær tommur og í lakkinu eru handmálaðir regndropar og furunálar.

Nær þetta að gera Prius að flottum bíl? Svar flestra er án efa nei, en hann eyðir þó ennþá litlu bensíni.


512 50 50 Auglýsingasími



– Mest lesið

**Iceland Express** hefur flug til Luxemborgar í haust og er sala í ferðirnar nýhafin. Flogið verður á þriðjudögum og föstudögum, á tímabilinu 28. september til 9. nóvember.





Þessa mynd kallar Gunnar „Áð á Eyjabökkum, Snæfell í baksýn". FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Best földu leyndarmál íslenskrar náttúru

***Gunnar Hólm Hjálmarsson iðnfræðingur fór fyrir tuttugu manna hópi á vegum Ferðafélagsins Útivist í bakpokaferðalag. Farið var um Fljótsdal og Hraunin.***

„Við fórum þessa ferð til að skoða fossa í Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá, þar sem þeir koma til með að hverfa eftir sumarið þegar vatninu í ánum verður veitt í gegnum Kárahnjúkavirkjun," segir Gunnar og bætir við að það sé algjör synd, meðal annars vegna þess hversu fallegir fossarnir eru.

„Ekki er mörgum kunnugt um þessa staðreynd, þar sem fáir hafa séð fossana," heldur Gunnar áfram. „Það er nefnilega engum fært um Þorgerðarstaðardal nema gangandi og ríðandi fólki. Fossarnir eru þar af leiðandi á meðal best földu leyndarmála íslenskrar náttúru."

Gunnar segir einn flottasta fossinn sjálfsagt vera fossinn á ármótum Innri-Sauðár og Kelduár, þar sem tveir fossar koma niður í sama hylinn. „Síðan er magnað að horfa upp eftir Kelduá og sjá átta eða níu fossar bera hvern í annan," bætir hann við. „Ætli þetta sé ekki ein fallegasta fossaröð sem ég hef séð og hef ég þó komið víða."

Að mati Gunnars ber Kirkjufoss í Jökulsá af vegna formfegurðar. Fossinn sé mikilfenglegur þar sem hann fellur niður í djúpt gil og eru klettar sitthvoru megin við hann.

Ferðalagið tók fimm daga og fyrir utan fossana hafði hópurinn viðkomu á mörgum af helstu náttúruperlum svæðisins. Má þar nefna Hrakströnd, Jökulsá, Eyjabakkafoss og Eyjabakkakofa, Ljósafell, Geldingafell, Folavatn, Kelduá, Þorgerðarstaðadal og Tungufell.

Ferðinni lauk síðan við Þorgerðarstaði, í Suðurdal, og voru ferðalangarnir ánægðir við ferðalok þótt veðrið væri ekki alltaf með besta móti. Gunnar hvetur sem flesta að nota tækifærið til að skoða fossana áður en þeir hverfa í haust, því þar með komi tíu náttúruperlur til með að hverfa.

*roald@frettabladid.is*



Kirkjufoss í Jökulsá í Fljótsdal, sem Gunnar segir einn fallegasta fossinn í ánni.



Gunnar við Hundafoss við ármót Kelduár og Ytri-Sauðár, en báðir fossarnir munu hverfa þegar ánum hefur verið veitt til Kárahnjúkavirkjunar.



Gunnar Hólm Hjálmarsson segir fossana í Fljótsdal og á svæðinu í kring best földu leyndarmál íslenskrar náttúru.

## Landhernaður

ÚT ER KOMIN NÝ BÓK UM ÞJÓRSÁRVER OG DEILURNAR UM SVÆÐIÐ.

Bókin Hernaðurinn gegn landinu – Þjórsárver hefur vakið athygli að undanförnu en þar fjallar höfundurinn Guðmundur Páll Ólafsson um virkjanaumræðuna í kringum Þjórsárver.

Guðmundur tekur eindregna afstöðu gegn virkjun í Þjórsá í bókinni og bendir meðal annars á þau áhrif sem hún komi til með að hafa á vistkerfið.



Guðmundur Páll Ólafsson rithöfundur.

Ásamt lýsingum á svæðinu, náttúrunni og lífríkinu, og umfjöllun um virkjanir, er að finna fjöldann allan af ljósmyndum eftir Guðmund í bókinni.

Bókin er ekki sú fyrsta sem Guðmundur skrifar því áður hefur hann sent frá sér bækurnar Hálendið, Ströndina, Perlur í náttúru Íslands og Fuglar í náttúru Íslands.

*- rve*

## Gist á Skálholtsstað

SKÁLHOLT ER EKKI BARA MENNINGAR- OG MENNTASETUR. ÞAR ER EINNIG BOÐIÐ UPP Á GISTINGU OG VEITINGAR Í FALLEGU UMHVERFI.

Skálholtsstaður gegnir margþættu hlutverki á sumrin. Sumartónleikarnir, sem hefja sitt þrítugasta og þriðja starfsár, eru þó rauði þráðurinn sumardagskránni.



Margir náttúruunnendur og tónleikagestir njóta þess að gista í Skálholti á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margir velja að gista í Skálholti eftir tónleikana enda bæði boðið upp á gistiaðstöðu og veitingar í Skálholti.

Gistiheimilið er opið allan ársins hring og að sögn Kristins Ólafssonar, rektors við Skálholtsskóla, er hvert herbergi bókað hvert einasta sumar.

Nánari upplýsingar: www.skalholt.is.

*- rh*

**Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf**

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is




**Ævintýranlegar borgir Evrópu**

Borgirnar eru á minjaskrá Unesco og einna best varðveittu borgir Evrópu. Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa. Kastalar, hallir, gamlir markaðir, frábær þjónusta, ódýrt að versla og borða. Fjörugt næturlíf. Úrval skoðunarferða.

| Riga | Flogið frá | |
|---|---|---|
| 3.-7. október | Keflavík og Akureyri | Fá sæti laus |

| Tallinn | Flogið frá | |
|---|---|---|
| 13.-17. október | Egilsstöðum | Fá sæti laus |
| 18.-22. október | Akureyri | Fá sæti laus |
| 22.-25. október | Keflavík (3 dagar og 2 nætur) | |
| 26.-28. október | Keflavík (3 dagar og 2 nætur) | |

**Setjum upp sérstakar ferðir fyrir fyrirtæki og hópa eftir óskum.**

Verð frá **56.180** kr.

Innifalið: Flug, skattar, hótel, morgunmatur, rúta og fararstjórn

Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.
Verð miðast við gengi Evru 14. júlí 2007

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 21. JÚLÍ 2007

**STÓLAR**

## Klassískir Baunar

**KARIM RASHID**

## Litríkur og lifir í núinu

**INNLIT**

## Góðir hlutir gerast hægt



FRÉTTABLAÐIÐ

AEG
ELDHÚSPAKKINN
Keramikhelluborð
AEG 66030 K-MN
Fjórar hraðhitahellur · Snertirofar
Tímastillir á öllum hellum
"Automax" stilling: Byrjar á að fara á mesta hita, en lækkar síðan á valda stillingu
Fjögurra þrepa eftirhitagaumljós
Kr. ~~73.579~~
Háfur
Airforce F3/AIRF 3
Til uppsetningar á vegg
Fyrir útblástur eða kolafilt
Kr. ~~23.053~~
Veggofn, stál
AEG COMPETENCE B 3051-4-M
Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum
Létthreinsibúnaður
Stórt ofngler
"ISOFRONT" þrefallt gler í ofnhurð, auðveldar þrif - kaldari framhlið · Sökkhnappar
Kr. ~~77.789~~
TILBOÐSVERÐ: Allur pakkinn: 109.900
Sími 530 2907 / 530 2908
SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
NÝTT 2007
202.048,-
Hvít háglans/4000
ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði : Kr. 5.858.-
Opið í Smáralind í dag frá 11–18.
Velkomin í óvenjulega verslun!
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · www.ormsson.is
KVIKA

## hönnun

**VÍNPOKINN** eftir Josh Jakus er gerður úr ullarfilti. Pokinn er saumaður á hliðunum með gati sem verður að handfangi þegar vínflösku hefur verið komið fyrir í pokanum. Jakus býr til fleiri nytsama hluti úr sama efni. Til dæmis bakka í líki eggjabakka og veski. www.joshjakus.com







**OFURHETJAN VAN GOGH**
Í versluninni Kisunni á Laugavegi er hægt að fá skemmtilegar en heldur óvenjulegar ofurhetjur. Meðal annars þennan flotta Vincent Van Gogh sem hægt er að setja í mismunandi stellingar auk þess sem skipta má um haus á honum. Þá fylgja honum ýmsir aukahlutir eins og penslar og málverk.



Í stað fataskáps í anddyri Díönu eru herðatré sem hanga í vírum úr loftinu. Skemmtileg og lifandi lausn og eins og Díana orðar það sjálf er „aldrei drasl í þessum fataskáp“. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þessi skápurvar í skrifstofuhúsnæði Árna Þórs en þegar endurnýja átti húsgögnin þar var honum boðið að hirða skápinn. Í ljós kom að skápurinn er fágæt antík úr einstökum við.



Borðstofuborðið er frönsk eik frá 18. öld. Fremst á myndinni er gamall hollenskur stóll sem var fyrsta húsgagnið sem Díana og Árni Þór keyptu. Hina stólana fékk Díana er hún var 17 ára frá ömmu sinni.

# Gamalt og persónulegt í bland við nýtt

Á heimili Díönu Bjarnadóttur og Árna Þórs Snorrasonar má finna fallega antíkmuni í bland við nýstárlega hönnun. Veggina prýða málverk Díönu en löngunin að mála kviknaði af söknuði eftir íslensku fjöllunum..

Þegar Díana og maður hennar, Árni Þór, fluttu heim til Íslands frá Hollandi keyptu þau íbúð hérlendis án þess að hafa skoðað hana. Vinkona Díönu sendi henni grunnteikningar af íbúðinni, sem þá var verið að byggja, og lýsti staðsetningunni og umhverfinu. Þetta var nóg til að Díana og Árni keyptu íbúðina óséða.

„Við náðum að stoppa ferlið áður en búið var að setja gólfefni, skápa og innréttingar í íbúðina þannig að við fengum að hanna hana að innan eftir eigin höfði,“ segir Díana en hönnun er eitt af hennar aðaláhugamálum.

Meðal þess sem Díana breytti var að hafa enga eiginlega skápa í íbúðinni. „Mér er illa við skápa og vildi þess vegna fara aðra leið,“ segir Díana. „Við erum til dæmis með fataherbergi í svefnherberginu í stað skáps en það er draumur hvers kvennmans. Svo erum við einnig með herðatré í vírum í stað fataskáps í anddyrinu.“

Á heimilinu kennir ýmissa grasa og hefur parinu tekist einkar vel að blanda saman gömlum munum og nýjum. „Mér finnst gaman að blanda saman persónulegum munum tengdum þeim sem mér þykir vænt um við þá tísku sem er í gangi núna,“ segir Díana. „Góðir hlutir gerast líka hægt þannig að við höfum verið að safna húsgögnum og klára íbúðina jafnt og þétt.“

Á veggjum íbúðarinnar hanga nokkur málverk sem Díana hefur málað sjálf. Löngunin til að mála kviknaði í Hollandi þrátt fyrir að innblásturinn væri af íslenskum toga. „Það er svo mikið flatlendi í Hollandi að ég fór að sakna íslensku fjallanna,“ segir Díana. „Þá kviknaði löngunin að byrja að mála fjöllin. Þess vegna fékk ég mér striga og olíuliti og þetta hefur verið áhugamál hjá mér síðan.“

*tryggvi@frettabladid.is*



Díana Bjarnadóttir segir góða hluti gerast hægt og að henni liggi ekkert á að sanka að sér húsgögnum.






GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum
Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

**Forsíðumynd:** Anton Brink tók þessa mynd af Díönu Bjarnadóttur á heimili sínu. **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason og Ásta Bjartmarsdóttir s. 5175724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.




# Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

## ljósmyndir







● **SANNKÖLLUÐ DRAUMAVERÖLD** ungra stúlkna birtist í ljósmyndum eftir ljósmyndarann Jennifer Zwick. Hér eru þrjár myndir eftir Jennifer en þær heita Draumurinn, Könnuðir og Bókaormur. Myndirnar segja allar sögu sem ímyndunarafl þeirra sem á horfa getur búið til.

Nánar á jenniferzwick.com






1



2

# Klassískir BAUNAR

● Dönsk hönnun þykir með þeirri bestu. Á vefsíðunni www.danishfurnituredesign.com er hægt að finna stóla og önnur húsgögn eftir fræga danska hönnuði. Bæði eru þar antíkhúsgögn og endurgerðir af frægum stólum.



3

**1. PK-9 stóllinn** eftir Poul Kjærholm frá 1960 er einstaklega fágaður borðstofustóll. PK-9 er einnig nefndur túlípaninn eftir lögun sinni.

**2. Finn Juhl** hannaði þennan klassíska stól. Setan er úr mjúku efni og ramminn úr eik.



4

**3. X-legustóllinn** var hannaður af Preben Fabricius og Jørgen Kastholm árið 1968 og var upphaflega framleiddur af Kill International í Þýskalandi.

**4. Moskító-stólinn** hannaði Arne Jacobsen og hann var framleiddur af Frits Hansen. Þessir stólar voru notaðir í skólastofum í Danmörku. Þessi stólagerð hefur ekki verið framleidd í marga áratugi og er hann því fremur sjaldgæfur.



5

**5. Paul Kjærholm** hannaði þennan fallega stól árið 1956.



# ÚTILEGA SÁÁ

## Í GALTALÆK HELGINA 20. - 22. JÚLÍ 2007








**HLJÓMSVEITIN KLASSÍK LEIKUR FYRIR DANSI**

**Félagsvist - Barnaprógram**
**Vöfflur og súkkulaði - Hæfileikakeppni**
**AA-fundir og aðrir sjálfshjálparhópafundir**
**Sameiginlegt grill - Hljómsveit**
**Gönguferðir - Kvöldvökur**
**Varðeldur - Dansleikur**
**Sól og sumar**

LÝÐHEILSUSTÖÐ
www.lydheilsustod.is

GAUKSHREIÐRIÐ

**www.saa.is**

**Allar nánari upplýsingar**
**veita Hilmar í síma 824-7646 og Helgi í síma 863-6091**
**Öll hjálp við undirbúning vel þegin.**



Á vefsíðunni karimrashids-hop.com valdi Karim þennan vasa fyrir júlímánuð.



Egizia-vasinn eftir Karim Rashid.



Sófi sem teygir sig eins og tunga eftir gólfinu.

# Litríkur og lifir í núinu

Karim Rashid er hönnuður sem haft hefur mikil áhrif á samtímamenn sína í heimi hönnunar. Efnistök hans eru ögrandi og nýstárleg og vill hann að fólk lifi í nútímanum en ekki fortíðinni.

Karim Rashid er litríkur og einstaklega hugmyndaríkur hönnuður sem hannar allt frá kveikjurum og sófum upp í skó og pakkningar fyrir snyrtivörur. Hann fæddist í Kaíró og er hálfur Egypti og hálfur Englendingur en ólst upp í Kanada. Hann býr og starfar í New York og hefur hannað fyrir heimsfræg vörumerki eins og Alessi, Georg Jensen, Umbra og Prada. Hann er afar afkastamikill en um 2000 munir sem hann hefur hannað hafa verið í framleiðslu. Hönnun hans er mjög nútímaleg og má jafnvel kalla hana framtíðarlega. Hann notar gjarnan sterka liti og leikur sér að því að brjóta upp hefðbundin form.

„Ég vil sjá fólk lifa á okkar tímum, í samtímanum, og losna þannig undan nostalgíu, antíkhefðinni, gömlum hefðum, kitsch og merkingarleysu,“ segir Karim Rashid. *kristineva@frettabladid.is*



Bleiki liturinn er áberandi í allri sköpun Karim.



Kveikjari sem er einkennandi fyrir hönnun Karim.





Úrval af glæsilegum vösum frá Arcade





fegurðin býr
í smáatriðunum

PIPAR • SÍA • 71292

## COR / CONSETA

Þetta fjölbreytta kerfi var hannað árið 1964. Allar götur síðan hefur Conseta notið mikilla vinsælda, enda er þessi tímalausa hönnun alltaf í tísku. Conseta býður upp á endalausa möguleika og getur aðlagað sig öllum aðstæðum – enda sannkallað kamelljón.

Hönnun: Friedrich Wilhelm Moller

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið í dag frá kl. 11-16.




Ný byggð í Ölfusi austan Hveragerðis:

Einstakt útsýni: Hellisheiði, Hveragerði, Hengill, Ingólfsfjall og Ölfusárósar.

Stórar eignarlóðir, frá 5000 til 7000 fermetrum að stærð.

Á lóðunum er heimilt að byggja allt að 600 fermetra íbúðarhús, hesthús fyrir 10 hesta og allt að 100 fermetra gróðurhús. Samanlagt byggingamagn getur verið allt að 850 fermetrar.

Allar veitur þéttbýlis, þar með talinn ljósleiðari og ADSL.

Tvöföldun Suðurlandsvegar á næsta leyti.

Sorphirða, snjómokstur og skólaakstur í umsjón Sveitarfélagsins Ölfus.

Aðgangur að hesthúsum frá reiðgötu í gegnum bakgarða. Húsagötur og gangstígar eru með bundnu slitlagi og aðskildar reiðgötum.

Nýtt 20 km. reiðvegakerfi í Ölfusinu. Kerfið er hannað þannig að reiðvegirnir liggja ekki meðfram akvegum.

Stutt í frábæra æfingaaðstöðu Ölfushallar.

Fimm golfvellir í 15 mín. akstursfjarlægð.

Gönguleiðir Hengilssvæðis fyrir utan stofugluggann.

Fjórar mín. í Bónus!





Eigum nokkur hús til sölu á þessum einstöku lóðum. Húsin eru mismunandi gerðar og á mismunandi byggingarstigum. Stærðir frá 220 fermetrum upp í 590 fermetra. Sjón er sögu ríkari.

Viðmiðunarverð á húsum tilbúnum til innréttinga er kr. 179.000 á fermetra. Eignarlóðin og gatnagerðargjöld af ónýttum byggingarrétti eru innifalin í verðinu.
Upplýsingar í símum 897 8599 og 896 4847.
www.austurbru.is





Til sölu götuskráð Yamaha VR 426 árg.'01. Nýyfirfarin vél, ný dekk og keðja. Verð 370.000.- Uppl. í s: 894-2174



Til sölu Suzuki Intruder VS 700 Árg.'86 Ek. 24.300 mílur. Uppl. í s. 868 4080.



KTM 450 FACTORY 2007 ek. 27 tíma 1300km mús í dekkjum lítur mjög vel út. v. 900.000.stgr. sími 8482561 Viðar.



Harley Davidson Fatboy 2001 til sölu. Ekið aðeins 2000 mílur, custom paint, aukahlutir. Verðhugmynd 2,3 milljónir Uppl. í síma 858 4102.

Glæsilegur Hippi til sölu. Yamaha Virago 1100 árg. 1992 til sölu. Hjólið allt upptekið. Hjólið er til sýnis á Bílasölunni 100 Bílar, s. 517 9999.



Honda CBR 1000 RR 2007 svart. Umboðshjól. Ekið um 170 km. Uppl. í s. 660 1221.



Eitt flottasta hjólið á markaðnum í dag Suzuki Intruder 1800 Nýtt hjól!! 130 hestöfl, einstakt í akstri. S. 896 2514



Ducati SS 750 árg. 1999 ek. 9500 mílur. Sérstaklega vel með farið hjól. Selst vegna flutninga á 650 þús. Uppl. í s. 662 6179.



Harley Davidsson V-Rod VRSCR Street Rod nýsk. '07, ek. 850 km. Flott hjól verð 2,6 100% lán. Uppl. í s. 696 1388



Yamaha Roadstar til sölu 1602cc. Árg. '02. Ek. 25 þ.km. Hlaðið aukahl. S. 869 1122.



Til sölu Yamaha FJR1300 árg.'05 ek. 11.000 þús. Verð 1.400 þús. Bein sala. Uppl. í s. 898 4848.



Til sölu Suzuki Madura 1200 árg. '85. Hjól í toppstandi, aukahlutir. Verð 450 þús. Uppl. í s. 692 2323.



Frábært verð. Ný Honda VTX1300R til sölu. Verð aðeins 1160 þús. s. 896 2501.

Yamaha R1 með aukahlutum. 2005, 450km. 1.250 þús. Jón 695 9568 / motorhjol.blogspot.com



Yamaha yz-250 2stroke 9/2005 í topp standi áset verð 550 þús skoða öll tilboð 691 4441.



Yamaha IZFR-1 til sölu. Árg. '05. Litur út sem nýtt. Áhv. 1.200þ. Fæst gegn yfirtöku, afb. ca. 19þ. á mán. Uppl. í s. 824 3410.

Til sölu Husaberg FE 650 götuskráð árg 2005 ekið 1350 km Uppl. í síma 6990737 eða 6931602

Til sölu Yamaha XT660R Ek. 5100 km. Árg.'96, litur mjög vel út, verð 720 þús. Uppl. í s. 892 8846 & 895 8889.

## Fjórhjól



Til sölu Polaris Scrambler 500 4x4 árg. 2005. Í toppstandi, einn eigandi, innfl. nýtt af umboði. Frábært sport og ferðahjól. Verð kr. 650 þús. uppl. í síma 825-2011

Óska eftir fjórhjóli Kawasaki Bayou 300 eða 4x4 hjóli á verðbilinu 0-250þús. Aðeins góð eintök í lagi koma til greina. Uppl. í s. 664 8581.

Til sölu Kawasaki 250 fjórhjól. Verð 150 þús. Einnig 9 manna tjald verð 20 þ. Uppl. í s. 840 7796.

## Kerrur



Yfirbyggð Kerra yil sölu. Yfirbyggð kerra m. sjálfv. bremsub. L 3.6m H 1.7m V. 500 þ. S. 699 2437.

## Hjólhýsi



Travel Lite 800SBX árg. 2006 með öllu. Mjög lítið notað og sem nýtt. S. 898 0030.



Travel king 565 tæplega ársgamalt kojuhús, hlaðið aukahlutum t.d. markísa, sólarsella, útvarp o.f.l. hagstætt lán áhvílandi uppl. í síma 892 1931.



Shadow Cruser pallh. í topp standi, m/ öllu, svefnp. f/ 4. Passar á 2 m. pall. Verð 600 þús. S. 615 4000.



Til sölu Hobby 560 UFE Prestige árg.'06 Markísa, rafgeymir og gaskútur, tilbúið í ferðalagið. Lítið notað. Uppl. í s. 893 1625.



Til sölu Hobby 540.ufe excelsior '07. Tilbúið í útileguna. Markisa, rafgeymir, flatskjár og fl. Gott verð. Sími 892 0941.



Burstner hjólhýsi árg.'89 ný innflutt og skráð til sölu, með ísskáp, gasofni og klósetti, tvö tvíbreið rúm. Verð 570 þús. Sherokie ldd árg. '94 ek. 160.þús. 4l. high outpoot góður jeppi verð 330 þús. Uppl. í s. 897 0906.



Til leigu hjólhýsi. Með sólarsellu og fortjöldum. S. 659 2452 Samsel. Afsláttur gegnum stéttarfélög! btnet.is/hjolhysaleigan



Til sölu Adria 613PK Classica. '06. Stórt og rúmgott fjölskylduhús með kojum. Mjög vel með farið hús. Ýmis aukabúnaður. Gott lán áhvílandi. Uppl. í s. 664 3196.



**Til sölu**
LMC Comfort hjólhýsi. Vel farið, lítið notað. Stórt fortjald, Alden hitakerfi. Auka tjald, gasgrill, Hjólagrind,auka gas hitari og margt fleira fylgir með. Verð 2.300 þ. lán 1.850 þ. S. 860 1865




**Verðsprenging Delta 2007**
Sumarsmellur. Erum að selja 2 síðustu Delta hjólhýsin, áfram með 100.000 kr lækkun. Verð aðeins 1.678.400 kr. Innifalið í verði: rafgeymir, hleðslutæki, gaskútur og varadekk. Tilbúin í ferðalagið, til afhendingar strax. Fortjald á hálfvirði. Allt að 100% lán S. 587-2200, 898-4500 www.vagnasmidjan.is

Stórt hjólhýsi 20-40 fet óskast má vera gamalt. Uppl. í s. 847 1555.

Til sölu Hobby 650 UMFE '06 með öllu. Sólarsella, gólfhiti, fortjald, TV ofl. Verð 2850 þ. Uppl. í s. 899 9244.

Til sölu nýtt fortjald á hjólhýsi stærð 480. Verð 100 þ. Uppl. í s. 895 7496.

Óska eftir Utah fellihýsi 12 feta staðgr. í boði. Uppl. í s. 893 4363.

## Fellihýsi






Palomino Yerling 102 árg.'07 Fortjald, sólarsella, grjótgrind og fl. Svefnpláss fyrir 7. Áhv. 1.075 þ. Verð 1.650 þ. Uppl. í S. 693 5053



Coleman fleetwood cheyenne 12 fet eitt með öllu tilboð óskast. S. 892 6900.



Til sölu mjög vel með farinn Coleman Sedona 10 fet,"03, stærri dekk, álfelgur, v1075000, uppl 8659655

Sem nýtt, lítið notað, Palomino Colt '04 m/fortjaldi til sölu. Verð 850 þús. S. 437 2123 & 661 4213.

Fellihýsi toppeintak til sölu, palemino yerling 04., fylgihlutir, fortjald, grjótgrind, sólarsella,,ísskápur,,útvarp með cd og sjónvarpsloftnet, upplýsingar í síma 690 3972.

Fleetwodd Resolute árgerð 2005. Sáralítið notað 10 feta fellihýsi með fortjaldi, sólarrafhlöðu, ísskáp og ýmsum öðrum aukabúnaði. Staðgreiðsluverð 1350 þús. Upplýsingar í síma 896 2555.

Til sölu Aliner Epedition árg.'06 Uppl. í s. 451 2230 & 451 2615.

Til sölu Coleman Bayside fellihýsi. Árg.'99 Einn með öllu. Uppl. í s. 825 7761.

Dutchmen 801.nýr vír, nýjar gaslagnir, nýr vatnstankur. 220v. Nýlegt fortjald. Verð 380.000. Uppl í s.898-4644

**Eitt með Öllu**
Til sölu Chyenne árg. '01 fellihýsi hefur verið notað 4 sinnum er með sólarrafhlöðu, TV, heitt og kalt vatn, gask., fort. ofl. Uppl. í s. 699 1888.

Coleman Taos árg. '01. Lítið notað með sólhlíf. Verð 550 þús. Uppl. í s. 864 2574.

Til sölu Ægirs fortjald á 10 feta fellihýsi. Uppl. í s. 423 7775 & 820 7328.

Coleman Taos 8 fet 1996. Seglagerðarfortjald (2002), sólarsella, 220 v tenging, geymslubox á þaki. Verð 400 þús. Sími 897 9340.

Til sölu Coleman Redwood árg.'01 Vel með farið, sólarsella, rafgeymir, 2 gaskútar, útvarp, cd og flatskjár lcd 12v fylgir. Verð 700 þús. Uppl. í s. 690 2002.

Coleman Redwood 9fet,árg'99 með fortjaldi,sólarsellu og ísskáp.Verð 620þús. Sími 863-1736

Til sölu glæsilegt fellihýsi. Fleetwood Sedona 10 ft árg. 2004. Sólarsella, skyggni, ísskápur, truma miðstöð, grjótgrind, tveir gaskútar ofl. Mjög vel með farið. Uppl. í síma 894 7625.

Til sölu Coleman Columbia árg.'89 8 fet. Verð 200 þús. Uppl. í s. 844 0478.

Til sölu Palomino Colt fellihýsi árg. '02 með fortjaldi búk svefntj. Og 2 gaskútum. Alltaf verið inni á veturnar. Uppl. í s. 421 1635 & 868 2559.

Til sölu Palomino Colt fellihýsi árgerð 2003, 9 feta. Grjótgrind, svefntjöld, 2 gaskútar, mjög lítið notað. lítur út sem nýtt. Nánari upplýsingar í síma 452 4122 eða 861 4110, Ævar.

Palomino Yearling 102 árg. '06 Geymslukassi, fortjald 2x80W, sólarsellur, 2x120AH rafg. 220V 1000W áriðill, tveir gask. Svefntjöld, ísskápur eldavél, grjótgrind, gashitaratengi í fortjald. Verð 1.500.000 (Nýtt 1.850.000) Áhv. 900.000. Uppl. í s. 822 9309.

Til sölu vel með farið Palomino Yearling fellihýsi árg. '99. Fortjald, svefntjöld, sólarsella, 12/220 V og fl. Verð 750 þús. S. 848 4829 & 895 2376.

Til sölu Fleetwood Sea Pine fellihýsi. Árg. 2006, 11 fet. Verð 1190 þús. Uppl. í síma 864 4635.

Til sölu Viking fellihýsi árg. '00 með fortjaldi. Uppl. í s. 862 0817.

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmiði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

Til sölu Trigano tjaldvagn árg.'05 Uppl. í s. 699 0711.

4 manna, 2ja herb. Montana tjaldvagn árg. '01. Verð 295 þús. S. 865 0635.

Eldri tjaldvagn til sölu. Þarfnast smá lagfæringar. Fortjald fylgir. Verð aðeins 100 þ. kr. S. 561 8000.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innflutra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Til sölu Atlas hjólagrafa árg.'79. 21 t, ný dekk, ekinn 16.000 tíma. Tilboð 500 þ.+vsk. Uppl. í s. 898 7473.

Til sölu traktorsgrafa Fermec 965 '00, ek. 4028 tíma. Einnig til sölu Galooper '98 sem þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 867 7139.

## TIL SÖLU




## Málarar




## Búslóðaflutningar

**Ertu að flytja austur á land?**
Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

**Búslóðarflutningar**
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

**Búslóðaflutningar**
og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

## Húsaviðhald

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...**
Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrífum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Get bætt við mig verkefnum við smíðar. Uppl. í s. 662 8752.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Pallasmíði Pallasmíði**
Tek að mér pallagerð. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 696 9825.

## Spádómar




**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

**Stína Lóa Spámiðill**
Tarrot og draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 - 299 kr/mín hjá Símanum. Geymið þessa auglýsingu.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Allsspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m. Fl. Vísa Euro Masters. www.spamidlun.com

## Iðnaður

Getum bætt við okkur, málningar-, múr-, flísa- og smíðavinnu. Uppl. í s. 867 6563.

## Önnur þjónusta

Prezeprowadzki potrzebujesz sie przeprowadzic i przewezc graty! Dzwon 820 5486.

Wycieczki nie masz pomyslu co zrobic w wolny weekend? Wybiesz sie na wycieczke okolice stolicy, wodospady, lodowce wulkany. Agata 692 6007.

Get tekið að mér að lesa fyrir og annast eldra fólk og sjúklinga. Tími samkomulag. Uppl. Þuríður 587 0993 & 843 0993.

# HEILSA

## Heilsuvörur

**Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.**
**LR- HENNING - Nýtt á Íslandi**

**Viltu léttast? Fá meiri orku?**

**Stuðningur, einkaráðgjöf og matarprógramm sniðið að þínum þörfum**
**Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024**

**Eða lr-dora@internet.is**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

# TIL SÖLU




# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu hvítt svefnherbergissett í stíl Lúðvíks fjórtánda með snyrtiborði og kommóðu. Einnig bleikt sófasett, eldhúsborð og stólar ásamt búslóð. S. 864 6981 og 565 6981

Til sölu nýlegur tungu sófi, nýtt IKEA borðstofuborð og stólar, sjónvarpsskápur (horn), sjónvarpsskenkur, sófaborð, ísskápur og þurrkari,, SELST ÓDÝRT..

Vil kaupa borðstofuborð og helst átta stóla með lágu baki í sumarbústaðinn. Þarf að vera vel með farið og á góðu verði. Solla s. 863 2838.

Til sölu koniaksbrúnt leðursófasett 3+1+1, ekki ársgamalt, fæst á 110 þús. Vel með farinn hillusamstæða með tveim glerskápum, hvítt að lit á 15 þús. Borðstofuborð + 8 stólar á 20 þús. Glerborð / hornborð á 15 þús. saman og einnig king size amerískt. rúm á 20 þús. S. 862 3831.

Tveggja sæta sófi, tvíbreytt rúm, hillur o.fl. til sölu. Upplýsingar í síma 617 7763

## Heimilistæki

Til sölu Elecrolux ísskápur. Hæð 160 cm. Uppl. í s. 898 9819.

## Barnavörur



**PORSCHE BARNAVAGN/ KERR**
Lítið notuð Porsche kerra með burðarrúmi (eins og á mynd). Frábært að keyra, létt og nett. Kerrustykki fylgir með. Geggjuð fyrir útivistarfólk. Katrín s. 699 6617.

## Dýrahald



Veiði og fjölskylduhundar í sérflokki. Ungverskar vizslur leita að heimili í júlí. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 844 0548 / vizsla.blog.is

Til sölu 2 gullfallegir shih tzu hvolpar ... foreldrar fengið góða dóma á sýningum hjá hrfí. uppl. í síma 6910938



**Enskir Cocker spaniel**
Yndislegir hvolpar til sölu. Bólus., örm. m/ættb. HRFÍ. Frábærir fjölsk.hundar. S. 663 5521.

Enskar cocker spaniel tíkur til sölu, tilbúnar til afhendingar með ættb. frá HRFÍ. Uppl. í síma 694 9980.

Til sölu silky terrier strákur með ættbók heisufarskoðaður og örmerktur allar. Uppl. í síma 587 1130.

Hreinræktaðir Rottweiler hvolpar til sölu. Örmerktir, heilsufarsskoðaðir og með ættbók. Sanngjarnt verð fyrir góð heimili. Uppl. í s. 869 5792.

Púðul hvolpar til sölu. Hvítar og svartar tíkur. Tilb. Til afhendingar. Algjörar rúsínur. Uppl. í s. 478 2113 & 896 2114.

3 mán. Border Collier hvolpur (karldýr) fæst gefins. Uppl. í s. 692 8841.

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**
**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

Til sölu þvottavél, þurrkari og 28" Thomson sjónvarp, selst á 50 þús. allt saman. Uppl. í s.849 8625.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta

HVALALÍF



**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

**Orlofsíbúð á Akureyri**
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Raðhús til leigu í Grafarholti. Leigutímabil er 1 ár. Raðhúsið er 200fm m.bílsk. Innbú fylgir (t.d. Sky og heitipottur). tilboð sendist á geir@veislukompaniid.is

Snyrtileg ca. 90 fm, 3ja herb. íbúð í Engihjalla í Kópavogi til leigu. Uppl. í s. 847 6391.

**Fyrirtæki og stofnanir**
Þrjár nýjar, störglæsilegar íbúðir til leigu á besta stað í miðbæ Reykjavíkur, samtals 220 fm. Lausar frá og með 1. nóv. nk. Uppl. í s. 661 3707 & 820 0628.

3 herb. íbúð m/húsgögnum í góðu umhverfi í 112 Rvk til leigu frá 17. ágáramóta. 150 þús á mán með öllu. Uppl í síma 693 3235 eða ibud112@gmail.com

Herb. m/aðg. að baði til leigu í austurbæ Kóp. Reykl. og reglus. áskilin. S. 696 2193.

## Húsnæði óskast

Helgarmömmu vantar húsn. Greðslugeta að 60. Þ. Reyklaus og reglusöm, engin gæludýr. Meðmæli og fyrirframgreiðsla. 844-0406.

Óska eftir húsnæði til leigu helst í Grindavík en annað kemur til greina, skilvísum gr. heitið í gegnum greiðsluþjónustu, er reglusamur. Uppl. í s. 865 1208.

Óska eftir 3ja herb. íbúð eða herbergi með aðgangi að snyrtingu og eldhúsi í grennd við FB. Er reyklaus og reglusöm 23 ára námsmaður. Uppl. í síma 848 2615

Óska eftir lítilli íbúð(stúdíó). Er ein og róleg. Reglusöm og reyklaus! Meðmæli ef óskað er. Greiðslugeta um 40 þús. Sími 868-7533

Ung reglusöm og reyklaus kona óskar eftir íbúð á höfuðborgarsv., skilvísum gr. heitið. Uppl. í s. 693 6382 Brynja

Ungt reglusamt par óskar eftir íbúð í Hafnarfirði. Uppl. í s. 697 4008.

24 ára kk. óskar eftir að leigja stúdíóíbúð á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 659 4505.

## Sumarbústaðir



Ódýr gæða bjálkahús, henta vel sem garðhús eða gestahús, fyrirliggjandi á lager ósamsett, verð frá 69.400,- Viðarhús ehf. Upplýsingar í sama 898 2430 & 660 4088 & 660 6090 Netfang vidarhus@vidarhus.is



Ódýr gæða bjálkahús, henta vel sem garðhús eða gestahús, fyrirliggjandi á lager ósamsett, verð frá 69.400,- Viðarhús ehf. Upplýsingar í sama 660 4088 & 660 6090 Netfang vidarhus@vidarhus.is



Glæsilegt fullbúið heilsárshús til sölu. Frábært útsýni og kjarrivaxin lóð. Örstutt frá Borgarnesi. s. 896 0675.



Til sölu Sumarbústaðalóð, vel staðsett 4,400fm eignarlóð í landi Markar í Flóahreppi. Lóðin er ca. 17km frá Selfossi í austur. Nánari upplýsingar í síma 825 0463. Tilboð óskast.



Til sölu 42 fm. sumarb. með 10 fm. svefnl. á 5000 fm leigulóð í landi Hallskots í Fljótshlíð. Rafmagnskynding og kalt vatn. Verð 11.9 millj. Nánari upplýsingar í síma 6987560.

**Lóðir til sölu**
**Tvær lóðir, samliggjandi, í Miðengi v Kerið Grímsnesi, 1,08 og 1,17 hektarar til sölu, hvor fyrir sig eða saman. Stærri lóðin liggur að skógræktarlandi. Seljandi getur smíðað. Skipti möguleg.**
**Uppl 824 6703.**



Til sölu 30 fm heilsárshús, fullbúinn að utan. Aðeins 1 hús eftir. S. 868 5550.

Með heitri laug í Biskupstungum. Helgar og vikuleiga í ágú. og sep. S. 898 6033.

**2 Sumarhúsalóðir**
til sölu í Kerhrauni, Grímsnesi. Frábær staðsetning, neðst í skipulögðu landi. Gott útsýni. Uppl. í s. 698 5048.

Ca. 10 þ. fm eignarland í Grímsnesi ásamt grunni ofl. til sölu. Uppl. í s. 898 2120.

60,9 fm. Sumarhús á landi múrara í Öndverðarnesi 1 Grímsnes og Grafningshreppi. Frábær staðsetning við Hvítá með fallegri fjallasýn. Uppl. á Re/max Lind. S. 862 1109

**Sumarbúðstaða lóð til sölu**
Til sölu sumarbúðstaðaland 1 ha., eða fleiri. Landið er úr jörðinni stóra Hof á Þjórsárdalssvæðinu, heitt og kalt vatn að lóðarmörkum ásamt rafmagni. Gott verð. Uppl. í s. 663 7365 & 863 3793.

## Atvinnuhúsnæði

**Sálfræðistofu vantar húsnæði á leigu**
**Húsnæðið þarf að vera á bilinu 80-120 fermetrar, hafa möguleika á biðstofu og 2-3 viðtalsherbergjum.**
**Upplýsingar í síma 891 9212 eða 893 4522.**

Óska eftir að taka á leigu atvinnuhúsnæði 150-200 fm, með innkeyrsludyrum, á stór-Rvk svæðinu. Verður að vera einangrað og upphitað. Svör sendist fréttablaðinu merkt. Atvinnuhúsnæði / Geymsla.

## Bílskúr

**Bílskúr óskast**
Bílskúr m/niðurfalli óskast til kaups. Uppl. í s. 892 0222.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**starf.is**
**Nú er rétti tíminn til að breyta til.**

Pizza Hut

**Pizza Hut**
**Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki. Lágmarksaldur er 18 ára. Pizza Hut Nordica leitar að starfsfólki í fullt starf, áhugasamir hafi samband viðihugasamir hafi samband við "mar veitingastjóra í síma 869-6683. Einnig er hægt að sækja um · www.pizzahut.is.**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á www.nings.is**

**Málarar Athugið!**
**Óskum eftir málurum eða vönum mönnum. Svör sendist Fréttablaðinu fyrir 23 júlí 2007 merkt Málarar.**



PÓSTURINN allur pakkinn

# Bílstjórar
## á minni sendibíla

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. 100% starfshlutfall, framtíðarstörf. Vinnutími er frá frá 07.30 - 16.55 og frá kl.16.30 - 22.15.

Hæfniskröfur:
- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Haukur Barkarson
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjórar

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is



## VANTAR ÞIG PÍPU-LAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 581 2222**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA VERKAMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 581 2222**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

## KÓPAVOGSBÆR

## Leikskólastjóri

- **Starf leikskólastjóra í Urðarhóli v/ Kópavogsbraut er laust til umsóknar.**

Umsóknarfrestur er til 4. ágúst, en staðan er laus 1. september eða fyrr.

*Í leikskólum Kópavogs er starfað í samræmi við metnaðarfulla stefnumótun bæjarins í leikskólamálum og námskrá leikskóla Kópavogs. Urðarhóll er 7 deilda leikskóli sem starfar skv. heilsustefnunni.*

- Umsækjandi skal hafa menntun leikskóla-kennara, framhaldsmenntun í stjórnun æskileg.
- Krafa er gerð um hæfni í samskiptum og haldgóða reynslu af leikskólastarfi.
- Viðkomandi skal vera tilbúinn til að starfa eftir heilsustefnunni og taka þátt í að þróa hana.

Nánari upplýsingar gefur leikskólafulltrúi, Sesselja Hauksdóttir, á Fræðsluskrifstofu Kópavogs, Fannborg 2, II. hæð, sími 570-1600.
Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást í afgreiðslu Fræðsluskrifstofu, sjá einnig ***www.job.is***.
Laun skv. kjarasamningi FL og launanefndar sveitarfélaga.



Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

**www.kopavogur.is - www.job.is**



**Firma BYGGINGARF.GYLFA &GUNNARS HF**

poszukuje operatorow sprzetu ciezkiego z uprawnieniami na koparko-ladowarki,koparki obrotowe do 17 ton i wiecej.Zapewniamy prace na dlugi okres czasu.Nasza firma to jedna z wiekszych i dobrze prosperujacych w islandii.Zapewniamy dobre warunki.

Wszelkie informacje mozna uzyskac pod numerm 6630317/Arek-po polsku/Dziekujemy za kontakt.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is



## VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 581 2222**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 581 2222**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS


**Auglýsingasími**

**512 50 50**

– Mest lesið


# *Aðstoðarfólk óskast!*

Ég er 21 árs, ung kona með hreyfihömlun sem leitar eftir aðstoðarfólki sem fyrst til að geta notið sjálfstæðs lífs. Ég bý eins og er í foreldrahúsum í Garðabæ.

Ég þarfnast aðstoðar við allar athafnir daglegs lífs, m.a. við hreinlæti, klæðnað, keyrslu, tiltekt, vinnu, skóla o.fl. Einnig til að auka og viðhalda lífsgæðum mínum svo ég geti lifað eins og hver önnur ung manneskja í íslensku samfélagi.

Ég sækist eftir því á hverjum degi að láta drauma mína rætast, gera vel úr því sem ég hef í höndunum og njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

**Þar getur þú komið sterk til leiks.**
Á allan hátt mun fjölbreytni einkenna starfið, engin dagur er eins hjá mér, frekar en hjá þér.

Umsækjandi þarf að vera á aldrinum 20-30 ára, reyklaus og með bílpróf sem er nauðsin. Jákvæðni, virðing og samvinna er lykill að farsæld í starfi sem þessu því með þér hef ég tækifæri til að lifa með reisn.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband á netfangið: freyja@forrettindi.is eða í síma 6912722.
Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist einnig á freyja@forrettindi.is.

**Ráðningardagsetning:**
Sem allra fyrst.
**Vinnutímabil:**
Framtíðarstarf.
**Vinnuhlutfall:**
100% eða 50% störf, vaktavinna.
**Laun:**
Góð laun í boði.

**FORRÉTTINDI**
*Aðstoð - frelsi - lífsgæði*
Forréttindi ehf • Farsími: 691 2722 • freyja@forrettindi.is
www.forréttindi.is

*-fötlun þarf ekki að vera hindrun!*


**allt atvinna**

**Alla sunnudaga**




Samtök iðnaðarins og SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmiðla á www.si.is – Hönnun Hvíta húsið/ SÍA

# Lúkasarguðspjall veðurspekings og leikstjóra

**Haraldur Ólafsson** hlustar reglulega á útvarpsþætti **Hlínar Agnarsdóttur** og hefur gaman af. Hlín hefur fylgst með Haraldi segja veðurfréttirnar í 16 ár og hleypur jafnvel að skjánum þegar hann birtist. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fór yfir peningaplokk, Leifsstöð og kókdrykkju með rökstólapari vikunnar.



**BLOGG OG EKKI BLOGG** Haraldur Ólafsson finnst skárra að fólk bloggi en eyði tíma sínum í sjónvarpsgláp. Hlín Agnarsdóttir hefur vissulega gaman af því að lesa vönduð skrif á netinu en finnst samt að sumir ættu frekar að nota símann í blaðrið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Á RÖKSTÓLUM

*Hafið þið hist áður og hvað vitið þið hvort um annað?*

**Hlín:** Nei, ég hef ekki hitt þig, hefur þú hitt mig?

**Haraldur:** Nei.

**Hlín:** En ég veit að Haraldur er veðurfræðingur og hef fylgst með honum frá því hann birtist fyrst á skjánum. Og mér fannst hann svo glaðlegur og glaðlyndur. Þá bjó ég með manni og alltaf þegar Haraldur var í sjónvarpinu kallaði hann á mig: „Hlín, komdu, komdu, Haraldur er í sjónvarpinu. Þessi krúttlegi.“ Það var ekki síst þessi gleði sem streymdi frá honum.

**Haraldur:** Ég verð nú bara andstuttur af þessu og get varla trompað þetta. Það sem kemur fyrst upp í huga minn þegar minnst er á Hlín eru útvarpsþættirnir, Orð skulu standa. Þeir eru svolítið skemmtilegir, ég er svo gamaldags og finnst gaman að hlusta á útvarp og þá svona þætti helst. Ég er ekki viss um að ég hafi séð leikritin þín því flest leikrit sem ég hef séð undanfarin ár eru barnaleikrit, og það er nú dálítil skömm frá því að segja. Svo var ég að reyna að rifja upp þessi sjónvarpsleikrit sem ég hef séð en það gekk ekkert betur.

**Hlín:** Minni okkar er nú líka svo takmarkað alltaf að það nær ekkert langt aftur. Það er svo mikið um að vera í kringum okkur að allt gleymist frekar fljótt.

**Haraldur:** Fallega gert af þér að afsaka þetta.

**Hlín:** Mér finnst það alveg eðlilegt, ég er ekkert viðkvæm fyrir því að fólk muni ekki eftir því hvað ég hef gert.

**Haraldur:** En ég get nú alveg sagt þér það að þegar ég nefndi það við þá sem næst mér stóðu að ég væri að fara að hitta Hlín Agnarsdóttur í viðtali fékk ég meðal annars það svar að mér færi bara best að þegja því Hlín væri svo miklu skemmtilegri en ég.

**Hlín:** Hahahaha!

### Börn í stað hunds

*Nú eru nýafstaðnar þrjár kertavökur vegna hundsins Lúkasar, sem eftir sögur af barsmíðum og drápi virðist nú vera upprisinn í Hlíðarfjalli – hvernig kemur málið ykkur fyrir sjónir? Og hafið þið heyrt sögur fara af stað, sem hafa varla snefil af sannleik en grassera samt um borg og bý?*

**Hlín:** Nú þarf maður víst að passa sig því að ég á ekki hund og ber engar sérstakar tilfinningar til hunda.

**Haraldur:** Já, við verðum að fara varlega.

**Hlín:** Mér finnst þetta allt hrikalega fyndið. Mér finnst þetta svo fyndið að ég er búin að hlæja að þessu alveg frá upphafi til enda og ég er enn að hlæja. Get ekki séð neitt alvarlegt við þetta enn sem komið er.

**Haraldur:** Ég hélt ég gæti ekki sagt það en fyrst Hlín er búin að segja það þá verð ég að segja að þetta er auðvitað grátbroslegra en orð fá lýst. Þegar þetta gerðist og fólkið fór að fleyta kertum fór ég að velta því fyrir mér hvernig hægt væri að virkja þessa miklu umhyggju og samúð sem kom þarna fram og hvort ekki væri hægt að beina þessari umhyggju inn á einhverjar aðrar brautir.

**Hlín:** Nákvæmlega sama og ég hugsaði! Hugsa sér ef þjóðin myndi nú beina þessari samúð í aðrar áttir – þar sem er nauðsyn fyrir hana.

**Haraldur:** Það eru sjúkdómar og stríð ...

**Hlín:** Já, og börn sem líða skort, hér á landi og erlendis. Það er eitthvað sérkennilegt í gangi að í kringum þetta geti skapast þrjár kertavökur.

**Haraldur:** Ég hef nú grun um að það sé einhvers staðar einhver að hlæja, sá sem hrinti þessu samsæri af stað gleðjist yfir vel heppnaðri sviðsetningu. Fréttastofurnar gleypa við hverju sem er þessa dagana.

**Hlín:** Þetta er farsi og um leið skammarlegt að þetta skuli ná þessum hæðum og verða ein af aðalfréttum sjónvarps og útvarps. Það er litið á fréttir í dag sem afþreyingu, skemmtiefni sem þarf að vera í gangi. Og kjaftasagan er auðlind í dag og það er hægt að selja hana. En kjaftasögur segirðu. Myndaðist ekki svakaleg saga í kringum Trausta Jónsson veðurfræðing?

**Haraldur:** Jú, þessi saga um Trausta var mjög sérkennileg. Hún var sú að Trausti væri dáinn. Hún mun eiga rætur að rekja til þess að það sást til hans á spítala. Svo fór að hann varð þreyttur á þessari sögu og gaf út yfirlýsingu um að hann væri á lífi.

**Hlín:** Innan listamanna- og leikaraheimsins virðast sögur um meinta samkynhneigð fólks vera hvað vinsælastar. Og ég hef lent í þessu margoft – bæði varðandi kollega mína sem fólk hefur haldið blákalt fram að væri byrjað að vera með einhverri manneskju af sama kyni og svo hef ég heyrt þetta um sjálfa mig. Mjög þekkt fréttakona spurði mig þegar ég minntist á fyrrverandi manninn minn: „Nú, ertu svoleiðis?“ sagði hún – „Ég hélt þú værir hinsegin.“ Á þessum síðustu tímum erum við samt orðin svo frjálsleg að þetta skiptir engu máli þannig séð.

**Haraldur:** Já, ég held að það sé einmitt tilfellið. En ég hef heyrt miklu færri svona sögur af mér en ég hefði verið til í að heyra. Engar hommasögur til dæmis, því miður.

> Já, ég held að það sé einmitt tilfellið, að menn eru síður viðkvæmir í dag en þeir voru. En ég hef heyrt miklu færri svona sögur af mér en ég hefði verið til í að heyra. Engar hommasögur til dæmis, því miður.

### Af hverju ekki bara að hringja?

*Bloggsíður hafa síðustu misserin verið stofnaðar hægri, vinstri af háum sem lágum – eigið þið eina slíka, lesið þið blogg og hvað finnst ykkur um þetta nýjasta æði?*

**Haraldur:** Ég reyni að halda dagbók, að vísu ekki á netinu heldur bara í tölvunni heima hjá mér. Ég ber svolitla virðingu fyrir þeim sem nenna að skrifa bloggsíður. Og ég er glaður yfir því vegna þess að þetta endurspeglar mikla orku í fólki – að það skuli vera svona óskaplega margir sem nenna að skrifa og sumir vel ígrundaða pistla, í stað þess að horfa á sjónvarpið. Þetta er ritfrelsi á borði, ekki nokkrir ritstjórar sem einoka umræðuna heldur miklu fleiri sem taka þátt.

**Hlín:** Já, ég get alveg tekið undir það og það er auðvitað gleðilegt að það skuli vera til vettvangur þar sem hinn almenni borgari getur tjáð sig hindrunarlaust. Ég hef fundið fyrir þrýstingnum að taka þátt í þessum bloggskrifum en ég hef ekki látið undan honum, ekki frekar en ég læt undan öðrum þrýstingi um það hvernig á að lifa. Ég neita því ekki að ég hef freistast til að lesa þá höfunda bloggsíðna sem mér finnst skrifa ígrundað og vel. En mér finnst líka svakalega mikið af bulli í blogginu. Það eru skrif þarna sem gera það að verkum að ég hugsa bara með mér: Af hverju er viðkomandi að þessu – af hverju hringir hann bara ekki í einhvern? Og notar bara gamla lagið til að blaðra, því margir nota þetta bara eins og símann áður. En við erum auðvitað svo frjálslynd og allt er leyfilegt, það má varla krítísera nokkuð í dag. Það má ekki segja neitt um Lúkas og ekkert ljótt um bloggarana.

### Strætóskýli myndi duga

*Fréttir vikunnar báru okkur einnig þau tíðindi að matarverð væri hvað hæst á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd. Fáið þið einhvern tímann hland fyrir hjartað á kassanum?*

**Hlín:** Já, ég verð að segja það. Þú ert auðvitað með fjölskyldu og börn á framfæri, Haraldur. Ég er svo sem ekki með börn en ég býð í matarboð og þarf að næra mig sjálf og mér finnst þetta til skammar. Ég er mjög meðvituð um það sem ég set ofan í mig og vil velja það. En ég veit aftur á móti að kannski er þetta öðruvísi fyrir fólk sem getur gripið næsta pulsupakka og verið sátt.

**Haraldur:** Auðvitað væri fínt að fá ódýrari mat og engin ástæða til að sætta sig við matarverðið. En það eru kannski aðrir hlutir sem fara enn meira í taugarnar á mér. Ég var til dæmis að koma frá útlöndum og skildi bílinn eftir í Keflavík og til að endurheimta bílinn þurfti ég að borga himinháa upphæð. Þetta er ekkert annað en fjárplógsstarfsemi – fyrirtækið þarna hefur fengið úthlutað landi og eins konar einkaleyfi til að plokka ferðafólk. Reyndar finnst mér allt við Flugstöðina í Keflavík með þessum hætti. Umtalsverður hluti af fargjöldunum fer í að borga þetta dýra hús. Ég þarf ekki svona höll, með rönum í allar áttir, til að bíða eftir flugvél, mér myndi nægja strætóskýli.

**Hlín:** Það er alltaf verið að plokka mann alls staðar. Mér þykir bankaþjónustan líka mjög dýr.

**Haraldur:** Fyrir nokkrum árum kom miði upp á vegg: Bannað er að dvelja í flugstöðinni eða nágrenni hennar að næturlagi. Þarna eru einhverjir sem hafa hagsmuna að gæta komnir upp á dekk. Það er furðuleg ósvífni að reyna að banna fólki fólki að slá upp tjaldi úti í móa.

**Hlín:** Það er í rauninni alltaf verið að beina okkur í þá átt að eyða peningum og aðrir að skipuleggja okkar buddu. En ég verð að segja það að þótt umræðan um matarverð sé góð og gild, hef ég meiri áhyggjur af því hvað fólk lætur ofan í sig. Að fólk sé í raun og veru að eyða peningum í vitleysislegt át og þar vil ég fyrst og fremst tala um hveitiátið og gosdrykkjaþambið.

**Haraldur:** Tek undir þetta – það liggur við að kókinu sé nánast troðið ofan í kokið á börnunum með því að hafa það í hvers kyns tilboðspökkum. Ef maður kemur á veitingastað liggur við að maður þurfi að leggja inn umsókn í þríriti til að fá vatn.

**Hlín:** Það er til dæmis mikil afturför að fólki í flugi skuli ekki bara verið gefið vatn. Þegar ég var á leiðinni heim frá Krít í vor, ætlaði ferðaskrifstofan að vera ægilega sæt og gefa farþegum kók og pitsu. Ég spurði hvort ég mætti ekki heldur fá vatn í staðinn fyrir kók. En það var ekki hægt án þess að borga fyrir það. Ég hafði ekki þann möguleika að fá vatn í stað pitsu og kóks og það segir mikið. En nú þegar við tölum um þetta fær maður strax móral yfir því að vera svo neikvæður. – Haraldur, nú þurfum við að fara að mæra allt sem mögulegt er það sem eftir lifir dags!

Nicotinell®

NÝJAR PAKKNINGAR
BETRA VERÐ

# TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!




## NICOTINELL
## - ÞRJÁR GÓÐAR LEIÐIR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

# Hryllingurinn er yfirstaðinn

Það er ekki ýkja langt síðan áhorfendur sátu stjarfir í bíósölum og þyrsti í aflimanir og blóð. Gagnrýnendur kepptust um að lofa myndræna útfærslu á blóðsúthellingum í myndum á borð við Saw, Cabin Fever og Hostel og fáir skildu hvaða veður var skollið á í bíóheimum. Peningarnir sem skiluðu sér í kassann þá eru hins vegar annars staðar núna. *Freyr Gígja Gunnarsson* kynnti sér þá ísöld sem virðist vera að renna upp í hryllingsmyndageiranum.



**CAPTIVITY** Fyrirsætunni Jennifer er rænt, hún dópuð upp og svo pínd en þetta gekk ekki í bandaríska áhorfendur.

Fáar gerðir kvikmynda verða vinsælar í jafn miklum bylgjum og hryllingsmyndir. Ef undanskildar eru kannski söng- og dansmyndir. En nú virðist nýjasta hryllingsmyndaskeiðið vera í rénun, áhorfendur þurfa hvíld um stund, sem þýðir að leiðin er greið fyrir nýjar og frumlegar hugmyndir.

Ef lýsa ætti þeirri stemningu sem ríkt hefur í bíóhúsum síðustu árin má vitna í eina auglýsingu bíóhúsanna fyrir hryllingsmynd: „Þetta er hryllilegra og blóðugra heldur en Hostel!“ Kvikmyndahús borgarinnar hafa nefnilega verið yfirfull á nýrri öld af gerð kvikmynda sem þó byggja á gömlum merg „splatter“-myndanna frá sjöunda og áttunda áratugnum. Myndirnar snúast um svokallað „torture porn“ eða „pyntingarklám“. Ódýrar kvikmyndir með lítt þekktum leikurum sem raka inn seðlum í miðasölu enda dreift af stóru kvikmyndaverunum í Hollywood. Og í fyrstu virtust áhorfendur hafa ótakmarkaðan áhuga á hvers kyns viðbjóði.

### Dræm miðasala

Fréttavefur CNN greinir frá því á vefsíðu sinni að þessar kvikmyndir hafi rekist á blóðugan vegg í ár. Hollywood-kvikmyndaverin hafi reynt að blóðmjólka kúna eins og þau gátu en nú hafa áhorfendur endanlega fengið nóg.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarfyrirtækisins Media By Numbers voru meira en 19 hryllingsmyndir frumsýndar árið 2003. Árin á eftir fylgdi hálfgerð holskefla hryllingsmynda sem náði hámarki árin 2005 og 2006 en þá voru 26 myndir í flokki hryllingsmynda frumsýndar hvort árið. Og nú er árið 2007 hálfnað en þegar hafa 20 kvikmyndir í hryllingsmyndaflokknum verið sýndar með einum eða öðrum hætti og annar eins fjöldi bíður sýninga.

Hollywood hefur löngum verið þekkt fyrir að nýta sér það sem vinsælt er. Það er hvorki gömul saga né ný að ákveðnar gerðir kvikmynda skuli vaxa og dafna en síðan fölna og deyja út á tiltölulega skömmum tíma. Nægir þar að minnast á myndirnar úr Frankenstein-flokknum, frá fjórða áratug síðustu aldar, sem og hryllingsmyndir sjötta áratugarins þegar geimverur yfirtóku jörðina með oft kostulegum hætti en hurfu síðan af sjónarsviðinu og hefur þeim ekki brugðið fyrir nema þá helst í Independence Day og Mars Attacks!-gríni Tims Burton.

Kvikmyndir sem hafa byggt hryllinginn upp á öðru en hauslausum búkum og blóði hafa hins vegar gengið vel í kvikmyndahúsagesti. Nægir þar að nefna 1408 og Disturbia. Pyntingarklámið hefur hins vegar verið á algjöru undanhaldi. Miklar vonir voru bundnar við Hostel II enda hafði fyrri myndin slegið Chronicles of Narnia við á sínum tíma. En bæði dómar um myndina sem og aðsóknin ollu gríðarlegum vonbrigðum. Captivity með 24-stjörnunni Elisha Cuthbert átti að vera ein af stóru bombunum í ár en komst einungis upp í tólfta sæti vinsældarlistans í Bandaríkjunum. Og svipaðum myndum bíða sömu örlög.

### Endurspeglar þjóðfélagið

En hvers vegna skyldu áhorfendur hafa þurft þennan hrylling í æð fyrir aðeins stuttu síðan en vilja ekki af honum vita nú?

Geimverumyndir sjötta áratugs síðustu aldar endurspegluðu heimsmynd þess tíma. Kalda stríðið og kjarnorkuógnin vofðu yfir hverju húsi og hræðsluáróðri stjórnvalda mætti líkja við heimsendaspádóma um hugsanlega komu geimvera. Á þeim tíma var því fátt sem hræddi fólk meira en utanaðkomandi og ókunn öfl sem bjuggu yfir áður óþekktri tækni og gátu birst hvenær og hvar sem er. Hið fjarlæga en jafnframt hættulega kommúnistaveldi í austri var heimili geimveranna, ógnin við vestræn gildi og frelsi og þær hefðu þess vegna getað haft hamar og sigð á skipum sínum og talað annað hvort rússnesku eða kínversku. Kommúnistaógnin var drifkrafturinn og fólk naut þess að getað öskrað á þessa ógn sem yfirleitt var ósýnileg en birtist þarna í formi geimverumynda.



**9/11** Óöryggið og hryllingurinn í kjölfarið á 9/11 skapaði þörf fyrir kvikmyndir á borð við Hostel og Saw.



**HOSTEL II** Amerískum bakpokaferðalöngum er rænt hverjum á eftir öðrum og þeir pyntaðir af sadískum auðjöfrum.

Árásirnar á Tvíburaturnana 2001 og innrásirnar í Afganistan og Írak vöktu nýja óöryggistilfinningu, einkum og sér í lagi hjá stórveldinu í vestri. Hryðjuverkamenn voru á hverju strái og fólk þurfti ekki annað en fara á netið til að sjá öfgamenn frá arabalöndunum afhöfða vestræna gísla sína. „Á meðan George W. Bush er við völd í Bandaríkjunum verða gerðar svona myndir því þær eru ekkert annað en spegilmynd af því tætta þjóðfélagi sem Bandaríkin eru,“ sagði hryllingsmyndaleikstjórinn Eli Roth í samtali við Fréttablaðið þegar hann var staddur hér á landi. „Fólk vill öskra en getur það ekki, hryllingsmyndir á borð við Hostel og Saw gefa fólki tækifæri til þess. Fyrir 9/11 héldu Bandaríkjamenn að þeir væru öryggir en í fyrsta sinn síðan borgarastyrjöldinni lauk finnst Bandaríkjamönnum þeir ekki vera óhultir.“ Hvort andstaðan við stríðið í Írak sé ástæðan fyrir því að fólk kýs ekki lengur að öskra eða að fólk telji sig nú eygja endalok valdatíma Bush-stjórnarinnar skal ósagt látið, en augljóst er að það sem Eli Roth kallaði afþreyingu handa taugaveiklaðri þjóð dugar sömu þjóðinni ekki lengur.



**SAW** Jigsaw býður saklausum fórnarlömbum sínum upp á blóðugan leik.

## UM HVAÐ VORU VINSÆLUSTU MYNDIRNAR?



**Hostel:** Hópur ungra bandaríska manna heldur til Slóvakíu í bakpokaferðalag og hittir þar fyrir kolgeðveikan Íslending að nafni Óli. Þeir koma sér fyrir á gistiheimili og eru umkringdir fögrum fljóðum. Fyrr en varir fara félagarnir hins vegar að týna tölunni einn á fætur öðrum og í ljós kemur að í þessu litla þorpi er starfræktur pyntingarklúbbur fyrir ríka karla sem kjósa að nota lifandi fórnarlömb við æfingar sínar.

**Kostnaður:** 4,5 milljónir dollara
**Gróði í USA:** 45 milljónir dollara

**Saw:** Hinn alræmdi fjöldamorðingi Jigsaw þykir fátt jafn skemmtilegt og að lokka saklaus fórnarlömb til sín í leiki sem hann stundar. Fyrsta myndin segir frá rannsóknarlögreglumönnum sem komast á snoðir um Jigsaw sem heldur tveimur mönnum lokuðum inni í klefa sínum. Þeir verða að drepa hvor annan til að forða fjölskyldu sinni frá skelfilegum dauðdaga. Eina vandamálið er að þeir eru hlekkjaðir við vegg með keðjum og eina verkfærið er ryðguð sög.

**Kostnaður:** 1,2 milljónir dollara
**Gróði í USA:** 55 milljónir dollara

**Captivity:** Fyrirsætunni Jennifer er rænt og haldið lokaðri inni í dimmum klefa. Þar er hún dópuð upp og pyntuð á hrikalegan hátt.

**Kostnaður:** Ekki uppgefinn
**Gróði:** 12. sætið á vinsældalistum í Bandaríkjunum.

**Hostel II:** Þjár amerískar stúlkur halda til Slóvakíu og gista þar á gistiheimili en eru síðan lokkaðar í sama pyntingarklúbb og landar þeirra fyrir nokkrum árum.

**Kostnaður**: 10 milljónir dollara.
**Gróði í USA:** 17 milljónir dollara

# BT GLEÐILEGT BT SUMAR




Sumarplatan í bílinn

Inniheldur m.a. lagið Allt fyrir ástina með Páli Óskari

1.999

# PANASONIC MYNDBANDSTÖKUVÉLAR

32 x aðdráttur
Zoomaðu inná smæsta smáatriði.

Hristivörn
Hristivörn sem ver harða diskinn



2.7" skjár
Stór widescreen skjár er málið.

**Panasonic**

SDR-H20EB-S
PANASONIC CAMCORDER 30GB
30GB Hard Disc Drive
Mega O.I.S (Optical Image Stabilizer)
32x Optical Zoom
Anti-Shock Shield Protect Data From Damage
2.7 Inch Wide LCD, 16:9 Recording
VGA 0.3 Mega Skills
512MB SD Card Included
New MPEG2 Engine
Colour Night View
External Charger
SD Slot, Pictbridge

59.999

BT LÁN™

| 6.954* | 3.759** | 2.552*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

30x aðdráttur
Zoomaðu inná smæsta smáatriði.



2.5" skjár
Skjár sem sýnir allar aðgerðir

Pure Colur Engine
Gefur þér réttur litina.

**Panasonic**

NV-GS60EB-S
PANASONIC TÖKUVÉL DV NVGS60ESB
Panasonic Camcorder 30gb
30x Optical Zoom
Electric Image Stabilizer
Pure Colour Engine
VGA Still Picture Recording
USB 2.0 (FS Mode)
2.5 Inch LCD
Web Camera Function

29.999

BT LÁN™

| 3.076* | 1.997** | 1.352*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |



SIMPSONS TILBOÐ

DVD 3.999 Hver þáttaröð

DVD 1.299 Hver diskur

# SONY SUMARMYNDIR

SONY

7.2 Megapixlar
Super HAD CCD myndflaga.



19.999

~~22.999~~

DSCW35
SONY CYBERSHOT
7,2 megapixlar
Super HAD CCD
Real Image Processor
3x Optical zoom
6x Digital zoom

3x aðdráttur
Carl Zeiss
Vario Tessar-linsa.

SONY

2"LCD sjár
Skemmtilegur skjár
með allskonar aðgerðum.



17.999

DSCS650
SONY CYBERSHOT S650

7,2 megapixlar
3x Optical zoom
MemoryStick Duo
2" LCD skjár

7,2 megapixlar
Alvöru upplausn sem gefur þér stærri myndir.

BT LÁN™

| 3.650* | 1.934** | 1.470*** |
|---|---|---|
| 6 mánaða | 12 mánaða | 18 mánaða |

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður• Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Að botna fyrriparta valdsmanna**

Sölvi Sveinsson hlustar á útvarpsmessu og fær ekki orða bundist í dagbókarfærslu **Anno 2000**: „Prestar eiga að predika! Taka upp í sig og flytja mál sitt af festu og hafa skoðun! Flestir eru fylgispakir og jafnvel múlbundnir sitjandi landsdrottnum og styggja þá sjaldan. Kirkjan virðist vera stofnun á brjósti ríkisins og gengur ekki í takt við þjóðina, en botnar fyrriparta valdsmanna af tómlátri og merkingarlausri bragfimi.“ Þessar kjarnyrtu hugleiðingar birtust í kveri 2004 sem heitir **Og dagar líða**, Heillakveðja til Sigurðar Svavarssonar.

**Vonbrigði**

Jón Jakobsson og Valgeir Sigurðsson senda báðir athugasemdir við umfjöllun um orðið **von** fyrir hálfum mánuði og benda réttilega á að það sé oft haft um það sem vænta megi, þótt ekki sé það jákvætt. Þeir tilgreina báðir dæmi svo sem dauðvona, illur á sér ills von og fleira af því tagi. Þannig er notkun orðsins ekki alltaf „rökrétt“ því enginn **vonast** eftir einhverju illu. Eftir stendur í máli Birgis Guðjónssonar kvörtun hans um einhæfni, að menn gleymi orðfæri á borð við að reikna með, gera ráð fyrir, telja líkur á, vænta o.s.frv. Ég fagna öllum liðsmönnum í baráttunni við orðafátækt.

**Fremja ljóð?**

„Fremur myndlistarljóð“ segir í fyrirsögn hér í Fbl. 22. júní, og ég varð hvumsa þegar ég las þetta. So. **að fremja** merkir að iðka, drýgja, en er heldur neikvæð sbr. að fremja morð, fremja illvirki. Tæpast flokkast ljóð til viðlíka ódæðisverka.

**Til Njörðs**

„Ég er með pakka til Njörðs,“ sagði ungur maður frá póstinum sem hringdi dyrabjöllunni hjá mér eitt kvöldið. Ég spurði hann hvort hann vildi ekki heldur koma honum til Njarðar. Það samþykkti hann eftir nokkurt hik, eins og hann vissi ekki fyrst hvort það væri sami maðurinn.

**Þörf eftir?**

„Þörf eftir líffæragjöfum hefur aukist,“ segir í fyrirsögn hér í Fbl. 3. júlí. Þörf eftir? Ég hef þörf eftir umhyggju, – segir það einhver? Þetta er þeim mun undarlegra þar sem greinin hefst: „Þörf fyrir líffæragjafir á eftir að vaxa á næstu árum …“ Þarna er þetta rétt, nema hvað nú **vex** þörfin, sem hljómar verr í mínum eyrum. Hvernig ber að skilja svona misræmi? Samdi einhver annar fyrirsögnina?

**… þeir muni fjölda?**

Í undirfyrirsögn sömu greinar segir „að **þeir** sem þarfnast líffæraígræðslu **muni fjölga** á næstunni“. Hér ruglar tilvísunarsetningin höfundinn í ríminu. Hann hefur væntanlega ætlað að segja að **þeim muni fjölga**.

**Braghenda**

Ég fór um daginn að vitja æskustöðva minna vestur í Skutulsfirði. Þar kviknaði þessi valhenda:

Fjöllin skýla firðinum í faðmi sér.
Allt sem fyrir augu ber
á sér stað í huga mér.

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**

# Ríkustu fyrirsæturnar

Brasilíska ofurfyrirsætan Gisele Bündchen er efst á lista Forbes yfir ríkustu fyrirsætur heims en hún þénaði þrjátíu og þrjár milljónir dollara síðasta ár. Bündchen, sem er einungis tuttugu og sex ára, vann áður fyrir nærfataframleiðandann Victoria‘s Secret en hætti þar í maí. Hún á að baki fleiri fyrirsætusamninga en nokkurt annað módel í heiminum og hefur komið fram í auglýsingaherferðum fyrir Apple, Dolce & Gabbana og Roberto Cavalli. Gisele er miklu launahærri en Kate Moss, sem er í öðru sæti, en hún þénaði um níu milljónir dollara á síðasta ári. Hún hannaði línu fyrir verslanakeðjuna Topshop og er meðal annars nýtt andlit tískulínu Stellu McCartney og ítalska íþróttafyrirtækisins Belstaff.

Í þriðja sæti situr hin þýska Heidi Klum en hún starfaði einnig hjá Victoria‘s Secret og alls hafa fimm fyrirsætur af þeim fimmtán á listanum starfað hjá því ágæta fyrirtæki sem greinilega borgar ágæt laun. Í fjórða og fimmta sæti eru fyrirsæturnar Adriana Lima og Alessandra Ambrosio og á eftir koma nöfn eins og Natalia Vodianova, Karolina Kurkova, Daria Werbowy, Gemma Ward, Jessica Stam og Shalom Harlow.

- bor











**Gisele Bundchen** er ríkust og á eftir fylgja **Kate Moss** og **Heidi Klum** en bæði Gisele og Heidi eru gamlar kempur frá Victoria‘s Secret. **Natalia Vodianova** er svona til miðju á listanum og **Gemma Ward** er í tíunda sæti enda hefur hún einbeitt sér að tískupallinum að undanförnu auk nokkurra auglýsingaherferða.

## HELGARKROSSGÁTAN




Þú sendir SMS skeytið
JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ
á númerið 1900!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón.
Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

Dregið úr réttum svörum n.k.
fimmtudag kl. 12. - 99 kr. smsið







74
MP & BH

SPURNARFORNAFN, VITNESKJA, BOR, STARFSGREIN, HÆÐ, Á FÆTI, SÓLÁR, LANGAR, FLÝTIR, ÚTHLUTAÐIR, POT, STEINTEGUND, TVEIR EINS, DRYKKUR, RIMPA, GINNA, TVEIR EINS, ENSK MYNT, BÓKSTAFUR, KÆRLEIKSÞEL, KRASSA, TELPU, GEIL, KLINGJA GLÖSUM, HEGNA, KOMUMST YFIR, FLASKA, BLÁSTUR, GESTRISNI, ÁKÆRA, SKORPA, BROTTHLAUP, NÚMER, YFIRBRAGÐ, MERKI, FESTA, MÁLHELTI, 999, HÖFÐÝR, SÝKJAST, TÓNLISTARTEGUND, LÚSAEGG, FLJÓTFÆRNI, LJÓÐUR, TÍMI, SPENDÝR, SVÍFA, YFIRRÁÐ, FRAMBURÐUR, MÁNUÐUR, TÆFA, UPPSKRIFT, HLJÓM, ÓHREININDI, EINNIG, NÝLEGA, TIFA, VANÞÓKNUN, ALA, MASAR, VÍNTEGUND, PÚKA, TVEIR EINS, FJÓR, DREIFT, DRJÚPA, SKÓLI, FRJÓ, MUN, MATARÁHALD, NES, STEYPIBAÐ

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net



Hún er eiginlega spenntari en ég.
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST
VERÐ FRÁ
2.368 KR.
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
SÝN2
enski boltinn




# Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Fullkominn stöðugleiki

**TRYGGVI GUNNARSSON** HEFUR SITT HVAÐ UM ÚTLENDINGA AÐ SEGJA EN ER ÞÓ ENGINN RASISTI



Við verðum að byggja álver og járnblendi- og batteríverksmiðju og virkjanir sem búa til rafmagn fyrir álverið og járnblendið og batteríverksmiðjuna. Þetta verðum við einfaldlega að gera til að viðhalda stöðugleika og forðast yfirvofandi atvinnuleysi. Stöðugleiki er nauðsynlegur því í honum felst að stöðugt færri einstaklingar eignast stöðugt fleiri fyrirtæki svo óstöðug samkeppni hverfur. Stöðugleiki er einnig mikilvægur í stjórnmálum. Það veit íslenska þjóðin, enda hefur hún ekki þorað að kjósa sér nýja ríkisstjórn síðan óstöðugleikadraugurinn kvað niður verðbólgudrauginn.

Og atvinnuleysið. Guð forði okkur frá því að þurfa ekki á útlendingunum að halda, fyrirgefið, fólki af erlendu bergi, til að vinna fyrir okkur. Við þyrftum mögulega að byrja að tala um innflytjendamál og allir vita að hver sem segir sína skoðun á þeim, sama hvað hann segir, verður sjálfkrafa að rasista og fúlmenni nema hann vinni hjá Alþjóðahúsinu.

Við þyrftum einnig að hugsa um hverjum við hleyptum inn í landið og hlusta á sjálfa innflytjendurna. Margir þeirra furða sig nefnilega á því að við tökum opnum örmum á móti mörgum löndum þeirra sem hvergi komast annars staðar að sökum skuggalegrar fortíðar. Við þyrftum mögulega að fylgja innflytjendunum eftir og sjá til þess að þeir fengju mannsæmandi laun og jafnvel menntun. Það getur ekki verið gott fyrir samfélagið.

Atvinnuleysið hefði líka í för með sér að tólf ára börn fengju ekki lengur vinnu í Krónunni og Bónus. Þunglynd börn og unglingar myndu neyðast til þess að fara heim og gera eitthvað annað en renna skinku gegnum strikamerkjalesara, eitthvað sem er orðið jafngildi þess að flaka fisk. Þau neyddust þá til að sinna einhverjum óþarfa áhugamálum og eins og alþjóð veit er það gjörsamlega gagnslaus iðja á þessum síðustu og hnattvæddu tímum. Það er enginn peningur í því.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 14.00**
*Hljómsveitin Hraun heldur tónleika í Sólheimakirkju. Tónlist sveitarinnar fjallar um mannlega bresti og sorgir, en einnig um vonina um betri tíma. Þá hefur það alltaf verið aðferð sveitarinnar að hefja tónleika sína á lágstemmdum nótum og smám saman keyra upp gleðina og láta birta yfir hjörtum viðstaddra. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir, en tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Menningarveislu Sólheima.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Stórtónleikar í Borgarneskirkju

Á morgun, sunnudag kl. 20.00, verða haldnir miklir tónleikar í Borgarneskirkju. Þau Þóra Einarsdóttir sópransöngkona, Björn Jónsson tenór og Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanóleikari leiða þar saman hesta sína, en öll eru þau búsett og starfa erlendis. Á efnisskrá tónleikanna eru sönglög, dúettar og píanóverk eftir Grieg, Schumann og R. Strauss. Þóra er afar reynd óperusöngkona og hefur sungið við óperur um víða veröld. Um þessar mundir syngur hún hluverk Pamínu í Töfraflautunni og Illíu í Idómeneó og hlutverk Kleópötru í óperunni Júlíus Sesar. Björn hefur sungið við Íslensku óperuna auk ópera í Svíþjóð, Ítalíu og Þýskalandi. Anna hefur komið fram sem píanóleikari í ýmsum löndum Evrópu og í Ameríku. Á Íslandi hefur hún leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og haldið einleikstónleika víða um land.



**BJÖRN, ÞÓRA OG ANNA ÁSLAUG** Víðförulir tónlistarmenn sem leiða saman hesta sína í Borgarneskirkju annað kvöld.

### > Ekki missa af…

Sýningu Guðrúnar Veru Hjartardóttur sem lýkur í dag í Gallerí Turpentine, Ingólfsstræti 5. Sýningin ber heitið Hamingjudagar og á henni er að finna skúlptúra eftir Guðrúnu Veru sem miðast jafnan við að áhorfandinn finni fyrir sjálfum sér. Skúlptúrar eins og Áhorfandi, Rætur og Beðið eftir meistaraverki hafa minnt margan manninn á eigin verðmæti eða fegurð. Í Hamingjudögum beinir listakonan hins vegar athyglinni að lægri þrepum manna og drepur á mannlegar fýsnir, svo sem græðgi eða ýmiss konar ofneyslu.



**GEFUR ÚT EIGIN LJÓÐABÆKUR** Þórdís Björndóttir gaf í vikunni út sína þriðju ljóðabók þrátt fyrir ungan aldur, en tvær þeirra hefur hún gefið út sjálf. Henni tekst í augnablikinu að lifa af listinni en segir að erfiðasti partur ritstarfanna sé að koma sér á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hark að vera ljóðskáld á Íslandi

**Þórdís Björnsdóttir hefur gefið út þriðju ljóðabók sína. Fyrsta skáldsaga hennar er svo væntanleg fyrir jólin.**

„Í bókinni er margt ósagt. Það er ýjað að mörgu og í ljóðunum er ákveðinn undirliggjandi óhugnaður. Nafn bókarinnar kemur úr þessum þætti hennar, þessari dulúð," segir Þórdís Björnsdóttir sem sendi í vikunni frá sér ljóðabókina Í felum bakvið gluggatjöldin. Þótt Þórdís sé ung að árum er þetta þriðja bók hennar, en hún hefur áður sent frá sér bækurnar Vera & Linus (2006) og Ást og appelsínur (2004) sem báðar hlutu lof gagnrýnenda.

„Fyrsta bókin mín var ljóðabálkur en í þessari nýju bók eru ljóðin sjálfstæð," segir Þórdís. „Keimlíkt andrúmsloft er það eina sem bindur þau saman, að öðru leyti er enginn þráður í gegnum bókina."

Fyrsta skáldsaga Þórdísar, Saga af bláu sumri, er auk þess væntanleg og kemur út fyrir næstu jól hjá bókaútgáfunni Bjarti. „Bókin fjallar um njósnir. Ung stúlka kemur í lítið þorp sem hún þekkir vel. Þar sér hún aðra stúlku sem hún verður hugfangin af. Hún fer að njósna um hana en þorir ekki að hitta hana. Svo færast njósnirnar í aukana eftir því sem líður á bókina."

Þórdís hefur skrifað ljóð og sögur frá unga aldri. Hún segir það hafa komið sér á óvart hversu mikil vinna fari í að koma sér á framfæri, en tvær bóka sinna hefur hún gefið út sjálf. „Að vera ljóðskáld á Íslandi er mikið hark, sérstaklega þegar kemur að því að kynna sig og koma sér á framfæri. Það kom mér á óvart. Ég er búin að ætla mér að verða rithöfundur síðan ég var krakki. Þá hélt maður að verkinu væri lokið þegar maður væri búinn að skrifa bókina. En það er í raun minnsta verkefnið, allt púlið er eftir þótt bókin sjálf sé tilbúin." Þórdísi hefur engu að síður tekist að lifa af ljóðlistinni, sem er hennar aðalstarf í augnablikinu. „Ég fékk ritlaun og er búin að nota þau núna yfir sumartímann. Annars er ég búin að vera í námi í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Það er auðvitað draumurinn að geta haldið áfram að lifa af ritstörfunum."

sigrunosk@frettabladid.is


Veislusetrið



Brúðkaupsveislur
Önnumst alla þætti veislunnar
Veisluþjónusta
Veislusalur
Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102

KRINGLU KRÁIN
Dans á Rósum
frá Vestmanneyjum
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
MR. SKALLAGRÍMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson
Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600

Þaulreyndir

Aðeins bestu fáanlegu hráefni eru notuð til matseldar á Vor og er öll matreiðsla í höndum þaulreyndra listakokka.



MÁN.–FIM. 9:30–22:00 | FÖS. 9:30–01:00 | LAU. 11:00–01:00 | SUN. 11:00–22:00
VOR | LAUGAVEGI 24 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 562 2322 | WWW.VOR.IS

## > TÍSKUFRÉTTIR



**Gwen Stefani** hefur kært verslanakeðjuna Forever 21 fyrir að stela hönnun hennar. Margir eru ósáttir við keðjuna en áður hefur Diane Von Furstenberg lagt fram kæru á hendur henni.

**Richard Nicoll**, Jens Laugesen og Sinha-Stanic voru valdir sem styrkhafar Fashion Forward-styrksins og munu sýna sumarlínur sínar fyrir 2008 á tískuvikunni í London í september.

**Tónlistarmaðurinn Prince** hefur komið öllum á óvart og sett á markað ilmvatn. Ilmurinn nefnist 3121 sem er númerið á húsinu hans í L.A. og einnig heiti nýjustu plötu hans.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Ótrúlega töff gull-bangsalyklakippu** frá Vivienne Westwood. Fæst í Kronkron.



**Fallega ljósgræna perlufesti** frá Dyrberg Kjern. Fæst í Rhodium.

OKKUR LANGAR Í ...



**Dásamlegan þrískiptan hring** frá Wouters & Hendrix. Fæst í Trilogiu.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Borghildur Gunnarsdóttir

# *Nýtískulegt hekl*

Hekl á hug minn allan þessa dagana. Mig dreymir um að hekla heilu flíkurnar í alls kyns litum. Veit ekki alveg hvaðan þessi áhugi á hekli kemur en ég hef alltaf verið mikið fyrir prjónaflíkur. Veit fátt huggulegra en að kúra mig í stórri prjónapeysu á veturna.

Sandra Backlund er dásamlegur tískuhönnuður sem einbeitir sér að prjónuðum og hekluðum flíkum. Hönnun hennar minnir helst á tryllta prjónaða skúlptúra sem er samt hægt að klæðast og eru ekkert nema dásemd á að líta. Einnig hefur hún heklað ótrúlega fallegar flíkur sem líkjast nærfötum og fá mig til þess að langa í heklað lífstykki. Veit ekki alveg við hvaða tilefni það myndi henta. Hönnun Söndru má skoða á heimasíðunni www.sandrabacklund.com en þar er hægt að skoða allar fyrri línur hennar.



Ekki er hægt að tala um hekl án þess að minnast á hana Björk okkar sem sést í litríkum hekl-tryllingi á flestum myndum tengdum Volta plötunni nýju. Einnig hefur hún verið mynduð í svipuðum tryllingi sem er eins og nútíma útgáfa af íslensku lopapeysunni, í gömlu sauðalitunum eins og á meðfylgjandi mynd. Í gjörningahópnum Icelandic Love Corporation eru heklmeistararnir á bak við flíkurnar en stúlkurnar í hópnum hafa sjálfar klæðst svipuðum flíkum á gjörningaviðburðum. Ég er alveg sannfærð um að heklið sé að fara að taka yfir heiminn í nútímastíl og legg af stað hið fyrsta í hannyrðabúð. Trúi ekki öðru en að þar finnist allt fyrir heklið.



**REGNSLÁ** Eflaust ekki erfitt að finna einhverja skemmtilega regnslá í fallegum litum og dressa hana aðeins upp. Úr vetrarlínu Marc By Marc Jacobs fyrir árið 2005.



**DÚNÚLPA** Skærbleik og flott og aðeins hrist upp í henni með belti um mittið. Marc By Marc Jacobs.



**LITRÍKT** Þykk kápa og stór trefill frá Marc By Marc Jacobs.



**SÓLGLERAUGU** Það gæti komið sól í útilegunni og þá er gaman að vera með töff sólgleraugu. Þessi eru úr Spúútnik.

# ÚTILEGU-TÖFFHEIT

Mikið hefur verið rætt um tísku í sambandi við tónlistarhátíðir eins og Glastonbury og Hróarskeldu en Kate Moss hefur sýnt okkur að vel er hægt að vera kúl í drullunni. Sama má segja um íslensku útilegurnar. Hlífðarfatnaður hefur sjaldan talist gríðarlega töff en það er þó vel hægt að vera flottur í útilegunum. Það er ekki verið að meina glerfínn í háhæluðum og með greiðslu heldur meira svona „camping chic" sem er orð sem vantar alveg í tískuumræðuna.

Ef skoðuð er Marc By Marc Jacobs-línan fyrir veturinn 2005 þá má sjá að Marc litli hittir naglann á höfuðið með sinni ást á fötum í mörgum lögum. Sem sagt úlpa yfir peysu, yfir peysu, yfir bol, yfir kjól og belti utan um allt saman. Þykkar sokkabuxur, ullarsokkar upp úr stígvélunum og jafnvel legghlífar yfir allt saman. Nokkrar ullarpeysur eru alveg málið, smart regnheldur jakki jafnvel dúnúlpa í trylltum lit, vindbuxur og svo bara klassísk gúmmístígvél eða túttur. Það er ekki seinna vænna að fara að velja fötin enda nálgast verslunarmannahelgin óðfluga. Og hvað er jú mikilvægara í útilegu en að vera „stylish"?- bor



**KÓSÍ** Stór og góð prjónapeysa frá Wood-wood. Fæst í Kronkron.



**LOPAPEYSA** Alvöru lopapeysa með klassísku mynstri frá Spúútnik.



**WOOD WOOD** Ótrúlega flott úlpa sem myndi henta vel í blauta útilegu. Fæst í Kronkron.



**VINDBUXUR** Eiginlega gamaldags krumpubuxur frá Adidas en örugglega dásamlega þægilegar í útilegu með gammósíum innan undir. Fást í Spúútnik.



**HLÝR OG GÓÐUR** Fallegur köflóttur risastór hálsklútur frá Henrik Vibskov. Fæst í Kronkron.



**HÚFA** Krúttleg og bleik og fæst í Spúútnik.



**VETTLINGAR** Ullarvettlingar eru nauðsynlegir í útileguna. Þessir fást í Álafossi.

**GAMMELDAGS** Alvöru ullarsokkar eru ómissandi í útileguna. Þessir fást í Álafossi.




ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

# HÆFILEIKAKEPPNI BANDARÍKJANNA

**AMERICA'S GOT TALENT**
**Í KVÖLD KL. 19:40**



skemmtilegri



AMERICA'S GOT TALENT - kl. 19:40



STELPURNAR - kl. 20:25



THE PRODUCERS - kl. 20:50

## > PALLI Á NASA

Plötusnúðatríóið Plugg´d og DJ Páll Óskar ætla að halda uppi stuðinu á Nasa í kvöld. Húsið opnar klukkan 23 með sýningu hjá eldgleypinum Simma Angel. Eftir það taka Plugg´d við stjórnartaumunum og DJ Páll Óskar lýkur síðan kvöldinu. Má búast við því að hann syngi nýjasta lag sitt, Allt fyrir ástina, sem hefur notið mikilla vinsælda að undanförnu. Miðaverð er þúsund krónur.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Raunveruleikaþáttur í lausu lofti

„Ég kom eiginlega alveg af fjöllum þegar ég las þetta í blöðunum um morguninn, hafði ekki hugmynd um að ég væri búinn að kaupa þennan þátt,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Eins kom fram í fjölmiðlum á miðvikudag er Emilía Björk Óskarsdóttir hætt í Nylon og er þegar hafin leit að arftaka hennar. Í fréttatilkynningu frá Einari Bárðarsyni, umboðsmanni sveitarinnar, stóð að tekist hefðu samningar við Stöð 2 og Sirkus um sýningar á raunveruleikaþætti um leitina. „Þetta kom okkur skemmtilega á óvart að við skyldum vera búnir að fá þennan þátt yfir til okkar. Ég hafði samband við Einar út af þessu og hann sagði mér að fjölmiðlar



**PÁLMI** Hafði ekki hugmynd um að hann hefði keypt sjónvarpsþáttinn um leitina að næstu Nylon-

hefðu rangtúlkað þetta en ég gat ekki betur séð en að þetta stæði í fréttatilkynningunni,“ bætir Pálmi við. Í seinni fréttatilkynningunni frá Einari sem var send út laust fyrir klukkan tíu kom fram að Skjár einn og Stöð 2 hefðu sýnt þættinum töluverðan áhuga. Sjónvarpsstjórinn vildi þó ekki gefa upp hvort Stöð 2 myndi kaupa þáttinn, sagði þetta allt vera á byrjendastigi.

Björn Þór Sigurðsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, tók í svipaðan streng og sagðist eingöngu vita af þessari hugmynd. „Við erum að velta þessu fyrir okkur en engin tilboð hafa þó verið gerð. Þetta er mjög spennandi fyrir okkur enda vorum við með fyrsta þáttinn um þær stelpur. Vandamálið er hins vegar að flestar sjónvarpsstöðvar hafa skipulagt haustið um þessar mundir. En við skoðum alltaf allt,“ segir Björn. -fgg



**EINAR** Sendi út tvær fréttatilkynningar, þá fyrri þar sem stóð að Stöð 2 og Sirkus hefðu keypt þáttinn en þá seinni að Skjár einn og Stöð 2 hefðu sýnt honum áhuga.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hinar ýmsu stjörnur fá að láta ljós sitt skína í næstu þáttaröð af The Apprentice sem verður tekin upp í Bandaríkjunum innan skamms. Sjónvarpsstöðin NBC hafði hætt við þáttaröðina vegna lélegs áhorfs en ákvað að endurlífga hana eftir að nýr stjórnandi tók við taumunum. Stjarnan sem ber sigur úr býtum fær ekki starf hjá **Donald Trump** en þess í stað verður ákveðin fjárhæð látin renna til góðgerðarmála. Ný þáttaröð er jafnframt í undirbúningi hjá NBC þar sem leitað verður að besta töframanninum. Töframennirnir **Criss Angel** og **Uri Geller** verða þar í dómarasætunum.








Bjarni sést hér ásamt eiginkonu sinni Helgu Sverrisdóttur og eftirmanni sínum Lárusi Welding. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Bjarni söng sitt síðasta fyrir

**Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, sló í gegn í eigin kveðjuhófi sem haldið var á Kjarvalsstöðum í fyrrakvöld þegar hann vatt sér upp á svið og söng nokkur lög með Stuðmönnum í tilefni dagsins.**

„Ég vildi syngja mitt síðasta með Glitni,“ segir Bjarni. Lagalistinn var úthugsaður og byrjaði á laginu Strax í dag sem hefst á orðunum: „Ég var með Bjarna á bjúkkanum í gær og er með Lalla á lettanum í dag.“ „Þessar línur þóttu okkur vel við hæfi,“ segir Bjarni og vísar með því í þá staðreynd að eftirmaður hans í starfi er Lárus Welding. „Svo fórum við í harðara rokk og tókum „the single hit wonder“ Born to be Wild með Steppenwolf. Ég hef stundum tekið það þegar er mikill gír í gangi. Næst kom Svarti Pétur ruddist inn í bankann sem er sígilt grínlag í bankaheiminum.“ Lagalistinn var ekki tæmdur því Bjarni var klappaður upp af samstarfsmönnum sínum og endaði á Frank Sinatra laginu My Way.

Bjarni gefur lítið út á að æfa slíka framkomu. „Nei, nei, það þýðir ekkert að vera að æfa allt. Ég hef nú sungið nokkrum sinnum með Stuðmönnum áður. Þetta er allt svo mikið tónlistarfólk sem er fljótt að taka upp hvers kyns tóna.“



Plötusnúðurinn Natalie mætti í kveðjuhófið og þeytti skífum af sinni alkunnu snilld.





Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.

Himinn og haf / SÍA

# Hörð barátta

Rappararnir Kanye West og 50 Cent munu heyja harða baráttu um efsta sæti plötulistanna þegar þeir gefa út næstu plötur sína sama daginn, þann 11. september.

West ætlaði upprunalega að gefa út sína þriðju plötu, Graduation, þann 21. ágúst, til að komast hjá því að berjast við plötu 50 Cent, Curtis. Sú plata átti að koma út í júní en var frestað til 4. september. Nú er búið að fresta enn enn á ný til 11. september og ákvað West þá að gefa sína plötu út á sama degi.

Búast má við hörðum slag um hylli tónlistarunnenda á útgáfudaginn og báðir eru rappararnir sannfærðir um að verða ofan á.



**KANYE WEST** Keppir við 50 Cent í haust.

# *Mel B. ætlar að giftast nýja kærastanum*

Kryddstúlkan Mel B er svo ánægð með nýja kærastann sinn að hún ætlar að giftast honum. Sá nýi heitir Stephen Belafonte og vinnur sem kvikmyndaframleiðandi. Þau hafa þekkst í sjö ár en hafa verið saman síðan Eddie Murphy sparkaði Mel B og neitaði að hann væri faðir barnsins sem hún gekk með. Dóttirin Angel Iris er orðin þriggja mánaða gömul og Mel virðist vera að reyna að gleyma Eddie: „Stephen er stóra ástin mín og ég ætla að giftast honum. Hann er líka miklu betri í rúminu en Eddie!“ segir kryddstúlkan.

Nýi maðurinn hefur gengið dótturinni í föðurstað, enda veitir ekki af þar eð Eddie Murphy hefur aldrei haft samband. „Stephen er himnasending. Eddie hefur nefnilega ekki látið í sér heyra síðan hún fæddist. Sem betur fer hefur Stephen verið mér stoð og stytta.“



**ÁSTFANGIN** Kryddstúlkan Mel B ætlar að giftast kærastanum sínum. Sá hefur gengið dóttur hennar í föðurstað eftir að Eddie Murphy yfirgaf hana.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Gestum var boðið upp á góðar veitingar í kveðjuhófi Bjarna. Meðal annars ávexti sem hægt var að húða í súkkulaðigosbrunni.

Bjarni sést hér á spjalli við Þorstein „í kók“ Jónsson, en sá síðarnefndi er núverandi stjórnarformaður Glitnis.



Bjarni fékk fremur óhefðbundna kveðjugjöf frá samtarfsmönnum sínum, kerru, skóflu, vinnugalla og tré. Hann var hæstánægður með gjöfina og sagði að þetta hefði verið einmitt það sem hann vantaði.





Lárus Welding er núverandi forstjóri Glitnis. Fyrsta lagið sem Bjarni söng með Stuðmönnum var Strax í dag sem hefst á orðunum „Ég var með Bjarna á bjúkkanum í gær og er með Lalla á lettanum í dag“.

# starfsfólk Glitnis

Framhaldið er enn óljóst hjá Bjarna hvað starfsvettvang en hann segist aðspurður efast um að hann muni sækja um stöðu í sveit Stuðmanna. „Það er ekki alltaf gott að blanda saman í miklum mæli atvinnu og áhugamáli. Á næstunni ætla ég bara að einbeita mér að því að njóta þessarar einstöku veðurblíðu eins og aðrir landsmenn,“ segir Bjarni og hefur enga trú á því að góðviðrisdögunum fari að fækka. „Þetta skiptir oft svona um hundadagana. Ég er bjartsýnismaður. Við erum að fara norður í land og gæfuhjólið hlýtur að fara að snúast norðanmönnum í vil.“Bjarni segist vissulega munu sakna þess að vinna hjá Glitni. „En ég vona að ég komi til með að eiga allt þetta góða fólk að vinum og kunningjum áfram. Það hafa myndast sterk tengsl á þessum áratug.“ Samstarfsmennirnir virðast að minnsta kosti þekkja sinn mann nokkuð vel því hann fékk að eigin sögn „einmitt það sem hann vantaði“ í kveðjugjöf. „Ég fékk ekki þetta hefðbundna málverk heldur kerru, vinnugalla, skóflu og tré. Þetta fer ég með í Skorradalinn á næstunni,“ segir Bjarni en þau hjónin eiga sumarbústað í dalnum. „Það fór aldrei svo að maður yrði ekki skilinn eftir með verkefni og verkfæri. Þetta var akkúrat það sem mig vantaði.“

sigrunosk@frettabladid.is







## SÖNG FJÖGUR LÖG

**Bjarni Ármannsson** söng fjögur lög í veislunni, Born to be Wild, Svarti Pétur, Strax í dag og My Way sem var uppklappslagið. Glitnisfólk kunni vel að meta söng forstjórans fyrrverandi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Nicole Kidman** er hörð í horn að taka og bjargaði lífi leikarans **Hughs Jackman** við tökur á myndinni Australia. Þau voru að leika í nætursenu og lágu bæði í bakpokum þegar Nicole sá allt í einu eitraðan sporðdreka skríða upp fótinn á Hugh. „Nicole sagði honum rólega að hreyfa sig ekki, beygði sig niður og sópaði sporðdrekanum ofan í hattinn sinn. Svo slepti honum úti í skógi,“ sagði vitni. „Ég myndi aldrei drepa dýr. Allar lífverur hafa sinn tilgang á jörðinni. En þessi átti ekki heima í svefnpokanum hans Hughs,“ sagði hún.



Nokkrir aðdáendur söngkonunnar **Amy Winehouse** segja hana hafa hrækt á þá á tónleikum sínum. Vitni segja hana hafa grátið á sviðinu, lamið sig í höfuðið með míkrófóninum og síðan hrækt á fjöldann. „Amy var pirruð á sjálfri sér. Hún var svolítið ryðguð eftir að hafa ekki farið á svið í langan tíma og gerði nokkur mistök sem fóru í taugarnar á henni,“ sagði talsmaður söngkonunnar.



Ekki er víst hvort **Joel Madden** sé faðir barnsins sem **Nicole Richie** gengur með undir belti. Reyndar hefur Nicole ekki ennþá staðfest óléttuna en það er önnur saga. „Nicole gekkst undir fullt af prófum. Hún fór í blóðprufu og þvagprufu sem staðfesti það að hún er ófrísk,“ sagði heimildarmaður sem ljóstraði því einnig upp að hún þyrfti að fara í faðernispróf seinna meir þar sem alls fjórir karlmenn voru í lífi hennar er hún varð ólétt.



Hin nýgiftu **Eva Longoria** og **Tony Parker** fóru víst ekki út úr hótelherberginu í brúðkaupsferðinni sinni. „Þetta var ótrúlega rómantískt, bara við tvö. Við vorum algjörlega ein og hittum engan í fjóra daga nema þegar þjónninn kom með mat handa okkur,“ sagði Eva. „Það var frábært að fá að vera hundrað prósent ein.“







Landið er fallegra á löglegum hraða

UMFERÐARSTOFA

Ferðamálastofa
www.ferdalag.is

# Cruise tekur upp í Þýskalandi



**Í HLUTVERKI STAUFFENBERGS** Tom Cruise við tökur á nýjustu mynd sinni, Valkyrie. NORDICPHOTOS/AFP

Tökur eru hafnar í Þýskalandi á nýjustu kvikmynd Tom Cruise, Valkyrie, þrátt fyrir að framleiðendunum hafi verið meinaður aðgangur að fyrirhuguðum tökustað í Berlín.

Í myndinni fer Cruise með hlutverk Claus von Stauffenberg sem var tekinn af lífi fyrir tilraun sína til að myrða Adolf Hitler. Orðrómur hefur verið uppi um að Cruise og félögum hafi verið meinaður aðgangur að tökustaðnum vegna aðildar leikarans að Vísindakirkjunni, sem þykir ekki vinsæl á meðal Þjóðverja. Hafa framleiðendur myndarinnar vísað þeim orðrómi til föðurhúsanna og segja ekkert hæft í honum.

Nafn myndarinnar, Valkyrie, er vísun í dulnefni áætlunarinnar sem gerð var um að ráða Hitler af dögum. Leikstjóri myndarinnar er Bryan Singer og auk Crusie fer Kenneth Branagh með stórt hlutverk í henni. „Það hefði aldrei gengið að taka myndina upp annars staðar en í Þýskalandi,“ sagði Singer. „Ég er mjög ánægður með að við fengum Tom Cruise til að leika Stauffenberg.“

# TÖFRANDI BÆJARSTEMNING

**Aðdáendur Harry Potter settu svip sinn á miðbæ Reykjavíkur í gær, þar sem þeir biðu þolinmóðir eftir því að koma höndum yfir eintak af síðustu bókinni í bókaflokknum um Harry Potter.**

Fyrir utan verslunina Nexus við Hverfisgötu hafði starfsfólk slegið upp tjöldum til að skýla hópnum fyrir rigningarúða. Um eiginlega röð var því ekki að ræða, en aðdáendur voru í staðinn númeraðir. Dagmar Ríkharðsdóttir var þar fremst í flokki, en hún kom sér fyrir klukkan 18 á fimmtudagskvöldi, vopnuð svefnpoka.

Hópurinn var sammála um að stemningin í röðinni væri aðaladdráttaraflið. „Þetta er líka síðasta tækifærið til að gera eitthvað svona, það er mjög ólíklegt að það gerist aftur að það byggist upp svona tíu ára stemning,“ sagði Ingibjörg Kristjánsdóttir.

Eftir stutta könnun kom í ljós að Halla Halldórsdóttir átti væntanlega metið í lestri á Harry Potter. „Ég held ég hafi lesið fyrstu bókina svona tuttugu sinnum. En svo fækkar skiptunum eftir því sem bækurnar verða lengri,“ sagði Halla.

Guðni Teitur Björgvinsson, fremsti maður í röðinni við verslun Máls og menningar á Laugavegi, tók sér stöðu um sexleytið í gærmorgun ásamt Tómasi Valgeirssyni. Guðni gerðist svo frægur að bera sigur úr býtum í keppni sem haldin var fyrir nokkrum árum, þar sem leitað var að tvífara Harry Potter. „Það var þegar ég hafði hár,“ sagði hann sposkur. Þeir Guðni og Tómas voru á sama máli um það að stemningin skipti öllu máli. „Þetta er svo mikið „the end of an era“ að maður verður einhvern veginn að tilheyra þessu á einn eða annan hátt,“ sagði Tómas.



**SÉRLEGUR AÐDÁANDI** Leó Bremond Óliverssyni svipaði mikið til galdrastráksins Harrys Potter, þar sem hann beið þolinmóður fyrir utan Mál og menningu. Hann hafði ekki lesið allar bækurnar, enda einungis átta ára gamall, en er sérlegur aðdáandi myndanna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





**STEMNINGIN AÐALATRIÐIÐ**

Aðdáendur fyrir utan Nexus á Hverfisgötu og Mál og menningu á Laugavegi voru á sama máli um að stemningin í röðinni væri aðaladdráttaraflið. Sumir mættu með stóla, en drengirnir fyrir framan Nexus höfðu gert sér sérstaka ferð í Góða hirðinn og fjárfest í sófa, svo vel færi um þá. Báðir hópar voru á því að um ákveðin tímamót væri að ræða með útkomu síðustu bókarinnar, enda markar hún endalok tíu ára útgáfutímabils.

Leó Bremond Óliverson hafði setið í röð í um klukkutíma, í fylgd stóru systur sinnar, Ölmu, þegar blaðamann bar að garði. Hann var sigurstranglegur í búningakeppninni sem Mál og menning stóð fyrir í gær, enda klæddur sem galdrastrákurinn sjálfur. Leó, sem er átta ára, var ekki búinn að lesa allar bækurnar. „En ég er búinn að sjá allar myndirnar, nema þessa síðustu,“ sagði Leó, sem kvaðst þó ætla að lesa síðustu bókina upp á eigin spýtur.

Leó fékk dálitla aðstoð við gerð búningsins. „Mamma mín er að vinna í búð sem heitir Kisan, og það er ein sem er að vinna með henni sem gerði þetta,“ útskýrði hann. Leó virtist ákveðinn í því að bíða fram á kvöld, þó að stóra systir hans tæki í aðeins annan streng. „Við erum ekki alveg viss,“ sagði Alma.

sunna@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!
NÝJASTA MEISTARAVERK QUENTIN TARANTINO'S
ÞESSAR 8 KONUR ERU UM ÞAÐ BIL AÐ HITTA 1 DJÖFULLEGAN MANN!
KURT RUSSELL
"DEATH PROOF"
"HELVÍTI FLOTTUR HOLLUSTUEIÐUR" - T.S.K - BLAÐIÐ
"GEGGJAÐUR STÍLL... STERK OG BRÁÐSKEMMTILEG ...BARA STUÐ!" - ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON, MANNLÍF
S.V. - MBL
16
Harry Potter and the Order of the Phoenix
LÚXUS
10
Evan ALMIGHTY
BYGGÐ Á SÖGU STEPHEN KING
1408
NÚ VERÐUR ALLT GEFIÐ Í BOTN
T4XI
DIE HARD 4.0
YIPPEE KI YAY

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 12 - 1 - 3 - 4 - 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER LÚXUS | kl. 12 - 3 - 6 - 9 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 12 - 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 2 - 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 12 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 2.45 - 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAXI 4 | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.40 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| 1408 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| 1408 | kl. 8 - 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 | 14 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is
Harry Potter and the Order of the Phoenix UPPREISNIN ER HAFIN
★★★★ MORGUNBLAÐIÐ
★★★★ RUV
★★★★ DV
Evan ALMIGHTY
Shrek the Third
SHREK, Fíóna, Stígvélaði kötturinn og Asninn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 1 - 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 4 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 1 - 3 - 4 - 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 2 - 4 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |
| PIRATES 3 | kl .8 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 6 | L |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | L |
| DIE HARD 4 | kl. 10 | 14 |

SPARBÍÓ 450kr
Á SÝNINGAR merktar með appelsínugulu

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
Nýasta meistaraverk Quentin Tarantino's
"DEATH PROOF"

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 4.50, 7.30 og 10-POWER | 16 |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2, 4 og 6 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10 | 14 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 2, 4 og 5.45 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 2 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
www.SAMbio.is SAMBÍÓIN
HARRY POTTER 5 KL. 1 Í ÁLFABAKKA, KL. 2 Á AKUREYRI OG Í KEFLAVÍK
SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 2 Í ÁLFABAKKA, KEFLAVÍK OG Á AKUREYRI
EVAN ALMIGHTY KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KL. 4 Í KEFLAVÍK

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
Evan ALMIGHTY
ATH. SÝND KL.2
Shrek hinn þriðji
ATH. SÝND KL.2
ATH. SÝND KL.2
Úti er Ævintýri
LAUGARÁSBÍÓ 450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

# Ungur og hæfileikaríkur hönnuður

**Það eru ekki allir fimmtán ára krakkar sem geta státað af því að hafa haldið heila tískusýningu en það mun Særós Mist Hrannarsdóttir gera í dag. Sýningin fer fram í Hinu húsinu og opnar húsið klukkan tvö.**



**SÆRÓS MIST HRANNARSDÓTTIR** Þessi unga dama hefur hannað tuttuguogeinn alklæðnað fyrir konur og sýnir þá í Hinu Húsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég hef verið að hanna og sauma tuttugu og eitt fatasett fyrir konur. Ég er ekkert menntuð en er bara að leika mér og finnst þetta ótrúlega gaman. Fötin eru mjög mismunandi, sum í prinsessustíl en önnur meira fáguð. Ég er svolítið fyrir svona rómantískan stíl,“ segir Særós Mist sem hefur verið búsett í Danmörku og útskrifaðist nýlega úr dönskum grunnskóla.

„Í haust mun ég svo fara í einskonar Lýðháskóla og læra hönnun. Það verður gott að taka pásu frá hinu venjulega skólaumhverfi og ég hlakka mjög til að læra það sem ég hef áhuga á,“ segir Særós sem segist ekki ennþá eiga sér neinn uppáhalds tískuhönnuð. „Ég er svolítið hrifin af íslenskri hönnun núna, til dæmis Nakta apanum. Ég er þó lítið fyrir að fylgja einhverjum tískureglum og hef alltaf lagt áherslu á að skapa minn eigin stíl, alveg frá því ég var lítil.“

Það er greinilega kraftur í þessari hæfileikaríku ungu dömu en sýnishorn af fötum hennar má sjá á hönnunarsíðu hennar www.myspace.com/saeros_design. Fötin verða sett í almenna sölu að sýningunni lokinni í versluninni Fígúru á Skólavörðustíg. Sýningin fer fram í kjallara Hins hússins, förðunarfyrirtækið Make Up Store sér um förðun á fyrirsætunum og eru að sjálfsögðu allir velkomnir.

hilda@frettabladid.is





**SÆRÓS DESIGN** Hönnun Særósar einkennist að hennar sögn af örlitlum prinsessustíl í bland við fágun og rómantík.

# Fagmannlega unnin rokkplata

Lada Sport er fjögurra manna sveit úr Hafnarfirði. Hún vakti fyrst athygli þegar hún lenti í öðru sæti á Músíktilraunum árið 2004. Í dag eru í sveitinni þeir Stefnir Gunnarsson söngvari og gítarleikari, Friðrik Sigurbjörn Friðriksson bassaleikari og Haraldur Leví Gunnarsson trommuleikari sem allir voru í Lödunni á Músíktilraunum og á EP-plötunni Personal Humor sem kom út sama ár, og svo Jón Þór Ólafsson söngvari og gítarleikari sem gekk til liðs við sveitina haustið 2005. Og nú er fyrsta plata sveitarinnar í fullri lengd komin út.

Það fyrsta sem maður tekur eftir þegar maður hlustar á Time and Time Again er hversu fagmannlega hún er unnin. Hljómurinn er þykkur og þéttur og útsetningarnar eru gerðar af kunnáttu. Tónlistin minnir mig stundum á þykkan hljóðvegginn hjá Muse, en einnig kemur Weezer upp í hugann. Nokkrir gestahljóðfæraleikarar koma við sögu; fiðlu- og sellóleikari, trompetleikari og bakraddasöngvarar auk Gísla Steins Péturssonar sem vinnur með gítarhljóminn í nokkrum lögum. Eins og áður segir eru útsetningarnar vel gerðar og þessi aukamannskapur kemur vel út og gerir hljóminn massífari. Axel Flex Árnason stjórnar upptökum ásamt hljómsveitarmeðlimum.

Það er mörg ágæt lög á Time and Time Again. Ég nefni fyrstu tvö lögin, Love Donors og The World Is A Place For Kids Going Far, lagið Trampoline, lokalagið Leví, It's Time To Wake Up og Holocaust sem er mitt uppáhaldslag á plötunni. Fín lög allt, en það sem þeim Lada Sport drengjum hefur samt ekki alveg tekist að mínu mati er að marka sér sérstöðu og gera tónlistina spennandi. Platan hljómar svolítið einsleit og of keimlík öðrum rokkplötum sem maður hefur heyrt í gegn um tíðina. Á heildina litið er Time and Time Again samt ágætis plata. Kostirnir eru fleiri en gallarnir.



**TÓNLIST**

**Time and Time Again**

Lada Sport

★★★

Þessi fyrsta plata Lödu Sport í fullri lengd er ekki fullkomin, en staðfestir að þetta er hljómsveit sem getur bæði samið, útsett og flutt góð rokklög.

**Trausti Júlíusson**




### > Besti dómarinn



Jóhannes Valgeirsson og Eyjólfur Kristinsson hljóta nafnbótina að þessu sinni. Jóhannes dæmdi í Keflavík en Eyjólfur í Laugardalnum.

### > Bestu ummælin



Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, var ósáttur með sína menn eftir 3-0 tap á heimavelli gegn Blikum. „Ég sé enga ljósa punkta í okkar liði. Boltastrákarnir voru bestu menn Fylkis í dag, og þeir voru fengnir með fimm mínútna fyrirvara.“

**sport**

sport@frettabladid.is

**10. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** SPENNAN Á TOPPNUM MAGNAST

## *Komin pressa á Íslandsmeistarana*

Valur var eina liðið af þremur toppliðunum sem vann sinn leik í umferðinni. FH gerði jafntefli gegn ÍA á heimavelli og nýttu Valsmenn sér það hliðarspor meistaranna til hins ítrasta. Með því að vinna Fram settu Hlíðarendapiltar sig í góð mál á meðan þeir bláklæddu í Safamýrinni verma nú næst neðsta sætið.

KR heldur áfram að þoka sér af botninum en þeir sóttu gott stig í greipar Keflvíkinga suður með sjó. KR hefur þó enn aðeins sex stig eftir tíu umferðir og falldraugurinn lifir enn góðu lífi. Hafa ber þó í huga að aðeins eitt lið fellur úr deildinni í ár.

Breiðablik gerði góða ferð í Lautina þar sem þeir tóku Fylkismenn í bakaríið. Þrjú mörk Blika gegn engu minnir enn á það sem margir eru sammála um, að Blikar eru með eitt skemmtilegasta liðið í deildinni.

HK og Víkingur sættust á eitt stig og bæði lið þurfa að passa sig ef ekki á illa að fara. Það er stutt niður í kjallarann en auðvitað er líka jafn langt upp í öruggt sæti.




### TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 20, Keflavík.
**Flest skot á mark:** 9, FH.
**Fæst skot:** 5, Fylkir.
**Besta skotnýting:** Breiðablik, 27,3%
**Hæsta meðale.:** Breiðablik, 6,83.
**Lægsta meðaleink.:** Fylkir, 4,23.
**Grófasta liðið:** ÍA, 23 brot.
**Prúðasta liðið:** Breiðablik, 7 brot.

**Fjöldi áhorfenda:** 7.491
Að meðaltali mættu tæplega 1500 manns á leikina fimm í tíundu umferðinni. Flestir mættu á leik Keflavíkur og KR, 2330 manns, en 2212 sá viðureign ÍA og FH á Skaganum. Fæstir lögðu leið sína í Kópavoginn á leik HK og Víkings, aðeins 725.



**HEIÐAR** Leikur sinn fyrsta leik fyrir Bolton á miðvikudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Sammy Lee, stjóri Bolton:

## Hrósar Heiðari í hástert

**FÓTBOLTI Sammy Lee, stjóri Bolton, hefur keypt fimm menn í sumar, Jlloyd Samuel, Gavin McCann, Danny Guthrie, Mikael Alonso og nú síðast Heiðar Helguson. Hann segist ætla að kaupa fleiri leikmenn í sumar en tekur jafnframt fram að hann muni ekki halda framherjanum Nicolas Anelka hjá félaginu, komi stórlið með tilboð í Frakkann.**

**Lee er ánægður með að hafa klófest Heiðar. „Ég er mjög hrifinn af Heiðari. Hann er mjög vinnusamur og skilur kröfur úrvalsdeildarinnar. Hann hefur mikla hæfileika og kemur með aukin gæði í sóknina okkar, sem verður lykilatriði fyrir okkur. Ég hef alltaf verið aðdáandi viðhorfs hans til leiksins og færni hans í að skora mikilvæg mörk,“ sagði Lee.** - hþh

# Núna er orðið gaman að mótinu

**Atli Sveinn Þórarinsson er leikmaður 10. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. „Þetta er bara í okkar höndum núna,“ segir hann um framhaldið, en hann var sem klettur í vörninni gegn Fram.**

**FÓTBOLTI** Atli Sveinn Þórarinsson batt vörn Vals vel saman í 2-0 sigurleiknum gegn Fram í vikunni. Með stigunum þremur munar aðeins tveimur stigum á Val og FH á toppi deildarinnar.

„Það var ánægjulegast að halda hreinu. Það er alltaf mikilvægt og gerir leikinn vitaskuld auðveldari. Það var kominn tími til að halda hreinu aftur, það var orðið of langt síðan síðast,“ sagði Atli en þetta var í annað skipti í sumar sem Valur heldur marki sínu hreinu. Hitt skiptið var í markalausum leik gegn Blikum 28. maí.

Atli hefur náð vel saman með hinum skoska Barry Smith í hjarta Valsvarnarinnar. „Það gengur mjög vel hjá okkur en það má ekki gleyma að við erum langt frá því að vera tveir í þessu. Við Barry tölum mikið saman, alltaf á ensku, en ég er fyrsti maðurinn til að viðurkenna að þetta er ekki allt eftir orðabókinni hjá mér. Þetta er svona íslensk-enska. Ég tala stundum í jördum en ekki metrum en yfirleitt gengur þetta klakklaust fyrir sig. Það næst varla orð á íslensku upp úr Barry enn þá,“ sagði Atli brosmildur.

Atli bendir á að Valur geti skákað FH í næstu umferð og komist á toppinn, í það minnsta í nokkra daga. „Við eigum leik nokkuð á undan FH og það væri gaman að komast á toppinn. Það er ekki langt síðan að tilkynnt var að þeir hefðu verið á toppnum í mörg ár. Það er þó bara ellefta umferð og mótið vinnst ekki þar. Við eigum erfiðan leik gegn Fylki en við ætlum okkur auðvitað efsta sætið,“ sagði Atli. FH hefur verið á toppi deildarinnar samfleytt í 54 umferðir.



**ÖFLUGUR Í LOFTINU** Atli Sveinn skallar boltann í leiknum gegn Fram, þar sem hann átti sannkallaðan stórleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Atli segir að samhugur ríki á Hlíðarenda um að velta FH-veldinu af stalli. „Já að sjálfsögðu, það kemur ekkert annað til greina. Við beitum samt bara alltaf gamla góða lögmálinu og tökum einn leik fyrir í einu. Mönnum hættir oft til að rýna of mikið í töfluna á þessu stigi. Núna er þetta bara í okkar höndum, það er ekkert flóknara en það. Það er vissulega bara jákvætt,“ sagði Atli Sveinn sem er á því að leikmannahópur Vals sé svipaður og hópur FH-inga.

„Leikmannahópurinn okkar er sterkur og breiður. Við erum til dæmis að fá Bjarna Ólaf inn en að missa Hafþór Ægi í meiðsli er slæmt. Síðustu sex, átta leikina á tveimur síðustu tímabilum höfum við rétt átt í sextán manna hóp en núna erum við með miklu fleiri menn. Það er gulls ígildi. Þetta þýðir meiri samkeppni og það er engum hollt að vera öruggur um sæti í byrjunarliðinu. Hjá FH hefur komið maður í manns stað undanfarin ár og árangurinn er eftir því,“ sagði Atli.

Það er enn mikið eftir af mótinu og eitt skref í einu er liður í uppbyggingunni sem nú á sér stað á Hlíðarenda. „Núna erum við með 21 stig og við verðum bara að sjá til, vonandi verða þau orðin 24 eftir næsta leik. Einhvern tímann voru Valsarar með 21 stig eftir fyrri umferðina en féllu svo. Það er ekkert öruggt í þessu móti,“ sagði Atli Sveinn Þórarinsson.

hjalti@frettabladid.is



**SVEINN ELÍAS** Hefur tekið miklum framförum á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sveinn Elías Elíassson:

## Bætti eigið met og varð tíundi

**FRJÁLSAR** Sveinn Elías Elíasson hlaut 7272 stig og hafnaði í 10. sæti í tugþrautarkeppni Evrópumóts 20 ára og yngri sem lauk í Hengelo í gær. Þetta er besti árangur sem Sveinn hefur náð frá upphafi og 102 stigum meira en hann náði á Norðurlandamótinu fyrir mánuði. Þess má geta að Norðurlandameistari 18-19 ára, Lars Vikan Rise, hafnaði í 12. sæti, 26 stigum á eftir Sveini. Það má því með sanni segja að Sveinn sé besti tugþrautarmaður Norðurlandanna í þessum aldursflokki.

Sveinn setti drengjamet í stangarstökki í gær þegar hann vippaði sér yfir 4,40 metra. Þjóðverjar röðuðu sér í þrjú af fimm efstu sætunum. Matthias Prey hlaut 7908 stig og varð Evrópumeistari. - vig

Það fellur ekkert með stelpunum í íslenska 19 ára landsliðinu á Evrópumótinu:

## Gaf gult en breytti því í rautt

**FÓTBOLTI** Íslenska 19 ára landsliðið tapaði 1-2 fyrir Danmörku á Kópavogsvelli í gær í öðrum leik sínum á Evrópumótinu. Íslenska liðið fékk á sig mark í upphafi og lok fyrri hálfleiks, missti fyrirliða sinn meiddan af velli í lok fyrri hálfleiks og þurfti síðan að spila manni færri síðasta hálftímann.

Ungverski dómarinn Katalin Kulcsár stal senunni í leiknum. Hún dæmdi kolrangt víti á íslenska liðið í lok fyrri hálfleiks og rak síðan Rakel Hönnudóttur að því virtist upp úr þurru. Kulcsár er aðeins þremur árum eldri en stelpurnar og langt frá því að ráða við verkefnið. Hún gaf Rakel fyrst gult spjald en eftir að hafa skoðað leikmanninn sem brotið var á gekk hún til íslenska leikmannsins og gaf henni rautt spjald þar sem leikmaðurinn sem hún sparkaði niður var alvarlega meiddur.

Stelpurnar gáfu danska liðinu hreinlega eitt mark í forgjöf því þær skoruðu sjálfsmark á 2. mínútu. Fyrirliðinn Guðrún Erla Hilmarsdóttir meiddist síðan illa þegar hún átti að hafa brotið á dönsku stelpunni innan vítateigs í lok fyrri hálfleiks. Emma Madsen skoraði úr vítinu með síðustu spyrnu fyrri hálfleiks.



**TVEGGJA MANNA MAKI** Sara Gunnarsdóttir hefur staðið sig vel á mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fanndís Friðriksdóttir skoraði langþráð íslenskt mark á 52. mínútu þegar lúmskt skot hennar fyrir utan teig smaug framhjá markverði danska liðsins. Eftir að íslenska liðið varð manni færri á 62. mínútu varð lokakaflinn mjög erfiður. Rakel var búin að vera einn besti maður íslenska liðsins. Stelpurnar gáfust þó ekki upp og fengu nokkur ágæt færi til þess að jafna leikinn.

Líkt og í fyrri leiknum var gaman að fylgjast með ótrúlegri vinnslu og yfirferð Söru Gunnarsdóttur sem er í afar krefjandi hlutverki í íslenska liðinu. Baráttan er til fyrirmyndar hjá liðinu en uppskeran ekki í samræmi við hana.

Íslenska liðið verður í neðsta sæti hvernig sem fer í lokaleiknum en þar mæta stelpurnar Þjóðverjum sem tryggðu sér sigur í riðlinum með 2-0 sigri á Noregi.

Það var ljóst að það þurfti allt að falla með liðinu ætluðu þær sér að ná eitthvað út úr sínum leikjum á þessu sterka móti og sú hefur svo sannarlega ekki verið raunin. Úrslit fyrsta leiksins gáfu ekki rétta mynd af leiknum og með eðlilegri dómgæslu áttu íslenska liðið að fá miklu meira út úr leiknum í gær. - óój

Opna breska meistaramótið:

## Garcia með tvö högg í forskot

**GOLF** Spánverjinn Sergio Garcia lék annan hringinn á opna breska meistaramótinu á pari og hefur tveggja högga forskot á hinn sjóðheita K.J. Choi þegar tveir hringir eru eftir.

Tiger Woods er hins vegar í vandræðum eftir gærdaginn en hann er orðinn sjö höggum á eftir Garcia eftir að hafa leikið á þremur höggum yfir pari í gær. - óój

Jeb Ivey kominn í nýtt félag:

## Samdi við þýskt úrvalsdeildarlið

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksmaðurinn Jeb Ivey hefur samið við þýska félagið Goettingen. Félagið er nýliði í úrvalsdeildinni þar í landi. Ivey hefur verið einn besti leikmaður landsins undanfarin ár en hann hafði þegar ákveðið að fara frá Njarðvík.

Ivey var stigahæsti leikmaður deildarmeistara Njarðvíkur á síðasta tímabili en hann skoraði 19,5 stig að meðaltali í leik. Hann var einnig stigahæsti leikmaður liðsins í úrslitakeppninni. - hþh



Auðvitað fær maður athygli enda ekki á hverjum degi sem von er á svona glaðningi
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST
VERÐ FRÁ 2.368 KR.
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
sýn2
enski boltinn

## > Heath Ledger

Heath er fæddur í Ástralíu árið 1979. Sautján ára ákvað hann að yfirgefa skólann og keyra ásamt vini sínum þvert yfir landið til Sydney í leit að leiktækifærum. Honum bauðst fljótlega hlutverk sem samkynhneigður hjólreiðamaður í þáttunum Sweat en þeir hættu stuttu síðar í framleiðslu. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og í dag er þessi ungi leikari hamingjusamur eiginmaður og faðir með Óskarsverðlaunatilnefningu í farteskinu. Heath leikur í A Knight's Tale í Sjónvarpinu kl. 20.55.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VORKENNIR EKKI RÍKUM KRÖKKUM

# *Fordekraðir krakkar í beljurekstri*



Enn ein lágkúran hefur ratað á skjáinn. Þar sem viljastyrkurinn hjá mér er enginn, hvorki gagnvart sælgæti né sjónvarpi, þá settist ég niður og horfði á þáttinn Filthy rich: Cattle drive á Sirkus í vikunni. Þetta er raunveruleikaþáttur í anda The Simple Life og fjallar um tíu börn þekktra eða ríkra foreldra sem taka þátt í beljurekstri um þúsund mílna leið í Colorado í Bandaríkjunum.

Krakkarnir (ef krakka skyldi kalla enda flestir á þrítugsaldri) eru fordekraðir og hafa aldrei komið nálægt drullu og skít. Stúlkurnar, sem vanar eru að versla Fred Segal og sóla sig á Malibu, mæta uppstrílaðar á háum hælum og skjóllitlum kjólum. Flestar hafa mestar áhyggjur af því hvort þær geti stungið hárblásaranum í samband.

Ríku og spilltu krakkarnir eru þó mismikið óþolandi. Courtney Semel stendur upp úr í fyrsta þættinum. Hún er dóttir forstjóra Yahoo Terry Semel og hrífst strax af slæma strák hópsins, Alex Quinn, syni Anthony Quinn sem lítur á sig sem rómanskan elskanda. Hugur hennar dreifist þó fljótlega þegar hún þarf að fara í gallabuxur og á hestbak.

Annar óþolandi mömmustrákur er Fabian Basabe, sonur athafnamanns frá Ekvador. Allt þykist hann vita best og hótar lögfræðingum og pabba sínum ef eitthvað bjátar á.

Frústrerun leiðsögumannanna er augljós. Þeir eru kúrekar af lífi og sál, víla ekki fyrir sér að sofa undir stjörnubjörtum himni og verða skítugir. Samskipti þessara ólíku hópa geta því sannarlega orðið áhugaverð og ekki ólíklegt að upp úr sjóði í næstu þáttum.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.05 Óráð** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50 The Producers** STÖÐ 2



▶ **20.00 Spanglish** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 The Virgin Suicides** SIRKUS



▶ **21.00 Stargate SG-1** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**

**08.01 Gurra grís**

**08.06 Lítil prinsessa**

**08.17 Halli og risaeðlufatan**

**08.29 Músahús Mikka**

**09.00 Opna breska meistaramótið í golfi** Bein útsending.

**11.50 Formúla 1 - Tímataka** Beint.

**13.15 Opna breska meistaramótið í golfi** Bein útsending.

**18.40 Táknmálsfréttir**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Lukkuriddarar** (3:13)

**20.05 Tímaflakk** (11:13)

**20.55 Riddarasaga** (A Knight's Tale) Bandarísk ævintýramynd frá 2001. Ungur piltur tekur sér nafn húsbónda síns sem fallinn er frá, fær rithöfundinn Chaucer til að falsa fyrir sig ættartölu sína og slær sjálfan sig til riddara. Meðal leikenda eru Heath Ledger, Rufus Sewel.

▶ **23.05 Óráð** (Gothika) Bandarísk spennumynd frá 2003. Geðlæknir rankar við sér sem sjúklingur á hælinu þar sem hún vann og man ekki af hverju hún er þar né hvað hún gerði af sér. Meðal leikenda eru Halle Berry, Robert Downey Jr. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.40 Skilyrðislaus ást** (Unconditional Love) Kona fer til London í jarðarför dægurlagasöngvara sem hún hefur dáð alla ævi. Meðal leikenda eru Kathy Bates. e.

**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 How to Kill Your Neighbor´s D**

**08.00 Meet the Fockers**

**10.00 Mean Girls**

**12.00 Spanglish**

**14.10 How to Kill Your Neighbor´s D**

**16.00 Meet the Fockers**

**18.00 Mean Girls**

▶ **20.00 Spanglish** Rómantísk og einkar ljúf gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Adam Sandler í aðalhlutverki.

**22.10 Paid in Full**

**00.00 Dickie Roberts: Former Child Star**

**02.00 Normal**

**04.00 Paid in Full**

## STÖÐ 2

**07.00 Véla Villi 07.10 Hlaupin 07.20 Hlaupin 07.30 Refurinn Pablo 07.35 Blanche 07.45 Dexter´s Laboratory 08.05 Kalli kanína og félagar 08.30 Ginger segir frá 08.55 Willoughby Drive 09.10 Bratz 09.30 Tutenstein 09.55 A.T-.O.M. 10.20 Herbie: Fully Loaded**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 So You Think You Can Dance** (10:23)

**16.00 Men In Trees** (5:17)

**17.00 Örlagadagurinn** (7:31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 How I Met Your Mothe**r (18:22)

**19.40 America´s Got Talent** (3:15) Stærsta hæfileikakeppni heims er hafin en keppt er um milljón dollara vinning og titilinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum en hæfileikarnir eru jafn misjafnir og keppendur eru margir. Þátturinn kemur úr smiðju Simons Cowell og í dómarasætinu sitja þau David Hasselhoff, Brandy og Piers Morgan.

**20.25 Stelpurnar** (9:24)

▶ **20.50 The Producers** Bráðfyndin gamanmynd með Nathan Lane, Matthew Broderick og Umu Thurman í aðalhlutverkum. Max Bialystock er er fyrrverandi stjarna á Broadway sem framleiddi ekkert nema snilldarverk en nú er sagan önnur. Allar sýningar sem hann reynir að setja upp kolfalla og hann er við það að gefast upp. Það er þar til endurskoðandinn kemur til hans með snilldarhugmynd sem getur varla brugðist. Aðalhlutverk: Matthew Broderick, Uma Thurman, Nathan Lane. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.05 Evil Alien Conquerors** Sprenghlægileg gamanmynd um illar geimverur sem þurfa að afhöfða alla jarðarbúa á aðeins tveimur dögum. Verkefnið reynist þeim erfiðara en þeir bjuggust við og afleiðingarnar eru bráðfyndnar. Aðalhlutverk: Diedrich Bader, Chris Parnell, Michael Weston. 2002. Bönnuð börnum.

**00.30 Artwork**

**02.00 Blind Date** (e)

**03.35 Below**

**05.20 Stelpurnar** (9:24)

**05.45 Fréttir**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**16.30 Skífulistinn**

**17.15 Smallville** (1:22) (e)

**18.00 Bestu Strákarnir** (12:50) (e)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Young, Sexy and.......** (4:9) (e)

**19.45 Party at the Palms** (10:12)

**20.15 Joan of Arcadia** (15:22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramaþættina.

**21.00 Live From Abbey Road** (12:12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru: Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon. Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.

▶ **22.00 The Virgin Suicides** (e) Aðalhlutverk: James Woods, Kathleen Turner, Kirsten Dunst. Leikstjóri: Sofia Coppola. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.35 Hidden Palms** (6:8) (e)

**00.20 Jake In Progress 2** (3:8) (e)

**00.45 George Lopez Show, The** (3:18) (e)

**01.10 Jake 2.0** (1:16) (e)

**01.55 Joan of Arcadia** (15:22) (e)

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.15 Vörutorg**

**11.15 Dr. Phil** (e)

**15.00 Backpackers** (e)

**15.30 Póstkort frá Arne Aarhus** (e)

**16.00 How Clean is Your House?** (e)

**16.30 Robin Hood** (e)

**17.20 World's Most Amazing Videos** (e)

**18.10 On the Lot** (e)

**19.10 Yes, Dear** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (17:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádramatísk.

▶ **21.00 Stargate SG-1** (11:22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum. Þetta er vísindaskáldskapur af bestu gerð og slíkir þættir eiga stóran áhorfendahóp. Aðalhlutverkið leikur Richard Dean Anderson sem eitt sinn lék aðalhlutverkið í þáttaröðinni MacGyver.

**21.50 High School Reunion** (2:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 gamlir skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þybbna klappstýran, slúðurskjóðan, balldrottningin, tíkin, feimna stelpan, bekkjartrúðurinn, íþróttakappinn, hrekkjalómurinn, lúðinn, kvennabósinn og einfarinn koma saman á ný. Framleiðandi þáttanna er Mike Fliess, sá sami og stendur á bak við The Bachelor.

**22.40 Hack** (17:18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg. Og eftir sem áður dansar hann á línunni.

**23.30 Nora Roberts Collection - Carolina Moon** (e)

**01.00 The L Word** (e)

**01.50 Angela's Eyes** (e)

**02.40 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.20 Vörutorg**

**05.20 Óstöðvandi tónlist**





Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með!
Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppinn er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

www.bylgjan.is – allar upplýsingar og hlustað í beinni

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40
### America's Got Talent

Stærsta hæfileikakeppni heims er hafin en keppt er um milljón dollara vinning og titilinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Þátturinn kemur úr smiðju Simons Cowell og í dómarasætinu sitja þau David Hasselhoff, söngkonan Brandy og Bretinn Piers Morgan.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### A Knight's Tale
### Sjónvarpið kl. 20.55

Bandarísk ævintýramynd frá 2001. Ungur piltur tekur sér nafn húsbónda síns sem fallinn er frá og fær rithöfundinn Chaucer til að falsa fyrir sig ættartölu sína. Hann slær sjálfan sig til riddara, tekur þátt í burtreiðum og verður ástfanginn. Leikstjóri er Brian Helgeland og meðal leikenda eru Heath Ledger, Rufus Sewell, Shannyn Sossamon og Paul Bettany.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Sólarglingur
**10.15** Grannar okkar
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Eyja ljóss og skugga: Jamaíka í sögu og samtíð
**17.05** Hvítu svingdívurnar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.00** Dragspilið dunar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**09.45 PGA Tour 2007 - Highlights** (John Deere Classic)
**10.40 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**11.10 Pro bull riding** (Las Vegas, NV - Mandalay Bay / Thomas & Mack, Part 1)
**12.05 World Supercross GP 2006-2007** (Qualcomm Stadium)
**13.00 Wimbledon** Útsending frá úrslitaleikjum í einliðaleik kvenna, tvíliðaleik karla og kvenna á Wimbledon-mótinu í tennis.
**15.00 Kraftasport - 2007**
**15.30 Copa America 2007** (Venezúela - Úrúgvæ)
**17.10 Sumarmótin 2007** (Símamótið)
**17.40 Birgir Leifur**
**18.10 Spænski bikarinn**(Getafe - Sevilla)
**20.00 Spænski boltinn** (Barcelona - Real Madrid)
**21.40 Ricky Hatton vs Jose Luis Cast**
**23.10 Box - Oscar De La Hoya vs. Floyd Mayweather**
**01.00 Box - Bernard Hopkins vs. Winky Wright** Bein útsending.

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Andy Pandy **6.35** Teletubbies **7.00** Top Gear Xtra **8.00** SAS Desert - Are You Tough Enough? **9.00** EastEnders **9.30** EastEnders **10.00** Mastermind **10.30** The Weakest Link **11.15** The Weakest Link **12.00** What not to Wear **12.30** What not to Wear **13.00** Tony and Giorgio **13.30** Worrall Thompson **14.00** The Life of Mammals **15.00** Wild New World **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Home From Home **17.30** A Year at Kew **18.00** Cash in the Attic **18.30** The Life Laundry **19.00** Death in Holy Orders **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Smoking Room **21.30** The Fast Show **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Death in Holy Orders **0.30** The Catherine Tate Show **1.00** The Smoking Room **1.30** The Fast Show **2.00** Wild New World **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**05:30** Gurli Gris **05:35** Noddy **05:50** Trolderi **06:15** Dyrenes ø **06:40** SommerSummarum **07:10** Dragejægerne **07:35** Yu-Gi-Oh! **07:55** Bernard **08:00** Hannah Montana **08:25** Rideklubben **08:50** Shin Chan **09:00** Sommertid **09:30** Nødhjælp **10:00** Livsfarlig svømning **10:25** Søren Ryge - Sommerhaven **10:55** Kaptajn og besætning byder velkommen **11:30** Forsvundne danskere **12:00** Smag på Danmark - med Meyer **12:30** Savannens lov **13:25** Under åben himmel **14:25** Nikolaj og Julie **15:10** Før søndagen **15:20** Held og Lotto **15:30** Johanne i Troldeskoven **16:00** Radiserne **16:30** TV Avisen med vejret **17:00** Det lille hus på prærien **17:50** Aftentour 2007 **18:15** Huset på Christianshavn **18:50** Den lyserøde Panter ta´r hævn **20:25** Inspector Morse **22:10** Speedway: Hold VM finale **23:40** On the Edge

## NRK 1

**6.05** Knekkebrødrene **6.15** I Mummidalen **6.40** Den Lille Havfruen **7.05** Energikampen 2006 **7.35** Jimmy Neutron **8.00** Totalt genialt! **8.25** Grønn glede **8.50** Jukeboks: Norge rundt **10.00** Jukeboks: Dansefot **11.00** Jukeboks: Du skal høre mye **12.00** Jukeboks: Norsk på norsk **13.20** Friidrett: Golden League fra Roma **15.30** Solens mat **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** I småkrypland **16.30** Eva og Adam **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** 'Allo, 'Allo! **18.05** Edel vare **19.05** Doc Martin **19.50** Fakta på lørdag: 51 Birch Street **21.15** Kveldsnytt **21.30** Skru'n som Beckham

## SVT 1

**7.15** Franklin **7.35** Katter - en dokusåpa **7.45** Så här går det till på Saltkråkan **8.15** Sagoträdet **8.30** Pi **8.45** Manáid-tv **9.00** Fieteri **9.20** Tur och retur **12.00** Packat & klart sommar **12.30** Sommartorpet **13.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.00** Tre kärlekar **14.55** Anslagstavlan **15.00** Allsång på Skansen **16.00** BoliBompa **16.05** Disneydags **17.00** Ebba och Didrik **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** Minnenas television **19.50** Romerska rikets uppgång och fall **20.45** Rapport **20.50** Jazzens stjärnor i Europa **22.20** Välkommen till Pleasantville **0.20** Sändningar från SVT24



## PERSÓNAN

*Sigurður Heiðar Wiium*



**Aldur:** 36 ára.
**Starf:** Yfirflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni.
**Fjölskylda:** Kvæntur Gerði Rós Ásgeirsdóttur, á fjögur börn.
**Foreldrar:** Sigurður Wiium endurskoðandi og Sólveig Traustadóttir sjúkraliði.
**Búseta:** Mosfellsbær.
**Stjörnumerki:** Það veit ég ekki. Mig minnir að það sé naut.

Sigurður Heiðar var flugstjóri TF-SIFJAR og neyddist sem kunnugt er til að nauðlenda björgunarþyrlunni á mánudagskvöld.

# Lagi Magna stolið frá Rás 2

„Fólk er orðið frekar tæknivætt þegar það er farið að gera svona hluti. Ég botna ekkert í þessu,“ segir Magni Ásgeirsson, en nýjasta lag hans, If I Promised You The World, er komið í dreifingu á netinu án hans samþykkis.

Erlendir aðdáendur Magna hafa beðið í ofvæni eftir fyrstu sólóplötu hans sem kemur út hérlendis og á iTunes í lok mánaðarins. Tókst einhverjum þeirra að stela nýja laginu af heimasíðu Rásar 2, þar sem það var frumflutt á dögunum. Einnig hafa hinir æstu aðdáendur tekið lög af MySpace-síðu Magna sem eiga að vera vernduð gegn þjófnaði.

Platan heitir einfaldlega Magni og segist rokkaranum ekki hafa dottið neitt skárra nafn í hug. „Af því að hún er á ensku en er gefin út á Íslandi og líka á iTunes þá er hún þannig séð gefin út alls staðar. Það var ekki hægt að láta hana heita íslensku nafni og ekki heldur ensku þannig að þetta er fín lausn.“

Magni, sem var upptekinn við sveitastörfin og ók traktor þegar Fréttablaðið ræddi við hann, segist vera mjög sáttur við plötuna. „Hún „sándar“ alveg frábærlega og ég er mjög hreykinn af útkomunni. Það gekk allt upp einhvern veginn en ég á eftir að sjá hana fullbúna. Vonandi hefur ekkert klúðrast.“ Magni, sem tók plötuna upp í Danmörku, gefur hana út sjálfur og segir það skipta miklu máli. „Þetta gefur manni fullkomið frelsi og það er enginn sem getur sagt þér að gera neitt. Þarna á maður líka allt sjálfur og enginn getur tekið neitt af þér. Maður stendur bara og fellur með þessu sjálfur.“

Útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar verða haldnir á Borgarfirði eystri, heimaslóðum Magna, þann 27. júlí næstkomandi. **- fb**



**MAGNI** Rokkarinn Magni er mjög sáttur við sína fyrstu sólóplötu.



**LÁRÉTT 2.** stertur **6.** skammstöfun **8.** skordýr **9.** dauði **11.** stöðug hreyfing **12.** jakki og pils **14.** krapi **16.** tveir eins **17.** þrí **18.** forsögn **20.** málmur **21.** bannhelgi.

**LÓÐRÉTT 1.** tel **3.** frá **4.** garðplöntutegund **5.** landspilda **7.** sjampó **10.** mál **13.** hola **15.** ökutæki **16.** kærleikur **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tagl, **6.** eh, **8.** fló, **9.** lát, **11.** ið, **12.** dragt, **14.** slabb, **16.** áá, **17.** trí, **18.** spá, **20.** ál, **21.** tabú.

**LÓÐRÉTT: 1.** held, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** lóð, **7.** hársápa, **10.** tal, **13.** gat, **15.** bíll, **16.** ást, **19.** áb.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Innflutt mat/drykkjarvara
2. Harry Potter and the deathly hallows
3. Bolton

## EIÐUR SMÁRI: BAUÐ SVEPPA OG AUDDA Í GLÆSILEGA SIGLINGU

# Skemmtu sér um borð í snekkju Romans Abramovich

Auðunn Blöndal og Sverrir Þór Sverrisson fóru ásamt unnustum sínum í heimsókn til góðvinar síns Eiðs Smára Guðjohnsen og eiginkonu hans Ragnhildar Sveinsdóttur á dögunum. Knattspyrnukappinn er nú að nýta síðustu dagana í sumarfríinu áður en kallað verður til æfinga hjá stórliði Barcelona og naut lífsins með góðvinum sínum.

Hersingin staldraði stutt við í höfuðborg Katalóníu og hélt í siglingu um höfin blá á glæsilegri snekkju. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ekki um að ræða neitt venjulegt bátskrifli heldur snekkju í eigu sjálfs Romans Abramovich, rússneska auðjöfursins og fyrrverandi yfirmanns Eiðs hjá Chelsea. Nutu vinirnir lífsins lystisemda um borð en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var allt starfsfólk snekkjunnar um borð og þjónustaði Íslendingana eftir bestu getu. Ekki fékkst gefið upp hvert ferðinni var nákvæmlega heitið en þeir Auðunn og Sverrir komu til landsins um síðustu helgi.

„Ég vil ekkert tjá mig um þetta mál. Núna er ég bara í langþráðu sumarfríi og er að æfa sveifluna á golfvellinum,“ segir Auðunn Blöndal, spurður um ferðina. Í sama streng tók Sverrir Þór Sverrison, hann vildi ekkert láta hafa eftir sér í samtali við blaðið en grínarinn góðkunni undirbýr nú barnaefni fyrir Stöð 2 af fullum krafti ásamt Vilhelm Antoni Jónssyni, Villa Naglbít.

Eiður Smári og Ragnhildur hafa þó greinilega skipulagt hið stutta sumarfrí atvinnumannsins vel en þau dvöldu hér á landi um tíma og héldu meðal annars óvænt upp á þrítugsafmæli Ragnheiðar með pompi og prakt. Nú stendur hins vegar til að stjörnurnar þyrpist á Camp Nou til æfinga þar sem Eiður berst um byrjunarliðssæti í Barcelona við bestu knattspyrnukappa heims.

**freygigja@frettabladid.is**



**GÓÐIR VINIR** Þeir Eiður Smári, Auðunn Blöndal og Sverrir Þór skelltu sér í siglingu á snekkju Romans, Pelorus. Fjölskyldurnar sneru svo til síns heima í síðustu viku.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsmaðurinn **Þorsteinn Hreggviðsson** er fluttur heim til Íslands eftir nokkurra ára búsetu í Danmörku. Þossi, eins og hann er jafnan kallaður, er útskrifaður margmiðlunarsérfræðingur og hefur þegar hafið störf hjá fyrirtækinu Betware. Ekki hefur frést af því að hann hyggi á endurkomu í íslenskt útvarp þó það sé vel mögulegt. Þossi sneri sem kunnugt er til baka á X-ið í fyrrasumar eftir margra ára útlegð.



Fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** og söngkonan **Birgitta Haukdal** virðast hafa svipaðan fatasmekk ef marka má kjólaval þeirra undanfarna daga. Unnur Birna mætti í bleikum, rauðum og appelsínugulum kjól með blómamynstri og silfurlitri pallíetturönd í brúðkaup Nylonstúlkunnar fyrrverandi **Emilíu Bjargar Óskarsdóttur** sem fram fór um síðastliðna helgi. Athygli vakti að Birgitta mætti í nákvæmlega eins kjól í kveðjuhóf **Bjarna Ármannssonar** í fyrradag þar sem hún kom fram með Stuðmönnum. Kjóllinn góði er úr versluninni Zöru en aðeins fimm eintök komu til landsins. Unnur Birna var þó ekki ein þeirra sem náðu að tryggja sér eintak því hún fékk víst kjólinn lánaðan hjá vinkonu sinni.

**- hdm/sók**






# Davíð Þór úr Gettu betur í guðfræði

Davíð Þór Jónsson hefur ákveðið að venda kvæði sín í kross. Hann mun ekki semja spurningar né dæma í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur á þessu ári heldur hyggst hann endurnýja kynnin við guðfræðideild Háskóla Íslands. „Í ljósi reynslunnar af því hvað þetta var mikil vinna og álag sá ég ekki fram á að geta unnið við Gettu betur með náminu,“ segir Davíð Þór þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann viðurkennir að það sé pínulítill beygur í honum að fara að setjast á skólabekk eftir langa fjarveru en um leið ákaflega spennandi. „Ég þarf að fara dusta rykið af ritningalestrinum og grísku sem ég hef ekki haldið við síðan ég hætti.“

Davíð sagði skilið við guðfræðina á sínum tíma vegna anna í skemmtanabransanum en segir hugann hafa stefnt í guðfræðina aftur. „Ég hætti síður en svo vegna áhugaleysis. Ég stóð frammi fyrir tveimur valmöguleikum og ákvað að velja skemmtanabransann vegna þess að það var tækifæri sem mér átti ekki eftir að bjóðast aftur,“ útskýrir Davíð en bætir því við að kannski hafi dæmið snúist við. „Núna veit ég hvað þessi bransi gengur út á og guðfræðin er orðin að gæsinni sem mig langar til að grípa.“

Dómarinn á þrjátíu einingar eftir í B.A. prófið og býst við að klára þær á einum vetri. Hvað framhaldið verður vildi hann ekki tjá sig um og gaf ekkert út á hvort kirkjan yrði hans næsti vinnustaður. „Ég ætla bara að sjá hvernig þetta gengur enda eiga langtímaplön oft til að breytast. Ég er meira fyrir að skipuleggja stutt fram í tímann.“ **- fgg**



**DAVÍÐ ÞÓR** Er hættur sem dómari í Gettu betur og hyggst setjast á skólabekk þegar hausta tekur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA
MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
SUMAR
Svali
SYKURSKERTUR
FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast
HOPPUKASTALI
&RISARENNIBRAUT
Íslensk tónlist - erlend tónlist
TÓNLIST
klassík - jazz - DVD tónlist
CD+DVD
KR. 499
KR. 699
KR. 699
KR. 699
KR. 699
KR. 799
KR. 999
KR. 899
KR. 799
KR. 899
KR. 699
KR. 699
KR. 699
KR. 699
KR. 899
KR. 899
KR. 899
KR. 899
CD+DVD
KR. 899
KR. 399
Þúsundir titla í boði
TÖLVULEIKIR
Leikir á allar leikjavélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo
BUZZorar fylgja
KR. 1299
KR. 1499
KR. 999
KR. 999
KR. 999
KR. 1999
DVD MYNDIR
KR. 899
HVER MYND
BOND allar eldri myndir
That 70's Show
Sería 1, 2, 3 og 4
KR. 1999
HVER SERÍA
24
Sería
1, 2, 3, 4 og 5
KR. 3499
HVER SERÍA
Nóg af bílastæðum
OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**




SAMSUNG
LCD & PLASMA SJÓNVÖRP
· Afburða tækni · Frábær hönnun
· Framúrskarandi myndgæði · Gott verð
ORMSSON
ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Vínverð*

Nokkur umræða hefur verið undanfarið um álagningu á léttvíni og bjór. Þeir sem kaupa sér slíkan vökva úr búð hér á landi eru neyddir til þess að greiða til ríkisins óheyrilega hátt hlutfall af söluverði vörunnar, allt upp í 90%, og eru röksemdirnar fyrir þessu einkum sagðar þær að með því að hafa verðið nógu hátt verði komið í veg fyrir að fólk fari illa út úr viðureigninni við Bakkus.

**ÞESSI** umræða er full af þversögnum. Fyrir það fyrsta blasir við að stefnan virðist ekki skila tilætluðum árangri, því þrátt fyrir hið himinháa áfengisverð hefur drykkjan beinlínis aukist. Reyndar þætti mér vænt um að vita, í þágu vísindanna, hvort í útreikningum um aukna áfengisneyslu sé gert ráð fyrir því að á síðustu árum hefur ferðamönnum fjölgað gríðarlega hingað til lands. Eins og menn vita eru þeir hreint ekki alltaf edrú frekar en innfæddir.

**Í ÖLLU FALLI** blasir við að eftirspurnin eftir guðaveigunum er slík að bæði Íslendingar sem og aðkomumenn virðast reiðubúnir að greiða fyrir þær uppsett verð, jafnvel þótt það sé það hæsta sem þekkist á byggðu bóli, og gildir þá einu hvort kaupendur fussi yfir verðinu eða hristi hausinn. Aurinn er framreiddur. Sjaldan hef ég í minni hundstíð komið til kvöldfagnaðar hér á landi án þess að þar sé allt fljótandi í áfengi. Hver einasta helgi í 101 Reykjavík er reglubundinn vitnisburður um það hversu átakanlega bitlaust það er sem vopn í viðureigninni við óhóflega áfengisneyslu að hafa verðið á víninu svona hátt. Ef fólk vill vín, fær það sér vín.

**ÞAÐ EINA** sem hátt áfengisverð gerir er að gera alkóhólista gjaldþrota. Mér finnst það í öllu falli ákaflega ósannfærandi, án þess að ég leggi til grundvallar neinar rannsóknir á því, að ætla sem svo að manneskja sem er háð áfengi muni hætta að drekka vegna þess að það sé svo dýrt. Ég myndi ætla að það væri beinlínis skilgreiningaratriði á sjúkdómnum að alkóhólistar setji vínið framar heimilisbókhaldinu.

**ÞÓ** ekki væri nema bara af þessum sökum er ríkisokrið á áfengi beinlínis ómannúðlegt. Færa má fyrir því rök að ríkið maki krókinn á áfengisvandræðum þegnanna og auki þar með eymd þeirra. Hvernig vandi þessa fólks er leystur með því að hafa vínið dýrt er vandséð, og dæmið verður enn vandséðara í tilviki þeirra alkóhólista sem eiga skítnóg af pening, en þeir eru líka til.

**STAÐA FÓLKS** sem ekki á í vandræðum er vitaskuld ekki síður umhugsunarverð. Tvö rauðvínsglös á dag eru beinlínis holl. Á bar kostar slíkt heilbrigði 1.600 krónur á dag. Það eru hvorki meira né minna en 584.000 krónur á ári. Það er álíka mikið og ársafborgun af nokkuð þokkalegri bifreið. Spurningin um bíl eða vín hefur þannig fengið nýja merkingu. Ekki er bara spurt hvort menn ætli að keyra eða drekka, heldur er önnur spurning beinlínis orðin viðeigandi í ljósi verðlagsins: Hvort er betra að kaupa sér, bíl eða rauðvín?


ÚTSALA
5. júlí - 29. júlí

© Inter IKEA Systems B.V. 2007



IKEA®

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga 10:00 - 18:00 | Sunnudaga 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is